


**skoðun 18**

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Jólakort




**Felur kökuna fyrir heimilisfólkinu**

*Mæðginin Deborah Leah Bergsson og Andrew Þórarinsson baka saman enska jólaköku.*

**allt 4**




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
11. nóvember 2011
264. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Kynna nýja titla**

*Fyrsta íslenska bókamessan haldin í Reykjavík um helgina.*

**tímamót 26**

**Samstillt hagstjórn**

*Viðskiptaráðherra boðar bætt vinnubrögð í hagstjórn með nýrri efnahagsáætlun.*

**föstudagsviðtalið 16**



**Óvæntir sigrar**

*Valur og Afturelding komu mörgum á óvart í N1-deild karla í gær.*

**sport 46**

## veðrið í dag




**HVESSIR Í KVÖLD** Í dag verða víða austan eða suðaustan 5-10 m/s en stífari S- og V-lands í kvöld. Víða væta en þurrt og bjart NA-til. Hiti 0-10 stig, svalast N-lands.

**VEÐUR 4**

# Auðlindir Reykjanesbæjar teknar upp í skattaskuld

**Ríkissjóður fær heimild til að kaupa jarðhitaauðlindir af Reykjanesbæ. Skuldajafnað á móti skattaskuld bæjarins. Væntanleg kaup sögð liður í viðleitni til að „vinda ofan af“ eignarhaldi Magma á HS Orku.**

**VIRKJANIR** Ríkissjóður fær heimild til að kaupa af Reykjanesbæ spildur úr jörðunum Kalmanstjörn og Junkaragerði á Reykjanesi samkvæmt fjáraukalögum. Jörðunum fylgja orkuauðlindir sem sjá Reykjanesvirkjun fyrir um helmingi þeirrar orku sem hún nýtir nú og ætluð er í fyrirhugaða stækkun.

Kaupin eru sögð liður í viðleitni ríkisstjórnarinnar til þess að vinda ofan af eignarhaldi kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy á HS Orku. Með kaupunum eignast ríkið allar þær auðlindir sem HS Orka nýtir í Reykjanesvirkjun. Fyrirtækið átti þó ekki orkulindirnar heldur leigði þær af Reykjanesbæ.

Kaupverðið er 1.230 milljarðar króna, en um 70 prósent þess, 900 milljónir króna, eru í formi niðurfellingar skuldar Reykjanesbæjar við ríkissjóð. Stærstur hluti kaupverðsins fer því í að borga upp skattaskuld bæjarfélagsins.

Björn Valur Gíslason, varaformaður fjárlaganefndar, segir kaupin setja Magma-málið í allt annað samhengi. „Það má líta á það þannig að við séum komin bakdyramegin inn aftur. Við erum aftur komin með tök á því máli, þó að það hafi þurft að gerast með þessum leiðinlega hætti fyrir íbúa Reykjanesbæjar. Skattaskuldum er létt af þeim en þeir missa þessar auðlindir,“ segir hann.

> Það má líta á það þannig að við séum komin bakdyramegin inn aftur.
>
> **BJÖRN VALUR GÍSLASON**
> FORMAÐUR FJÁRLAGANEFNDAR

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður VG, vildi ekki tjá sig beint um þessi kaup. „Almennt séð hjálpar allt sem lýtur að því að ná orkuauðlindum í almannaeign til þess að vinda ofan af einkavæðingunni. Það er jú yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar.“

Reykjanesvirkjun er nú 100 megavött og er áætlað að stækka hana um 40 til 50 megavött. Virkjunin hefur starfsleyfi fyrir allt að 180 MW. Skrifað verður undir kaupsamning í dag.

**- kóp**



**RANDVER BORGIÐ** Hinn 28 vetra Randver er þrautreyndur leikari. Til stóð að lóga honum en Jens Pétur Högnason hætti við þegar falast var eftir 15 hestum hans fyrir tökur á Game of Thrones. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

15 hross í Game of Thrones:

## Hestur með leikreynslu fær gálgafrest

**FÓLK** Hesturinn Randver, 28 vetra, bætir við sig einum vetrinum enn þótt eigandinn hafi ætlað að slá hann af. Það er víðtæk reynsla Randvers af leiklist sem verður honum nú til bjargar.

Jens Pétur Högnason hestabóndi sér tökuliði bandaríska sjónvarpsþáttarins Game of Thrones fyrir hestum þegar það kemur hingað til lands í lok nóvember. Fimmtán íslenskir hestar munu fara þar með hlutverk undir styrkri stjórn Jens Péturs og aðstoðarfólks hans.

Jens Pétur segir það vera mikið þolinmæðisverk að vera með hesta á tökustað og þeir þurfi að vera með gott geðslag. Randver hafi umtalsverða leikreynslu og hafi meðal annars staðið á sviði bæði í Borgarleikhúsinu og á Hótel Íslandi.

**- fgg/ sjá síðu 50**






Meirihluti stjórnar Samtaka atvinnulífsins vill ljúka aðildarviðræðum við ESB:

# „Engin lausn að hætta núna“

**EVRÓPUMÁL** Meirihluti stjórnar Samtaka atvinnulífsins samþykkti í gær ályktun um að samtökin vildu ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Samtökin voru nálægt klofningi fyrir þremur árum vegna deilna um hvort þau ættu að beita sér fyrir ESB-aðild.

Slíkt er ekki uppi á teningnum núna að sögn Vilmundar Jósefssonar, formanns SA, og Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra Landssambands útvegsmanna. Friðrik segir ekkert nýtt að stjórnarmenn hafi mismunandi afstöðu til málsins, en samþykktin breyti engu þar sem hún bindi ekki einstök aðildarsamtök eða fyrirtæki.

„Það er engin lausn að okkar mati að hætta núna og svo kæmi þetta bara upp aftur eftir einhver ár,“ segir Vilmundur. Hann segir SA lýðræðisleg samtök og minnihlutinn uni niðurstöðunni.

„Meirihlutinn var á því að klára þetta mál, klára það á þessum tíma og álykta með þessum hætti,“ segir Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verslunar og þjónustu.

**- þeb / sjá síðu 4**



**Á ÖNDVERÐUM MEIÐI** Friðrik J. Arngrímsson greiddi atkvæði gegn ályktuninni en Margrét Kristmannsdóttir og Vilmundur Jósefsson sögðu já. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## SPURNING DAGSINS



*„Ingimundur, þú ert sem sagt ekki kominn af léttasta skeiði?“*

„Alls ekki, ég er léttur á fæti og léttur í lund.“

Ingimundur Ingimundarson leikur handbolta með Fram og íslenska landsliðinu. Í viðtali í Fréttablaðinu í gær sagði hann að Guðmundur Þ. Guðmundsson landsliðsþjálfari hefði verið að tuða yfir því að hann væri orðinn of léttur eftir stífar æfingar síðustu mánuði.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, segir hlerunarbúnað ekki til hjá fyrirtækinu:

# Starfsmenn eiga ekki möguleiki á að hlera

**FJARSKIPTI** „Aðalatriðið í málinu er að það er enginn möguleiki fyrir starfsmenn Símans að hlera. Það er bara ekki hægt,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, spurður um viðbrögð fyrirtækisins við kvörtun þess efnis að tiltekinn starfsmaður þess hafi hlerað síma fyrrverandi maka síns í heimildarleysi.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú með höndum rannsókn á slíku máli og hvort viðbrögð Símans hafi verið fullnægjandi, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær.

Sævar Freyr segir erfitt að ræða þetta einstaka mál. Þó segir hann aðspurður að í ljósi þess að ekki sé til hlerunarbúnaður hjá Símanum og því ógerlegt fyrir starfsfólk að hlera símtöl hafi málið ekki verið kært til lögreglu né viðkomandi starfsmaður látinn hætta.

„Hlerunarbúnaðurinn er hjá lögreglu og þegar hleranir fara fram þarf aðstoð starfsmanna Símans til að tengja lögreglu við númerið sem þarf að hlera. Það er það eina sem starfsmenn geta gert hér,“ segir Sævar.

„Ég tek undir það sem Ásgeir Karlsson, yfirmaður greiningardeildar ríkislögreglustjóra, og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sögðu í Fréttablaðinu í gær að auka þarf eftirlit með hlerunum og tengiliðum lögreglu innan fjarskiptafyrirtækjanna. Slíkt myndi auðvelda fyrirtækjunum aðkomu að þessum viðkvæmu málum, sem mikilvægt er að unnin séu af öryggi af þeim starfsmönnum sem sinna þessu verkefni.“ - jss



**SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON** Tekur undir orð þeirra sem vilja auka eftirlit með hlerunum og tengiliðum lögreglu innan símfyrirtækjanna.

Leit við erfiðar aðstæður:

## Óttast um Svía á Sólheimajökli

**LÖGREGLUMÁL** Leit að 25 ára sænskum manni stóð fram á nótt í gær á Sólheimajökli.

Svíinn hringdi eftir aðstoð seint í fyrrakvöld og var þá villtur, kaldur og óttasleginn. Kvaðst hann hafa gengið í sex til átta tíma upp frá Skógum. Var því leitað að manninum á svæðinu við Fimmvörðuháls alla nóttina þar til síðdegis í gær að bílaleigubíll hans fannst við sporð Sólheimajökuls. Þar eru erfiðar sprungur í jöklinum og voru aðeins reyndustu leitarmenn sendir þangað í gærkvöld.

Maðurinn var ekki fundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld og ekki hafði náðst samband við hann aftur í síma. Hann hefur búið í Bretlandi frá árinu 1988. Hann kom til Íslands á mánudag og átti bókað flug aftur út í dag. - gar

Smyglmálið í Straumsvík:

## Amfetamínið vegur 9,9 kíló

**LÖGREGLUMÁL Magn fíkniefnanna sem lögregla lagði hald á í Straumsvík 10. október var 9,9 kíló af amfetamíni og 8.100 e-töflur. Þetta kemur fram í dómi Hæstaréttar, sem í gær staðfesti úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að annar hinna grunuðu í smyglmálinu skyldi sæta gæsluvarðhaldi til 6. desember. Maðurinn hefur játað aðild að málinu en ber því við að hann hafa talið að efnin væru sterar en ekki eiturlyf. Allt að tólf ára fangelsi liggur við því broti sem maðurinn er grunaður um.**

**Gæsluvarðhald yfir öðrum manni, sem talinn er hafa skipulagt innflutning efnanna, rennur út í dag en óskað verður eftir framlengingu á varðhaldi hans sömuleiðis.** - gar

# Alma kyrrsett í höfn og tryggingar krafist

**Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði og sveitarfélagið Hornafjörður krefjast 625 milljóna króna til að tryggja greiðslu á kostnaði og björgunarlaunum vegna flutningaskipsins Ölmu. Óþarft, segir umboðsaðili skipsins hér á landi.**

**BJÖRGUN** Sýslumaðurinn á Eskifirði féllst í gær á beiðni Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði og sveitarfélagsins Hornafjarðar um að flutningaskipið Alma, og farmurinn um borð, yrði kyrrsett í Fáskrúðsfjarðarhöfn. Fyrirtækið og sveitarfélagið fara fram á að trygging að upphæð 625 milljónir króna verði lögð fram til að kyrrsetningunni verði aflétt.

„Við fórum fram á kyrrsetningu vegna þess að það lagðist skip utan á Ölmu í gærkvöldi til að umskipa farminum. Þetta var nauðsynlegt til að tryggja kostnað og björgunarlaun,“ segir Gísli Jónatansson, framkvæmdastjóri Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði, um ástæður þess að farið var fram á kyrrsetningu flutningaskipsins. Aðspurður segir Gísli að farið hafi verið fram á 625 milljóna króna tryggingu. Hér vísar Gísli til þess að Green Lofoten, systurskip Ölmu, kom til Fáskrúðsfjarðar til að mögulegt væri að umskipa farmi til útflutnings. Slíkt er ekki leyfilegt á meðan kyrrsetningin er í gildi.

Umboðsaðili fyrir flutningaskipið hér á landi er flutningafyrirtækið Nesskip og þarf að leggja fram trygginguna til að aflétta kyrrsetningunni. Garðar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Nesskipa, segir að í sínum huga hafi aðgerðin verið með öllu óþörf. „Ég lít svo á að þeir séu að baktryggja sig í málinu.“

Í samtali við Fréttablaðið í gær, áður en kyrrsetningarbeiðnin hafði verið samþykkt af sýslumanninum á Eskifirði, sagði Garðar að ekkert væri vitað um hvenær yrði af umskipun á farmi Ölmu. Slíkt lægi ekki fyrir fyrr en búið væri að ganga frá málum vegna kostnaðar og hugsanlegra björgunarlauna vegna aðgerðarinnar.



**FLUTNINGASKIPIÐ ALMA Í TOGI** Myndin er tekin frá Hoffelli SU 80, sem dró skipið í land. Það var mál allra sem komu að aðgerðinni að hætta hefði verið töluverð, eins og alltaf við þessar aðstæður. MYND/GUNNAR HLYNUR ÓSKARSSON

Loðnuvinnslan er eigandi Hoffells SU 80, sem tók Ölmu í tog og dró flutningaskipið til hafnar um helgina. Alma missti stýrið við innsiglinguna við Höfn í Hornafirði þegar Björn Lóðs, dráttarbátur í eigu Hornfirðinga, var að aðstoða skipið út fyrir ós í Hornafirði á laugardag.

Spurður hvort upphæð tryggingarinnar gæfi hugmynd um hversu há björgunarlaun fyrirtækið og sveitarfélagið hygðust fara fram á, segir Gísli að slíkt sé samningsmál og reiknað út með hliðsjón af verðmæti skips og farms. Hann segir hins vegar að í sínum huga sé skýrt að um björgun var að ræða.

Alma er um hundrað metra langt flutningaskip í eigu félags frá Úkraínu og um borð eru tæplega þrjú þúsund tonn af frosnu sjávarfangi frá íslenskum og færeyskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Garðar segir óljóst hvort viðgerð á Ölmu verði gerð hér á landi eða hvort skipið verði dregið til viðgerðar í öðru landi.

svavar@frettabladid.is

## Matthías Á. Mathiesen látinn

Matthías Á. Mathiesen, fyrrverandi ráðherra og alþingismaður, lést í fyrradag, áttræður að aldri.



Matthías lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1957 og var kjörinn á þing 1959 fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann var þingmaður Reyknesinga til 1991.

Matthías var sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hafnarfjarðar 1958 til 1967. Hann rak málflutningsskrifstofu í Hafnarfirði 1967 til 1974 og síðan frá 1991.

Eftirlifandi eiginkona Matthíasar er Sigrún Þ. Mathiesen. Þau eignuðust þrjú börn: Árna Matthías, Halldóru og Þorgils Óttar.

## Hermann Fannar látinn

Hermann Fannar Valgarðsson er látinn, 31 árs að aldri. Hann fannst látinn í Hafnarfirði á þriðjudagskvöld og hafði orðið bráðkvaddur er hann var úti að hlaupa.



Hermann var annar eigenda Nýlenduvöruverzlunar Hemma og Valda á Laugavegi, kaffihússins Tíu dropa, ferðaþjónustufyrirtækisins Reykjavík Backpackers og tölvuþjónustufyrirtækisins Macland. Þá starfaði Hermann fyrir vefþjónustufyrirtækið Skapalón. Hann hafði einnig verið útvarpsmaður á X-inu 977 með hléum frá árinu 1998.

Hermann lætur eftir sig eiginkonu og fjögurra ára son.






Margdæmdur og óforbetranlegur barnaníðingur dæmdur fyrir brot gegn dreng:

# Sex og hálft ár fyrir gróft barnaníð

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertugur karlmaður hefur verið dæmdur í sex og hálfs árs fangelsi fyrir að misnota dreng gróflega frá því að hann var tíu ára og til fjórtán ára aldurs. Þá hafði hann í fórum sínum tæplega 1.800 ljósmyndir sem sýndu barnaníð og fjölda hreyfimynda.

Maðurinn hefur áður verið dæmdur í árs fangelsi fyrir að misnota tvo drengi, tvisvar hlotið dóm fyrir að hafa klámfengið myndefni af börnum í sinni vörslu og í þriðja skiptið þurft að greiða sekt fyrir sams konar athæfi.

Maðurinn var fundinn sekur um að hafa í tugi skipta fróað drengnum og haft við hann munnmök. Gegn neitun sinni var hann sýknaður af því að hafa haft endaþarmsmök við drenginn í fjögur eða fimm skipti.

Drengurinn var tengdur sambýlismanni hins dæmda, og því reglulega inni á heimili hans. Hinn dæmdi gekkst við brotunum að hluta en sagði þau gjarnan hafa verið að frumkvæði drengsins, sem hefði virst njóta þeirra.

Segir í dómnum að sakaferill mannsins sé varðaður brotum sem beri þess skýran vott að hann sé haldinn alvarlegri og fastmótaðri barnahneigð.

Frásögn hans af því að drengurinn hafi notið brotanna veki óhug. „Verður ekki fram hjá því litið að ungum drengjum stafar mikil hætta af ákærða eins og dæmin sanna.“ Ákærði eigi sér engar málsbætur og ítrekaðar refsingar hafi verið árangurslausar. „Hann hefur hafist handa við fyrri iðju eins og ráða má af því að hann rýfur tvívegis reynslulausn sem hann hefur fengið og heldur áfram á sömu braut og lætur sér ekki segjast.“ - sh

### Rændi drenginn fjórum árum af æskunni

Skólaganga drengsins hefur verið í molum vegna brotanna, að því er segir í greiningum sálfræðinga. Minningar um ofbeldið sæki stöðugt á hann, hann upplifi martraðir á nánast hverri nóttu og eigi erfitt með að vera einn. Hann hafi verið haldinn miklum kvíða og þunglyndiseinkennum og verið tilfinningalega dofinn. Þetta megi rekja til áfalls sem valdið hafi óttaviðbrögðum, hjálparleysi og hryllingi. „Því megi segja að ákærði hafi með brotum sínum rænt brotaþola fjórum árum af æsku sinni í bókstaflegri merkingu.“

Í DAG KL. 11:11

# REEBOK FITNESS LÍKAMSRÆKT OPNAR Í HOLTAGÖRÐUM

Dagurinn er runninn upp og troðfull dagskrá kemur okkur af stað í ræktinni. Nú leyfum við heilsunni að taka völdin!

## Dagskrá

**11:11 - 13:00** Hádegisfjör með kennurum **Reebok Fitness**

**12:00 - 19:00** Einkaþjálfarar **Reebok Fitness** bjóða fría fitumælingu, blóðþrýstingsmælingu og létta ráðgjöf

**17:00 - 19:00** 100 hjóla hjólatími **„Síðasti maður á hjólum"**

**19:00 - 20:00** Danspartý með **Þóru Rós**

**Dj B Ruff** og **Dj Magic** spila í tækjasal og sjá um að halda liðinu sveittu!

Á laugardaginn verður dagskráin ekki síðri. Við kynnum Fótbolta Fitness og bjóðum einnig hefðbundna tíma samkvæmt tímatöflu **Reebok Fitness**. Allar nánari upplýsingar er að finna á **reebokfitness.is**

## 100 hjóla hjólatími
## Heldur þú það út?

**Dj BMW** og allir kennarar **Reebok Fitness** sjá um tímann þegar **„Síðasti maður á hjólum"** keppnin fer fram. Allir sem hjóla til kl. 19 komast í pott og geta unnið **Reebok ZigTech** æfingaskó eða æfingatösku.

# 2.990 /MÁN
# ENGIN BINDING!

**reebokfitness.is**

**Reebok FITNESS**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**GENGIÐ 10.11.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,53 | 117,09 |
| Sterlingspund | 185,50 | 186,40 |
| Evra | 157,95 | 158,83 |
| Dönsk króna | 21,220 | 21,344 |
| Norsk króna | 20,383 | 20,503 |
| Sænsk króna | 17,436 | 17,538 |
| Japanskt jen | 1,5000 | 1,5088 |
| SDR | 182,40 | 183,48 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,2409

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur sýknar þrjá bæjarfulltrúa í meiðyrðamáli dóttur fyrrverandi bæjarstjóra í Kópavogi:

# Óljóst fyrir hvaða verk bærinn borgaði

**DÓMSTÓLAR** Þrír bæjarfulltrúar Samfylkingar og VG í Kópavogi voru í gær sýknaðir í Hæstarétti í meiðyrðamáli Frjálsrar miðlunar gegn þeim.

Frjáls miðlun ehf., sem er í eigu dóttur og tengdasonar Gunnars I. Birgissonar, fyrrverandi bæjarstjóra, stefndi Guðríði Arnardóttur, Hafsteini Karlssyni og Ólafi Þór Gunnarssyni vegna ummæla þremenninganna í grein í Morgunblaðinu í júní 2009. Þar fjölluðu bæjarfulltrúarnir um viðskipti Frjálsrar miðlunar við Kópavogsbæ í kjölfar skýrslu


GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR


HAFSTEINN KARLSSON


ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

Deloitte um viðskipti bæjarins við Frjálsa miðlun.

Kröfðust Brynhildur Gunnarsdóttir og Guðjón Gísli Guðmundsson í Frjálsri miðlun þess að dæmd yrðu ómerk ummæli um að Frjáls miðlun hefði fengið greitt fyrir óunnin og hálfkláruð verk og fengið greitt oftar en einu sinni fyrir sama verk. Guðríði Arnardóttur einni var líka stefnt vegna ummæla í Fréttablaðinu í júní 2009 um að hægt væri að vísa málinu í opinbera rannsókn og óska eftir ákæru frá ríkissaksóknara.

Hæstiréttur segir að ekki hafi fengist fullnægjandi skýringar á því hvað hafi komið frá Frjálsri miðlun í staðinn fyrir greiðslur frá bænum. Öllum sé heimilt að kæra ætlaða refsiverða háttsemi nema fyrirmæli um þagnarskyldu standi í vegi fyrir því. Nægilegt tilefni hafi verið fyrir bæjarfulltrúana að viðhafa þau ummæli sem krafist var ómerkingar á. - gar

Áfrýjar ekki vegna víxilskuldar:

## Fellst á greiðslu 150 milljóna

**DÓMSMÁL** Þorsteinn M. Jónsson, fyrrverandi eigandi Vífilfells, hætti við áfrýjun á máli gegn Landsbankanum vegna sjálfsábyrgðar á víxli sem hann hafði skrifað undir.


ÞORSTEINN JÓNSSON

Héraðsdómur Reykjavíkur hafði dæmt Þorstein til þess að greiða 150 milljónir króna vegna málsins. Hann skaut málinu til Hæstaréttar 18. mars síðastliðinn en tveimur dögum fyrir málflutning í Hæstarétti óskaði hann eftir því að málið yrði látið niður falla. Héraðsdómur stendur því og Þorsteinn mun þurfa að greiða Landsbankanum 150 milljónir króna með vöxtum. - jhh

Halla lætur af formennsku:

## Auður Capital kaupir Tinda

**VIÐSKIPTI** Fjármálafyrirtækið Auður Capital hefur yfirtekið Tinda verðbréf. Verður starfsemi fyrirtækjanna sameinuð undir merkjum Auðar Capital.

Í tilkynningu frá Auði Capital segir að með kaupunum muni verðbréfamiðlun bætast við núverandi þjónustuframboð fyrirtækisins. Þá styrkist fyrirtækjaráðgjafarþjónusta þess.

Samhliða kaupunum mun Vilhjálmur Þorsteinsson taka við af Höllu Tómasdóttur sem stjórnarformaður Auðar Capital. Halla hefur verið stjórnarformaður frá stofnun en hún mun áfram sinna fjárfestingartengdum verkefnum og sitja í stjórnum fyrir hönd félagsins. - mþl

# Stjórnarmenn vildu fresta ESB-ályktun

**Samtök atvinnulífsins vilja að aðildarviðræður að Evrópusambandinu verði kláraðar. Mörg sjónarmið voru á lofti á stjórnarfundi í gær og vildu nokkrir stjórnarmenn fresta atkvæðagreiðslu fram yfir landsfund Sjálfstæðisflokksins.**

**EVRÓPUMÁL** Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að aðildarumsókn að Evrópusambandinu verði dregin til baka og aðildarviðræðum slitið. Þau telja að aðeins eigi viðræðurnar til lykta og leggja samning fyrir þjóðina. Meirihluti stjórnar samtakanna samþykkti þetta á átakafundi í gær. Tíu stjórnarmenn kusu með tillögunni en sex gegn henni. Tveir sátu hjá og þrír voru fjarverandi.

„Það eru deildar meiningar um þetta eins og margt annað en Samtök atvinnulífsins eru lýðræðisleg samtök þannig að þetta var ákveðið með þessum meirihluta og þeir sem urðu undir í þessu lúta þessari niðurstöðu," segir Vilmundur Jósefsson, formaður SA. „Það er engin lausn að okkar mati að hætta núna og svo kæmi málið bara aftur upp eftir einhver ár." Hann segist ekki hafa neina ástæðu til að ætla að málið valdi klofningi í samtökunum nú. Fyrir þremur árum ákváðu samtökin að það ætti ekki fyrir aðild að Evrópusambandinu. Það var gert vegna hættu á klofningi, en Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) hótaði þá úrsögn ef samtökunum yrði beitt fyrir aðild.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, tekur undir að ekki sé hætta á klofningi, þar sem þessi ályktun bindi ekki einstök aðildarsamtök eða fyrirtæki varðandi afstöðu til aðildar eða umsóknarferlisins. „Atkvæðagreiðslan breytir því ekki að Samtök atvinnulífsins þurfa að gæta hagsmuna allra félagsmanna og þar er enginn rétthærri en annar."

**Svona skiptust atkvæðin:**

| | | |
|---|---|---|
| Vilmundur Jósefsson, formaður | Samtök atvinnulífsins | Já |
| Helgi Magnússon | Samtök iðnaðarins | Já |
| Hjörleifur Pálsson | Össur hf. | Já |
| Aðalheiður Héðinsdóttir | Kaffitár | Já |
| Loftur Árnason | Ístak hf. | Já |
| Grímur Sæmundsen, varaformaður | Bláa lónið hf. | Já |
| Árni Gunnarsson | Flugfélag Íslands hf. | Já |
| Finnur Árnason | Hagar hf. | Já |
| Margrét Kristmannsdóttir | PFAFF hf. | Já |
| Kristín Pétursdóttir | Auður Capital hf. | Já |
| Adolf Guðmundsson | Gullberg ehf. | Nei |
| Friðrik Jón Arngrímsson | LÍÚ | Nei |
| Arnar Sigurmundsson | Samtök fiskvinnslustöðva | Nei |
| Guðmundur H. Jónsson | Norvik hf. | Nei |
| Hermann Guðmundsson | N1 hf. | Nei |
| Sigríður Margrét Oddsdóttir | Já upplýsingaveitur ehf. | Nei |
| Sigurður Viðarsson | Tryggingamiðstöðin hf. | Sat hjá |
| Tryggvi Þór Haraldsson | RARIK ohf. | Sat hjá |
| Birna Einarsdóttir | Íslandsbanki h f. | Fjarverandi |
| Ólafur Rögnvaldsson | Hraðfrystihús Hellissands hf. | Fjarverandi |
| Rannveig RIst | Alcan á Íslandi hf. | Fjarverandi |

■ Landssamband íslenskra útvegsmanna ■ Samorka ■ Samtök ferðaþjónustunnar ■ Samtök fiskvinnslustöðva ● Samtök fjármálafyrirtækja ● Samtök iðnaðarins ● Samtök verslunar og þjónustu

Meðal þess sem rætt var á fundinum var að fresta kosningu um tillöguna þar til eftir landsfund Sjálfstæðisflokksins, sem hefst eftir rúma viku. Friðrik vildi ekki ræða það við Fréttablaðið.

Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, segir að mörg sjónarmið hafi verið á lofti á fundinum. Ef fresta hefði átt afgreiðslunni væri þó aldrei að vita hvenær málið hefði verið tekið fyrir.

„Tímapunkturinn er sá að stjórnin hittist bara fjórum sinnum á ári. Samtök atvinnulífsins eiga ekki að hafa skoðun eða álykta með og á móti eftir því hvenær stjórnmálaöfl í landinu halda landsfundi. Við erum ekki deild í einum flokki, við erum bara að vinna að hagsmunum atvinnulífsins. Hvort að á þeim tíma séu landsfundir eftir viku eða á næsta ári, það á bara ekki að hafa áhrif á okkar afstöðu."

Hún segir það hagsmuni atvinnulífsins að skoða alla kosti, þar á meðal Evrópusambandið. „Hver sá kostur er vitum við aldrei nema við klárum þetta ferli." Ekki eigi að taka valkostinn af félagsmönnum SA. „Nú eru áhrifamikil öfl að álykta að draga eigi umsóknina til baka. Þá verður atvinnulífið að bregðast við og gæta hagsmuna sinna félaga," segir Margrét.

thorunn@frettabladid.is

Átján ára viðræðum lokið:

## Rússland loks aðili að WTO

**ALÞJÓÐAMÁL** Rússland verður aðili að Alþjóðaviðskiptastofnunni (WTO) á ráðherrafundi aðildarlandanna í desember gangi eftir samkomulag sem náðist í Genf í gær. Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra hefur stýrt viðræðunum um aðild Rússa síðustu árin en alls hefur verið unnið að málinu í átján ár.


STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON

Aðild Rússa að WTO opnar þeim markaði í löndum stofnunarinnar, sem fyrir sitt leyti fá aðgang að mörkuðum í Rússlandi. Pascal Lamy, forstjóri WTO, segir báða aðila hagnast á samkomulaginu. Maxim Medvekov, aðalsamningamaður Rússa, segir ánægjulegt að 18 ára streði sé lokið. „Þetta eru góð tíðindi á þessum erfiðu tímum í efnahagslífinu," segir Stefán Haukur. - gar

Norðmenn ósáttir við EES:

## Vilja frekar tvíhliða samning

**NOREGUR** Rúmlega helmingur Norðmanna myndi vilja að Noregur segði skilið við Evrópska efnahagssvæðið, að því tilskildu reyndar að í staðinn fengist viðunandi tvíhliða fríverslunarsamningur við ESB.

Einn af hverjum fimm myndi þó vilja halda í samninginn um EES, jafnvel þótt tvíhliða samningur væri í boði. Þetta eru niðurstöður skoðanakönnunar, sem samtök norskra ESB-andstæðinga, Nei til EU, létu gera. - gb




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**KÖFLÓTT OG MILT**
Besta veðrið um helgina verður norðanlands, þar sem vindur verður yfirleitt hægur og nokkuð bjart. Sunnan heiða verður áfram nokkuð vætusamt en dregur verulega úr vindi og vætu á sunnudag. Áfram milt í veðri.



Á MORGUN
5-10 m/s, hvassara syðst.

SUNNUDAGUR
Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | XX° |
| Basel | XX° |
| Berlín | XX° |
| Billund | XX° |
| Frankfurt | XX° |
| Friedrichshafen | XX° |
| Gautaborg | XX° |
| Kaupmannahöfn | XX° |
| Las Palmas | XX° |
| London | XX° |
| Mallorca | XX° |
| New York | XX° |
| Orlando | XX° |
| Ósló | XX° |
| París | XX° |
| San Francisco | XX° |
| Stokkhólmur | XX° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




# OFNGRILLAÐUR LAX MEÐ BASIL SÓSU OG TÓMATSALSA fyrir 4

*að hætti Rikku*

4 laxasneiðar
2 msk ólífuolía
2 msk límónusafi
2 hvítlauksrif, pressuð
1/2 tsk kóríanderduft
4 plómutómatar, saxaðir
1/2 rauðlaukur, saxaður
2 msk ólífuolía
1 msk límónusafi
salt og nýmalaður pipar

Stillið ofninn á grill og leggið laxinn á pappírsklædda ofnplötu. Hellið ólífuolíunni og límónusafanum yfir og stráið hvítlauknum og kóríanderduftinu yfir. Kryddið með salti og pipar og grillið í 7-8 mínútur.

Hrærið tómata, rauðlauk, ólífuolíu og límónusafa saman í skál og kryddið með salti og pipar. Berið fram með laxinum

BASIL SÓSA
2 msk sýrður rjómi
2 msk majónes
2 msk söxuð fersk basilika
1 msk límónusafi
1 tsk ítölsk hvítlauksblanda
salt og nýmalaður pipar

Hrærið öllu saman og berið fram með laxinum




**Lambalæri Jóa Fel**
úrbeinað og fyllt




**Kjúklingbringur**
ferskar




**Grísakótilettur**
ferskar




**Lambalæri**
ferskt




EINGÖNGU Í HAGKAUP
EKTA AMERÍSKUR ÍS
- þennan verður þú að smakka!

























**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 13. nóvember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú ástæðu til að herða eftirlit með símhlerunum lögreglu?*

| | |
|---|---|
| Já | 52,6 |
| Nei | 47,4 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ertu þú fylgjandi því að lokið verði við endurgerð Þorláksbúðar við Skálholtskirkju?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Litháísk kona ákærð fyrir að hafa banað nýfæddu barni sínu á Hótel Fróni:

# Neitar að hafa kyrkt nýfæddan son sinn

**DÓMSMÁL** „Ég er ekki sammála þessu. Ég drap ekki barnið,“ sagði Agné Krataviciuté, litháísk kona, við þingfestingu ákæru á hendur henni í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Ríkissaksóknari hefur ákært hana fyrir manndráp, með því að hafa veitt nýfæddum syni sínum tvo skurðáverka á andlit með bitvopni og banað honum síðan með því að þrengja að hálsi hans uns hann lést af völdum kyrkingar.

Þetta hörmulega atvik átti sér stað laugardaginn 2. júlí 2011, á baðherbergi í herbergi númer 319 á vinnustað konunnar, Hótel Fróni, Laugavegi 22a, Reykjavík, segir í ákæru. Þar hafi hún fætt fullburða og lifandi sveinbarn sem síðan fannst dáið í ruslageymslu í nágrenni hótelsins.

Gerð er einkaréttarkrafa á hendur konunni að upphæð þrjár milljónir króna.

Við þingfestingu málsins í gær aðstoðaði túlkur, sem þýddi ákæruna fyrir konuna og túlkaði það sem fram fór í dómsal. Hún viknaði þegar hún neitaði sök, en spurði fljótlega hverjir það væru sem sætu í dómsal og átti þar við blaðamenn. Arngrímur Ísberg dómari kvað hana ekkert mega skipta sér af því í opnu þinghaldi.



**Á LEIÐ Í DÓMSAL** Konan á leið í dómsal ásamt verjanda sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Konan hefur verið látin sæta geðrannsókn og var metin sakhæf. Verjandi hennar lagði fram kröfu um yfirmat á sakhæfi hennar og yrði til þess dómkvaddur matsmaður. Verjandinn lagði einnig fram kröfu um að þinghaldi yrði lokað við þingfestingu. Dómari tjáði honum að meginreglan væri sú að þinghald væri opið og hefði hann ekki tekið afstöðu til þess hvað aðalmeðferð þessa máls varðaði. **- jss**

# Beðið eftir niðurstöðum Öryggisráðs

**Palestínumenn hafa tryggt stuðning átta ríkja í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna vegna umsóknar um fulla aðild. Bandaríkjamenn munu beita neitunarvaldi. Utanríkismálanefnd Alþingis skoðar nú viðurkenningu Íslands á ríkinu.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig standa málefni Palestínu á Íslandi og innan Sameinuðu þjóðanna?

Í lok september sótti Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, formlega um fulla aðild ríkisins að Sameinuðu þjóðunum (SÞ). Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra Íslands, lýsti því yfir á allsherjarþingi SÞ að Ísland hygðist styðja umsókn Palestínu og í framhaldinu lagði hann fram þingsályktunartillögu um að Ísland viðurkenndi ríkið sem sjálfstætt og fullvalda. Skömmu síðar fengu Palestínumenn aðild að UNESCO, menningarmálastofnun SÞ, og nú er niðurstöðu Öryggisráðs SÞ um aðild Palestínu beðið. Hennar er að vænta í dag eða á næstu dögum en fullvíst þykir þó að Öryggisráðið hafni beiðninni, enda hafa Bandaríkjamenn lýst því yfir að þeir muni beita neitunarvaldi ef þess gerist þörf.

Þó lítur út fyrir að þeir þurfi ekki að grípa til þess, þar sem samþykki níu ríkja af fimmtán innan ráðsins þarf til að samþykkja umsóknina. Palestínumenn höfðu tryggt sér stuðning Kína, Rússlands, Brasilíu, Indlands, Suður-Afríku og Líbanons auk þess sem líklegt þykir að þeir Nígería og Gabon kjósi með aðild þeirra. Þetta eru aðeins átta ríki. Bretar hafa lýst því yfir að þeir muni sitja hjá í atkvæðagreiðslunni og er talið að Frakkar og Kólumbíumenn geri slíkt hið sama. Þýskaland og Portúgal munu annað hvort segja nei eða sitja hjá og Bosníumenn eru taldir munu sitja hjá sömuleiðis.



**ÖRYGGISRÁÐIÐ** Bandaríkjamenn munu beita neitunarvaldi sínu sem eitt fastra ríkja í Öryggisráðinu. Kína og Rússland munu kjósa með aðild Palestínu og Bretar munu sitja hjá. Líklegt er talið að Frakkland geri það líka. Meirihluti hinna ríkjanna er talinn munu styðja aðild eða sitja hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Hvað gerist næst?**

Verði formlegri aðild Palestínu að SÞ hafnað, eins og útlit er fyrir, munu Palestínumenn snúa sér að allsherjarþinginu. Þar eiga þeir mun meiri stuðning vísan þó að allsherjarþingið geti ekki veitt þeim fulla aðild. Allsherjarþingið gæti hins vegar veitt áheyrnaraðild, sem myndi þýða að Palestína ætti auðveldara með að verða hluti af fleiri stofnunum SÞ og Alþjóðaglæpadómstólnum. Palestínumenn hafa gefið út að þeir muni sækja um aðild að sextán alþjóðlegum stofnunum.

**Fyrsta Vestur-Evrópuríkið**

Þingsályktunartillaga utanríkisráðherra er nú til umfjöllunar hjá utanríkismálanefnd. Nefndin fundaði um málið á þriðjudag. Ef Alþingi samþykkir tillöguna verður ríkisstjórninni falið að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki. Ísland yrði með því fyrsta ríkið í Vestur-Evrópu sem það gerir og fyrsta Evrópuríkið í tugi ára. Átta Evrópusambandsríki viðurkenna Palestínu, en þau gerðu það öll áður en þau gengu í sambandið. Meirihluti ríkja innan Sameinuðu þjóðanna viðurkennir þó Palestínu sem stendur, og hefur bæst mikið í þann hóp undanfarið. Allt að 138 ríki viðurkenna ríkið nú.

thorunn@frettabladid.is

S&P fjallar um íslenska banka:

# Hækkar mat á bankakerfinu

**EFNAHAGSMÁL Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's (S&P) hefur hækkað mat sitt á stöðugleika íslenska bankakerfisins. Íslenska bankakerfið fær nú einkunnina 7 en var áður með einkunnina 8.**

**S&P veitir bankakerfum ríkja svokallaða BICRA-einkunn á skalanum 1 til 10 þar sem 1 er besta mögulega einkunn og 10 sú versta. Að baki einkunnunum liggur mat á kerfislegri áhættu bankakerfa og innri áhættu innan fjármálageira. Meðal annarra ríkja með sömu einkunn og Ísland má nefna Búlgaríu, Írland, Litháen og Rússland.**

**Í tilkynningu S&P er fjallað um stöðu bankakerfisins. Meðal þess sem þar kemur fram er að fyrirtækið telur nokkra áhættu vera fólgna í því hve lítil reynsla sé komin á stofnana- og reglugerðarumhverfi bankakerfisins sem hafi verið breytt talsvert á síðustu misserum.** **- mþl**

Íslendingar í Noregi:

# Laun pípara verða leiðrétt

**ATVINNUMÁL** Íslenskir pípulagningamenn sem starfað hafa í Noregi á vegum íslensks undirverktaka Pípulagnaverktaka ehf. og fengu laun samkvæmt íslenskum töxtum fá nú laun í samræmi við norska félaga sína.

Á vef Samiðnar segir að fjölmiðlar í Noregi hafi vakið athygli á félagslegum undirboðum íslenskra pípulagningamanna sem starfa í Noregi og launakjörum þeirra.

Félag iðn- og tæknigreina, sem flestir starfsmennirnir eru aðilar að, leitaði til Samiðnar eftir aðstoð við að finna úrlausn. Kjör píparanna verða leiðrétt aftur í tímann. **- ibs**



**JAMES MURDOCH** Mætti öðru sinni til yfirheyrslu. NORDICPHOTOS/AFP

Murdoch ítrekar vanþekkingu:

# Segist ekkert hafa vitað

**BRETLAND** James Murdoch, einn helsti stjórnandi fjölmiðlaveldis föður síns, Ruperts Murdoch, ítrekaði í gær við yfirheyrslur hjá breskri þingnefnd að hann hefði ekkert vitað um glæpsamlegt atferli starfsfólks á fjölmiðlum fyrirtækisins.

„Þú hlýtur að vera fyrsti mafíuforingi sögunnar sem veit ekki að hann er að reka glæpafyrirtæki,“ sagði breski þingmaðurinn Tom Watson, einn þeirra sem sitja í nefndinni.

Yfirheyrslurnar snerust um símanjósnir sem urðu til þess að útgáfu blaðsins News of the World var hætt í sumar. **- gb**

Hjúkrunarheimili byggt:

# Framkvæmdir verða á Ísafirði

**ÍSAFJÖRÐUR Hjúkrunarheimili með 30 rýmum verður byggt á Ísafirði. Samningur þess efnis á milli velferðarráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar var undirritaður í gær. Frá þessu er greint á fréttavef Bæjarins besta.**

**Ekki hefur enn verið samið um fjármögnun og rekstur heimilisins en sú vinna stendur yfir.**

**Samkvæmt greiningu bæjarins er þörf fyrir 39 rými í sveitarfélaginu, þó verði enn rými til staðar á Heilbrigðisstofnuninni svo þörfinni er talið fullnægt í bili.** **- sv**

Átta manns létu lífið og hús hrundu í öðrum jarðskjálfta í Tyrklandi:

# Íbúar gagnrýna stjórnvöld

**TYRKLAND, AP** Meðal þeirra húsa sem hrundu í jarðskjálfta í austanverðu Tyrklandi í gær voru tvö hótel sem skemmdust verulega í enn harðari jarðskjálfta á sömu slóðum fyrir rúmlega hálfum mánuði.

Meðan björgunarfólk vann í rústum húsanna safnaðist að fjöldi íbúa sem mótmæltu því harðlega að þessum tveimur hótelum hefði ekki verið lokað í kjölfar fyrri skjálftans.

„Hvernig stendur á því að þessi tvö hús voru ekki girt af heldur fengu að halda áfram starfsemi?“ spurði Osman Baydemir, borgarstjóri í Diyarbakir sem er nokkru vestar en Van. „Stjórnvöld verða að draga þá til ábyrgðar sem ábyrgir eru.“

Að minnsta kosti átta manns létu lífið vegna skjálftans á miðvikudag, sem mældist 5,7 stig og varð skammt frá borginni Van.



**MANNI BJARGAÐ ÚR RÚSTUNUM** Björgunarfólk í Van stóð í ströngu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrri skjálftinn varð 23. október og mældist 7,2 stig, kostaði um 600 manns lífið. Um 1.400 eftirskjálftar hafa orðið á þessum slóðum eftir fyrri skjálftann.

Meðal hótelgesta sem létu lífið í seinni skjálftanum voru tyrkneskir blaðamenn sem voru að fjalla um afleiðingar fyrri skjálftans. **- gb**

Stökktu til
Kanarí
Stökktu tilboð!
*****
15. nóvember í 12 nætur
Frá kr. 104.900

**Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum þann 15. nóvember á frábæru tilboði.** Þú bókar fllugsæti og þremur dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Beint flug til Kanaríeyja þann 15. nóvember. Á heimleið er flogið til Kaupmannahafnar og þaðan til Íslands þann 27. nóvember.
*Athugið að mjög takmörkuð gisting er í boði!*

**Verð kr. 104.900** Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / studíó / íbúð í 12 nætur. Stökktu tilboð 15. nóvember.

**Verð kr. 199.900 allt innifalið** Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi á Gran Canaria Princess**** 12 nætur með allt innifalið. 12 nætur. Stökktu tilboð 15. nóvember.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


POP·SECRET®
PREMIUM MICROWAVE POPCORN
ÚRVALS
ÖRBYLGJUPOPP
6
91g POKAR
NETTÓÞYNGD
544 g
TRÚNAÐARMÁL
POP SECRET ER NÚNA
ÁN TRANSFITU!
ÍSLENSKA SIA.IS / NAT 57050 11/11




Norðmenn kynntu aðgerðaráætlun í jafnréttismálum og skoða nektardansstaði:

# Skoða bann að fyrirmynd Íslands

**NOREGUR** Ríkisstjórn Noregs vill að aðstæður á nektardansstöðum í landinu verði rannsakaðar. Þetta er meðal þess sem kveðið er á um í nýrri aðgerðaráætlun í jafnréttismálum sem kynnt var í gær.

„Margir telja að á nektardansstöðum sé stundað vændi og þar viðgangist ofbeldi og þvinganir,“ segir Kirsti Bergstø hjá ráðuneyti barna og jafnréttismála í samtali við norska blaðið Klassekampen. Hún segir þetta ekki endilega fyrsta skrefið í átt að banni, en þetta sé fyrsta skrefið til að þekkja aðstæðurnar. Eftir það verði hægt að sjá til hvers kyns aðgerða verður gripið til. „Það að selja konur eins og hluti er ekki í samræmi við jafnréttissamfélag. Við getum ekki fallist á að það gerist í Noregi undir rauðgrænni ríkisstjórn.“

Leiðtogi kvennahreyfingar Sósíalíska vinstriflokksins, Marthe Hammer, segist í samtali við Klassekampen vona að þetta verði til þess að bann við nektardansstöðum verði innleitt í landinu. Hún vill að ríkisstjórnin líti til Íslands vegna þessa og noti bann við nektardansi hér á landi sem fyrirmynd. - þeb



**ÓSLÓ** Ríkisstjórnin í Noregi gaf út aðgerðaáætlun í jafnréttismálum í gær og eitt meginatriðanna þar er að aðstæður á nektardansstöðum verði skoðaðar.

# Undanþága ver þegna Íslands fyrir framsali

**Frumvarp um lögfestingu evrópsku handtökuskipunarinnar verður lagt fram á vorþingi. Ísland fékk undanþágu í samningaviðræðum og þyrfti því ekki að framselja eigin ríkisborgara. Pólverjar hafa slíkt ákvæði í stjórnarskrá sinni.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað myndi lögfesting evrópsku handtökuskipunarinnar hafa í för með sér fyrir Ísland?

Íslenskir ríkisborgarar verða ekki framseldir til annarra ríkja í Evrópu þrátt fyrir fyrirhugaða lögfestingu evrópsku handtökuskipunarinnar. Ísland fékk undanþágu í samningaviðræðum við Evrópusambandið um innleiðinguna árið 2006.

Evrópska handtökuskipunin hefur verið til umræðu vegna máls þriggja Pólverja sem rændu verslun Franks Michelsen úrsmiðs í október. Þeir flúðu úr landi en voru skömmu síðar handteknir í Póllandi og í kjölfarið sleppt.

Ísland hefur um árabil verið aðili að samningi Evrópuráðsins um framsal sakamanna eins og aðrar Evrópuþjóðir. Sá samningur kveður á um framsal sakamanna milli þjóða að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, svo sem að hámarksrefsing fyrir afbrotið sé yfir tilteknum mörkum og að brotið sé refsivert í báðum löndum. Að sögn Valgerðar Maríu Sigurðardóttur, lögfræðings í innanríkisráðuneytinu, hefur sá samningur gefist mjög vel, þótt hann sé seinvirkari en hin nýja evrópska handtökuskipun.

### Stjórnarskráin ver Pólverja

Það sem gerir mál Pólverjanna þriggja hins vegar sérstaklega flókið er að í stjórnarskrá þeirra er kveðið á um að pólska ríkisborgara megi ekki framselja til annars lands. Væru Íslendingar aðilar að handtökuskipuninni myndu Pólverjar hins vegar vera skuldbundnir til að senda mennina til Íslands, svo rétta mætti yfir þeim hér, með því skilyrði að þeir yrðu sendir til baka til heimalands síns til að afplána refsinguna.

Þar sem við erum aðilar að samningi Evrópuráðsins gætum við engu að síður farið fram á framsal mannanna frá Póllandi, en þeirri beiðni yrði nær örugglega hafnað, enda bann lagt við því í stjórnarskrá. Sé slíkri beiðni hins vegar synjað á grundvelli þess eins að um sé að ræða eigin ríkisborgara þá ber ríkinu að taka málið yfir og rétta yfir mönnunum. Slíkt ferli getur tekið nokkurn tíma.

### Íslendingar settu skilyrði

Ísland er að nokkru leyti í sömu sporum og Pólland hvað þetta varðar. Í annarri grein íslenskra laga um framsal sakamanna frá 1984 segir einfaldlega: „Ekki má framselja íslenska ríkisborgara.“

Þegar Ísland gekk ásamt Noregi til viðræðna um aðild að evrópsku handtökuskipuninni settu íslenskt stjórnvöld það skilyrði strax í upphafi að ekki yrði hvikað frá þessu ákvæði. Á það var fallist, þrátt fyrir að engin önnur þjóð sem ekki er með sérstakt stjórnarskrárákvæði um framsalsbann hafi fengið undanþágu af þessu tagi.

Gengið var frá samningunum árið 2006 og þingsályktunartillaga um fullgildingu tilskipunarinnar samþykkt skömmu síðar.

### Vægara í frumvarpinu

Síðan þá hefur verið unnið að frumvarpi um breytingar á lögum um framsal sakamanna, þar sem handtökuskipunin yrði lögfest, fyrst í dómsmálaráðuneytinu og síðan í innanríkisráðuneytinu. Þau drög eru nú tilbúin og er stefnt að því að leggja frumvarpið fram á Alþingi eftir áramót.

Þrátt fyrir að samið hafi verið um heimild Íslands til að taka með öllu fyrir framsal íslenskra ríkisborgara til annars lands, þá er gert ráð fyrir því í frumvarpsdrögunum að Íslendingur fari eins að og Pólverjar og afhendi íslenska ríkisborgara tímabundið til að sæta réttarhöldum erlendis.

Endanleg útgáfa frumvarpsins er þó háð því hvaða meðferð málið fær í þinginu. Þingmenn gætu því ákveðið að Íslendingar myndu aldrei afhenda íslenska ríkisborgara annarri þjóð, jafnvel þótt frumvarpsdrög innanríkisráðherra geri ráð fyrir öðru.

stigur@frettabladid.is



**RÆNINGJARNIR ÞRÍR** Grzegorz Marcin Nowak, Pawel Artur Tyminski og Pawel Jerzy Podburaczynski eru taldir hafa rænt Michelsen á Laugavegi. Gefin var út alþjóðleg handtökuskipun á hendur þeim, þeir handteknir í Póllandi og síðan sleppt.

## Hraðvirkt hjálpartæki en sætir gagnrýni

Evrópska handtökuskipunin hefur verið í gildi frá ársbyrjun 2004. Markmið hennar var ekki síst að koma í veg fyrir að hin opnu landmæri innan Evrópusambandsins gætu verið notuð til að flýja réttvísina.

Handtökuskipunin gildir um alla þá sem hlotið hafa minnst fjögurra mánaða fangelsisdóm eða framið glæp sem varðar minnst eins árs fangelsi. Hún leggur þær skyldur á herðar ríkinu þar sem viðkomandi er handtekinn að afhenda hann til heimalandsins eins fljótt og auðið er sé eftir því óskað. Ef viðkomandi mótmælir taka dómsmálayfirvöld ákvörðun innan 60 daga, en sé því ekki mótmælt skal senda hann heim innan tíu daga frá handtöku.

Þessi breyting frá fyrra fyrirkomulagi, sem byggðist á samningi Evrópuráðsins, hefur haft það í för með sé að sakamenn eru nú að jafnaði afhentir til heimalandsins eftir 13 til 43 daga, samanborið við gamla framsalsferlið sem tók að meðaltali um níu mánuði.

Framkvæmd handtökuskipunarinnar hefur hins vegar líka sætt gagnrýni. Í apríl síðastliðnum birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skýrslu um hvernig til hefði tekist, þar sem sagði að of oft væri handtökuskipuninni beitt í litlum málum og hvatt var til hófstilltari notkunar hennar.

Tekið var fram að hún hefði haft margt gott í för með sér. Tugir grunaðra fíkniefnasmyglara, morðingja og barnaníðinga hefðu fengist fluttir frá Spáni til Bretlands, árið 2005 hefði handtökuskipunin hjálpað til við að ná einum sprengjumannanna í London sem hafði flúið til Ítalíu, þýskum raðmorðingja á flótta á Spáni og ræningjagengi sem ítölsk stjórnvöld voru á eftir.

Hins vegar þyrftu lögregla og dómstólar að finna til ábyrgðar sinnar og gæta þess að samþykkja ekki afhendingu fyrir litlar sakir.





# Takk fyrir!

Við þökkum öllum þeim fjölmörgu sem komu í verslanir 10-11 á afmælisdaginn okkar og nýttu sér ótrúleg afmælistilboð. Viðtökurnar voru framar öllum vonum.

Við verðum að sjálfsögðu áfram í afmælisskapi og munum bjóða vörur á frábæru verði, allan sólarhringinn.

Starfsfólk 10-11

10-11

...opið í 20 ár

Fiton ehf./SÍA



**KEPPIR Í TRJÁBOLABURÐI** Meira en þúsund suður-amerískir frumbyggjar frá 38 þjóðernishópum kepptu í frumbyggjaleikum í Brasilíu, þar sem keppt er í mörgum keppnisgreinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vel gengur að ná síld á Breiðafirði en loðnuveiðar liggja niðri vegna brælu:

# Væn síld veiðist á Breiðafirði

**SJÁVARÚTVEGUR** Faxi RE, skip HB Granda, hefur náð 700 tonna síldarafla á Breiðafirði í einu til tveimur köstum. Aflinn fer til vinnslu hjá frystihúsi fyrirtækisins á Vopnafirði sem er sérhannað fyrir uppsjávarfisk.

Á heimasíðu fyrirtækisins kemur fram í viðtali við skipstjórann á Faxa, Albert Sveinsson, að aðstæður hafa verið góðar á sundunum í Breiðafirði og veiðarnar gengið vel.

Hann segir erfitt að átta sig á hversu mikið af síld er á þeim slóðum sem veiðarnar fara fram því síldin gengur inn á grunnsævi við eyjar og hólma þar sem skipin komast ekki að henni.

Síldin er væn. Meðalvigt í síðustu veiðiferð reyndist vera 326 grömm en í fyrri veiðiferðinni gáfu mælingar til kynna meðalvigt upp á um 340 grömm.

Ingunn AK og Lundey NS höfu leit að loðnu á Vestfjarðamiðum á föstudag og áfram í átt að Kolbeinseyjarhrygg. Aðeins varð vart við smáloðnu.

Slæmt veður er og hefur verið á miðunum á Grænlandssundi og komið í veg fyrir loðnuveiðar. Vart hefur orðið við loðnu á þessum slóðum og er þess nú aðeins beðið að veðrið gangi niður þannig að hægt verði að hefja veiðar. - shá



**FAXI, SKIP HB GRANDA** Landar síldarafla sínum í sérbúnu frystihúsi á Vopnafirði. Veiðar ganga vel. MYND/HG GRANDI

Háskólabrú Keilis vinsæl:

# Þrefalt fleiri vilja í fjarnám

**MENNTUN** Umsóknir um fjarnám í Háskólabrú Keilis eru orðnar þrefalt fleiri en á sama tíma í fyrra. Umsóknarfrestur rennur út í desember.

Háskólabrú er nám fyrir þá sem ekki hafa lokið stúdentsprófi og stunda rúmlega 300 nemendur það hjá Keili. Helmingur er í fjarnámi. Inga Sveina Ásmundsdóttir, verkefnastjóri námsins hjá Keili, segir í samtali við Víkurfréttir að ljóst sé að umsóknir fari á biðlista. - þeb

Styrkjatillögur til Magma:

# Ekki óvild gegn smábátafélagi

**SVEITARSTJÓRNIR Smábátafélagið í Vogum telur illvilja í garð félagsins hafa ráðið því að nafn þess var ekki á lista sem nefnd á vegum bæjarins sendi Magma Energy um hentuga styrkþega. Bæjarráðið segir að þegar Magma hafi óskað eftir uppástungum hafi nefndin horft til íþrótta- og líknarfélaga sem og félaga sem óskuðu styrkja í sérstök verkefni. „Bæjarráð hafnar því að persónuleg óvild í garð Smábátafélagsins í Vogum hafi ráðið ákvörðun nefndarinnar.“** - gar

Úttekt á starfsemi Fjölskylduhjálpar:

# Flestir utan vinnumarkaðar

**HJÁLPARSTARF** Fjölskylduhjálp Íslands úthlutaði 23.784 matargjöfum til 3.562 einstaklinga og fjölskyldna þeirra frá 1. júní 2010 og út maí á þessu ári. Þetta kemur fram í úttekt sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur gert fyrir Fjölskylduhjálp.

Konur voru í meirihluta þeirra sem fengu úthlutað, eða um 55 prósent. Af þessum 3.562 einstaklingum áttu 1.399 börn. Tveir þriðju skjólstæðinganna á þessu tímabili voru íslenskir ríkisborgarar, fimmtungur með pólskt ríkisfang og tólf prósent með annað erlent ríkisfang. Hlutfall karla var hærra meðal útlendinga.

Mikill meirihluti hópsins var utan vinnumarkaðar, eða 93 prósent. Þá var þriðjungur með skráða örorku. Langflestir, eða 86 prósent, höfðu lokið grunnskólaprófi eða minni menntun. Tæpur þriðjungur fólksins fékk einu sinni úthlutað matargjöf, 28 prósent komu tvisvar til fjórum sinnum, tæpur fimmtungur fimm til níu sinnum og fjórðungur hópsins leitaði tíu sinnum eða oftar til Fjölskylduhjálparinnar á þessu eina ári. - sh



**VERÐUR FORSÆTISRÁÐHERRA** Lúkas Papademos og þriggja flokka bráðabirgðastjórn hans taka formlega við völdum í dag. NORDICPHOTOS/AFP

# Papademos leiðir Grikki

**Eftir fjögurra daga viðræður hefur lokst tekist samkomulag um að Lúkas Papademos verði forsætisráðherra þjóðstjórnar Grikklands. Stjórnarinnar bíður það verkefni að leysa úr efnahagsvanda landsins.**

**GRIKKLAND, AP** „Ég er ekki stjórnmálamaður en ég hef varið megninu af starfsævi minni í að hrinda í framkvæmd efnahagsstefnu stjórnvalda bæði í Grikklandi og Evrópu,“ sagði Lúkas Papademos, sem í dag tekur við embætti forsætisráðherra Grikklands af Georg Papandreú.

Hann fær nú það erfiða verkefni að hrinda í framkvæmd óvinsælum aðhaldsaðgerðum sem fylgja björgunarpakka Evrópusambandsins. Stjórn Papandreús hraktist frá völdum ekki síst vegna þess að henni tókst ekki að ná samstöðu á þingi um þessar sömu aðhaldsaðgerðir, en nú er forysta stjórnarandstöðunnar komin til liðs við stjórnina og ætlar að tryggja framgang þeirra.

Papademos segist ætla að leggja alla áherslu á að halda Grikklandi áfram inni á evrusvæðinu.

„Þátttaka lands okkar í evrusvæðinu tryggir peningalegan stöðugleika landsins,“ sagði hann í gær og bætti því við að evran myndi auðvelda aðlögun gríska hagkerfisins andspænis þeim erfiðleikum sem enn blöstu við.

Papademos verður forsætisráðherra bráðabirgðastjórnar þriggja flokka af hægri og vinstri væng stjórnmálanna, sósíalistaflokksins Pasok, íhaldsflokksins Nýs lýðræðis, og lítils þjóðernisflokks af hægri vængnum sem nefnist Laos.

Leiðtogar þessara þriggja flokka hafa átt erfitt með að komast að samkomulagi um það hver verði forsætisráðherra, en niðurstaðan varð sú að Papademos yrði fyrir valinu.

Papademos var seðlabankastjóri Grikklands frá 1994 til 2002, en þá tók hann við sem aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Evrópusambandsins. Því starfi gegndi hann þangað til á síðasta ári, þegar Papandreú kallaði hann heim til að aðstoða sig við glímuna við ríkisskuldirnar.

gudsteinn@frettabladid.is

## Varar við klofnun Evrópusambandsins

Hugmyndir um tvískiptingu Evrópusambandsins, í evruríkin sautján og hin ríkin tíu, virðast hafa fengið byr undir báða vængi í þeim hremmingum evrunnar, sem nú er glímt við.

Evruríkin hafa nú þegar ákveðið að samhæfa mun betur fjármálastjórn sína, til að draga úr líkunum á öðru eins hruni á næstunni. Strangara eftirlit verður með fjármálum ríkjanna og unnt verður að beita þau ríki sem standa sig ekki refsiaðgerðum. Ekki sér þó fyrir endanum á vandræðum Grikklands og annarra evruríkja, og því hafa komið upp kröfur um enn nánara samstarf á evrusvæðinu, sem margir líta á sem kröfur um að útiloka þurfi þau ríki sem standa utan evrusvæðisins.

Óformlegar viðræður hafa nú þegar verið haldnar milli þeirra tíu ESB-ríkja sem standa utan evrusvæðisins, þótt ekki standi til að svo stöddu að efla samstarf þeirra sérstaklega.

Á miðvikudagskvöld varaði José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, við því að Evrópusambandið klofni hreinlega í tvennt. Evrópusambandið standi nú á krossgötum og taka þurfi ákvörðun um hvort það eigi að leysast upp eða styrkja samstarfið enn frekar. „Tvískipt samband myndi ekki virka,“ sagði hann. „Evrópusambandið í heild og evrusvæðið heyra hvort öðru til.“

Vandinn sé fólginn í því að tryggja að hægt verði að styrkja enn frekar samstarf evruríkjanna án þess að klofningur verði meðal þeirra ríkja sem enn standa utan evrusvæðisins.


MIÐENGI AUGLÝSIR TIL SÖLU FASTEIGNAFÉLAG



**Hlíðasmári 3 ehf**

Fasteignin Hlíðasmári 3, Kópavogi.

**Fasteignin er að stórum hluta í útleigu.**

**Söluferlið** er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem uppfylla skilyrði til þess að geta talist fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, einstaklingum sem hafa verulegan fjárhagslegan styrk og viðeigandi þekkingu, auk fyrirtækja sem höfðu eiginfjárstöðu sem var hærri en sem nemur 150 m. kr. í árslok 2010.

**Móttaka trúnaðaryfirlýsinga** og afhending viðeigandi gagna hefst mánudaginn 14. nóvember 2011. Síðasti frestur til að skila inn tilboði vegna þátttöku í söluferlinu er föstudaginn 25. nóvember 2011 kl. 16.00.

**Allar nánari upplýsingar** um söluferlið verður að finna á vef Miðengis undir slóðinni **www.mengi.is** frá kl. 10.00, 14. nóvember 2011.

Sími 527 3060 • Lækjargötu 12 • 155 Reykjavík • mengi@mengi.is

miðengi

# AFSLÁTTARDAGAR

FRÍ HEIMSENDING

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*

## ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.



12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

**STÖNDUMST ALLAN VERÐ OG GÆÐASAMANBURÐ**

**HÁGÆÐA FRAMLEIÐSLA Á GÓÐU VERÐI**

## ARINELDSTÆÐI

með 50% afslætti til jóla



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**FRÉTTASKÝRING:** Eignarhald banka á fyrirtækjum í óskyldum rekstri

# Flest félögin ekki í samkeppni

**Þorri þeirra 137 félaga sem eru í höndum íslenskra fjármálafyrirtækja liggur hjá stóru viðskiptabönkunum þremur. Landsbankinn á hlut í flestum félögum. Fréttablaðið greinir frá því um hvaða félög er að ræða.**

Alls eru 137 félög í óskyldri starfsemi í eigu íslenskra fjármálafyrirtækja í dag. Þetta kom fram í skýrslu sem fjármálafyrirtækin skiluðu inn til Fjármálaeftirlitsins (FME) fyrr á þessu ári. Rúm 80% þessara félaga liggja hjá stóru viðskiptabönkunum þremur; Landsbanka, Arion banka og Íslandsbanka, samkvæmt upplýsingum sem þeir hafa sent frá sér í þessari viku. Félögin eru af margvíslegum toga og flest þeirra eru ekki rekstrarfélög sem starfa í beinni samkeppni við önnur fyrirtæki. Fréttablaðið fer yfir hvaða félög þetta eru hér fyrir neðan.

Samkvæmt lögum mega bankar einungis eiga fyrirtæki í óskyldri starfsemi í 12 mánuði án þess að leita eftir undanþágu vegna þess eignarhalds hjá FME. Dæmi eru um að bankar, eða dótturfélög þeirra, hafi átt fyrirtæki sem keppa á samkeppnismarkaði í meira en 30 mánuði. Þau tímamörk voru sett inn í lög um fjármálafyrirtæki í fyrrasumar. Frá og með 25. júní 2011 hafa bankar þurft að sækja um undanþágu til að eiga fyrirtæki í lengri tíma en ár. FME hefur haft virkt eftirlit með því að þessu sé hlýtt og Gunnar Andersen, forstjóri eftirlitsins, sagði í Fréttablaðinu á miðvikudag að það væri tilbúið að beita viðurlögum gegn bönkum sem draga að selja fyrirtæki í óskyldum rekstri.

Fréttablaðið greindi frá því í lok síðustu viku að bankarnir hefðu sótt um 68 undanþágur frá þessum lögum. Þær voru allar samþykktar en FME hefur ekki viljað gefa upp hversu langir frestir hafa verið veittir né um hvaða félög er að ræða.



**GUNNAR ANDERSEN** Fjármálaeftirlitið sagði frá því í svari við fyrirspurn Félags atvinnurekenda að 137 fyrirtæki í óskyldum rekstri væru í fangi bankanna.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



**ÍSLANDSBANKI**

## Eitt stórt rekstrarfélag

Íslandsbanki og dótturfélög hans eiga hluti í 27 félögum. Þar af á bankinn sjálfur beinan eignarhlut í fimm félögum. Þau eru Sjóvá (9,2%), N1 (24,73%), Icelandair Group (21%), Glitnir Real Estate Fund (64,4%) og Smyrlaheiði (100%). Þau tvö síðastnefndu eru félög utan um fasteignir.

Til viðbótar á bankinn dótturfélagið Miðengi, sem var stofnað til að fara með eignarhald og umsýslu fyrirtækja í eigu bankans. Miðengi á hlut í samtals 22 félögum.

Stærsta einstaka rekstrarfélagið sem er í fullri eigu Miðengis er Jarðboranir en félagið er í söluferli. Félagið á einnig 71,1% hlut í fragtflugfélaginu Bláfugli, 71,1% hlut í IG Invest og 62,9% hlut í sameinuðu félagi utan um bifreiðaumboðin B&L og Ingvar Helgason. Það síðastnefnda er í söluferli og verður gengið frá sölu þess bráðlega.

Í tilkynningu frá Íslandsbanka vegna umfjöllunar um eignarhald banka á fyrirtækjum segir að „Hafa ber í huga að í sumum tilvikum eru fleiri en ein kennitala tengd félagi og því getur verið villandi að telja kennitölur frekar en hvert félag fyrir sig. Að auki er nokkuð um að lítil starfsemi sé í félögum í eigu bankans, t.a.m. í félögum sem stofnuð hafa verið um stakar fasteignir […] Miðengi hefur lagt ríka áherslu á að vinnubrögð félagsins séu gagnsæ og starfsreglur skýrar auk þess sem lögð hefur verið áhersla á opið söluferli eigna. Stefna bankans er að selja félög sem hann hefur eignast, að hluta til eða að fullu, og eru í óskyldum rekstri“.




**ARION BANKI**

## Á stór rekstrarfélög

Arion banki, eða dótturfélagið Eignabjarg, á hlut í 37 félögum. Þar eru 12 rekstrarfélög en hin eru eignarhaldsfélög sem eru ekki í samkeppnisrekstri. Þar af á bankinn 100% hlut í þremur: Pennanum, Fram Foods og Sigurplasti. Bankinn stefnir á að þau verði öll seld á fyrri helmingi næsta árs. Þá á Arion rúmlega helmingshlut í smásölurisanum Högum. Til stendur að selja 20-30% hlut í Högum í gegnum Kauphöllina í byrjun desember. Arion hefur þegar selt 39% hlut sinn í N1 og allt hlutafé í BM Vallá en Samkeppnisyfirvöld hafa enn ekki gefið samþykki sitt fyrir sölunni. Því eru þeir eignarhlutir enn skráðir í eigu bankans.

Bankinn er síðan minnihlutaeigandi að sex rekstarfélögum. Þau eru Ölgerðin Egill Skallagrímsson (20%), Sementsverksmiðjan (23,6%), Farice (43,47%), Lagerinn Dutch Holding (10%), Borgarverk (15%) og Hótel Borgarnes (20,6%). Í þessum félögum telur bankinn sig vera háðan samkomulagi við meirihlutaeigendur þeirra ef hann ætlar að selja hlut sinn.

Þá á Arion banki 45% hlut í Klakka, sem hét áður Exista, og var eitt stærsta fjárfestingafélag landsins fyrir bankahrun. Klakki á nokkur af stærstu rekstrarfélögum á Íslandi. Þau eru Skipti (Móðurfélag Símans, Mílu og Skjásins), VÍS, Lífís og Lýsing hf. Arion á líka 16,4% hlut í Stoðum, sem áður hétu FL Group. Stoðir eiga 99,1% af öllu hlutafé Í TM og 40% hlut í Refresco.

Bankinn á líka 42,65% hlut í fasteignafélaginu Reitum, sem áður hét Landic Properties. Til stendur að skrá það félag í Kauphöll á næsta ári. Auk þess á Arion 100% hlut í fasteignafélögunum Landfestum og Landeyjum.

Við þetta bætist að bankinn þarf að taka aftur yfir rekstur svínabúa að Brautarmel og Hýrumel í Borgarfirði eftir að áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ógildingu á yfirtöku Stjörnugríss á þeim.

Arion hefur þegar yfirtekið, og selt, ÍAV, 10-11, Heklu, Klett og 70% hlut í Hótel Hamri.




**LANDSBANKI ÍSLANDS**

## Á fleiri félög en hinir bankarnir

Landsbankinn segir að 47 af þeim 137 félögum sem FME tiltekur að séu í eigu banka séu á hans vegum. Í yfirliti um þessi félög sem bankinn sendi Fréttablaðinu eru reyndar tiltekin 49 félög og verður stuðst við þá tölu.

Alls átti bankinn sjálfur beina eignaraðild að sex félögum á þeim tíma sem tölur FME voru teknar saman. Stærstu eignirnar eru 29,6% hlutur í Reitum, 19% hlutur í Icelandic Group, 10,9% hlutur í Hampiðjunni og 6,3% hlutur í Marel. Til viðbótar seldi bankinn dótturfélag sitt Vestia til Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) í upphafi árs. Með Vestia fylgdi stór hluti í Icelandic Group, 79% hlutur í Skýrr, 100% hlutur í Húsasmiðjunni, 79% hlutur í Vodafone og 100% hlutur í Plastprent.

Auk þess á FSÍ tæplega 20% hlut í Icelandair Group, um 55% hlut í N1 og 40% í Promens. Eign Landsbankans í FSÍ er talið sem eitt félag í tölum FME.

Bankinn á auk þess Fjárfestingafélagið Horn. Það átti 10 eignir þegar FME kallaði eftir upplýsingum sínum. Síðan þá hefur þeim fækkað um eina. Fjögur félaga í eigu Horns starfa einvörðungu erlendis. Hin eru Eimskip (37,3%), Promens (49,8%), Egla (17,5% en félagið er í slitum), Intrum Justitia (33,3%) og Eyrir Invest (27,5%) sem á meðal annars 34,7% hlut í Marel. Til stendur að skrá Horn á markað snemma á næsta ári.

Reginn ehf., dótturfélag Landsbankans utan um stærri fasteignir, á 18 félög. Í tilkynningu frá bankanum kemur fram að mörg þeirra séu „ekki annað en heiti á eignarhaldsfélögum um ákveðin þróunarverkefni sem Reginn ehf. hefur á sinni könnu“. Stefnt er að því að skrá Regin á markað á næsta ári og losa félagið þannig frá Landsbankanum.

Þriðja dótturfélagið, Hömlur ehf., átti síðan 15 eignir þegar FME kallaði eftir upplýsingum um eignir bankanna. Síðan hafa tvö þeirra, Björgun ehf. og Pizza-Pizza ehf. (Dominos á Íslandi), verið seld út úr félaginu að öllu leyti.

Við þetta má svo bæta að Landsbankinn eignaðist hlut í nokkrum fyrirtækjum þegar hann tók yfir SpKef fyrr á þessu ári. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum eiga þau það þó sameiginlegt að vera nánast öll í slitum. Sum þeirra eru í samkeppnisrekstri en bankinn „stefnir að því að losa sig frá þeim félögum hið fyrsta“.



## Félög í eigu bankanna

### Arion banki og dótturfélög (37)

**Bein eignaraðild Arion banka:**

| | |
|---|---|
| N1; | 39% (er selt en beðið samþykkis samkeppniseftirlits).: |
| Lagerinn Dutch Holding; | 10% |
| Borgarverk; | 15% |
| Ölgerðin Egill Skallagrímsson; | 20% |
| Hótel borgarnes; | 20,6% |
| Sementsverksmiðjan; | 23,6% |
| Farice; | 43,47% |
| Stoðir: | 16,4% |
| Klakki (Exista): | 45% |
| Reitir: | 42,65% |
| Landfestar; | 100% |
| Landey; dótturfélag. | 100% |

*20 eignarhaldsfélög á leið í þrot eða slitameðferð.*

**Í eigu Eignabjargs, dótturfélags:**

| | |
|---|---|
| Penninn; | 100% |
| Fram Foods; | 100% |
| Sigurplast; | 100% |
| Hagar; | 96% (um 46% þegar seld; 20-30% selt í desember) |
| BM Vallá; | 100% (er selt en beðið samþykkis samkeppniseftirlits). |

### Íslandsbanki og dótturfélög (27)

**Bein eignaraðild Íslandsbanka:**

| | |
|---|---|
| Sjóvá Almennar | 9,2% |
| Glitnir Real Estate Fund | 64,4% |
| Icelandair Group | 21% |
| Smyrlaheiði | 100% |
| N1 | 24,73% |

**Í eigu Miðengis, dótturfélags:**

| | |
|---|---|
| Bláfugl ehf, | 71,1% |
| IG Invest ehf. | 71,1% |
| BLIH ehf. | 62,9% |
| Jarðboranir | 100% |
| B37 ehf. | 100% |
| Eignarhaldsfélagið Fasteign | 38,42% |
| Fastengi ehf. | 100% |
| Hafnargata 7 ehf. | 100% |
| Háskólavellir ehf. | 23,9% |
| HHO Holding A/S | 20% |
| Hlíðarsmári 3 ehf. | 100% |
| Laugarakur ehf. | 100% |
| Reitir ehf. | 5,05% |
| Atorka Group hf. | 27,84% |
| Bakhjarlar HR ehf. | 96,9% |
| Eignarhaldsfélagið Fjarskipti | 2,23% |
| Eimskip | 0,65% |
| Fiskey ehf. | 0,54% |
| Frumtak GP ehf. | 19% |
| Íslandssjóðir hf. | 0,3% |
| Keilir, miðstöð vísinda | 10,2% |
| Skýrr ehf. | 2,23% |

### Landsbankinn og dótturfélög (49)

**Bein eignaraðild Landsbankans:**

| | |
|---|---|
| Framtakssjóður Íslands | 27% |
| Stoðir | 13% |
| Icelandic Group | 19% |
| Hampiðjan | 10,9% |
| Reitir | 29,6% |
| Marel hf. | 6,3% |

**Í eigu Horns, dótturfélags bankans:**

| | |
|---|---|
| Eimskip | 37,3% |
| Eyrir Invest | 27,5% |
| Promens | 49,8% |
| Intrum Justitia | 33,3% |
| Oslo Bors VPS Group | 7,8% |
| Strax GMBH Holding | 8,8% |
| Carrera | 8,9% |
| Blafal Energy AS | 17,45% |
| Egla | 17,5% (í slitum) |
| Atorka | (selt) |

**Í eigu Regins, dótturfélags bankans:**

| | |
|---|---|
| Eignarhaldsfélagið Smáralind ehf. | 100% |
| Fasteignafélag Íslands ehf. | 100% |
| Laugahús ehf. | 100% |
| Egilshöll | 100% |
| Þróunarfélagið BRB ehf. | 100% |

*13 eignarhaldsfélög utan um fasteignaþróunarverkefni.*

**Í eigu Hamla, dótturfélags bankans:**

| | |
|---|---|
| Björgun ehf. | 100% (selt) |
| Pizza-Pizza ehf. (Dominos) | 100% (selt) |
| Fjölnisvegur 9 ehf. | 100% |
| Formaxo N ehf. | 100% |
| Suðurlandsbraut 58-64 | 100% |
| NBI Sarasoda One | 100% |
| NBI Sarasoda two | 100% |
| NBI Sarasoda three | 100% |
| Masisi Holding | 100% |
| SL 2010 hf. | 100% |
| SPV Let hf. | 100% |
| Hömlur 1 | 100% |
| Hömlur 2 | 100% |
| Hömlur 3 | 100% |
| Framkvæmdafélagið Hömlur | 100% |

Eirberg

HoMedics



Öflugt hamrandi nudd sem dregur úr vöðvabólgu.
Fjölbreyttir stillimöguleikar.

NÝTT

**Háls- og herðanudd**

**Nuddpúði**



Shiatsu nudd, titringur og infrarauður hiti.
Hentar vel fyrir bak, háls og fótleggi.
Fjarstýring með margskonar stillimöguleikum.

**Nuddsætið**

Bjóðum úrval nuddsæta sem hægt er að setja í flesta stóla og sófa.
Shiatsu nudd og infrarauður hiti.
Fjarstýring með margskonar stillimöguleikum.



# Sólarljósið í skammdeginu

lumie




**Fjölþrepa bakbret**

- Teygir á hrygg og bakvöðvum
- Minnkar vöðvaspennu
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun



*Fæst með þrýstipunktanuddi*



**Nálastungudýnan**



- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Er slakandi og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn
- Gefur þér aukna orku og vellíðan

Opið virka daga kl. 9 - 18 og **laugardaga** kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

markhonnun.is

# netto
Kræsingar & kostakjör



## KJÚKLINGABRINGUR OKKAR

SPARIÐ 297 KR

1.998 kr/kg

áður 2.295 kr/kg

# GÓÐAR VÖRUR

### LAMBA-FRAMHRYGGJASNEIÐAR FERSKAR




SPARIÐ 209 KR

1.989 kr/kg

áður 2.198 kr/kg

### GRILLBORGARAR 4 STK. M/BRAUÐI



559 kr/pk.

áður 698 kr/pk.

BAUTA BÚRIÐ

### GRÍSAPOTTRÉTTUR Í SVEPPASÓSU FERSKUR



30% afsláttur

1.189 kr/kg

áður 1.698 kr/kg

### HAFRAKEX 400 G



50% afsláttur

99 kr/pk.

áður 199 kr/pk.

### BOUNTY 5 STK. Í PAKKA




2 FYRIR 1

519 kr/2 PK.

FRÁBÆRT VERÐ!

### TORTILLUR 8 STK. 20 CM




2 FYRIR 1

339 kr/2 PK.

FRÁBÆRT VERÐ!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

# FRANSKAR
1 KG




32% afsláttur

**258** kr/kg
áður 379 kr/kg

# FJÖLBREYTT **ÚRVAL**

## HVÍTLAUKSBRAUÐ
1 STK. 175 G




**95** kr/stk.
áður 119 kr/stk.

## CROISSANT
SÚKKULAÐI

50% afsláttur



**115** kr/stk.
áður 229 kr/stk.

## BEYGLUR
HREINAR/KANIL OG RÚSÍNUM




2 FYRIR 1
**289** kr/2 PK.
FRÁBÆRT VERÐ!

## FROSNIR ÁVEXTIR
SUMMER FRUIT SALAT
454 G

## FROSNIR ÁVEXTIR
SUNBURST MANGO 454
G




40% afsláttur

SPARIÐ 199 KR
**299** kr/kg
áður 498 kr/kg

SPARIÐ 279 KR
**419** kr/kg
áður 698 kr/kg

## SAFAR
SPLASH 200 ML

34% afsláttur




**39** kr/stk.
áður 59 kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**Tilboðin gilda 10. - 13. nóvember**
eða meðan birgðir endast

# Gagnrýnin umræða um eigin verk

Ríkisstjórnin hefur innleitt þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og unnið efnahagsáætlun. Þar birtast mælanleg markmið um framgöngu stjórnvalda í efnahagsmálum. **Árni Páll Árnason** efnahags- og viðskiptaráðherra segir ***Kolbeini Óttarssyni Proppé*** að efnahagsáætlunin boði bætt vinnubrögð í stjórnsýslunni.



**SAMRÆMING EFNAHAGSSTJÓRNAR** Árni Páll Árnason segir að með nýrri efnahagsáætlun skapist einstakt tækifæri til að bæta stjórnsýsluna í anda þeirra krafna sem fram komu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Áætlunin ýti undir gagnrýna umræðu um frammistöðu stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikið hefur skort á samstillta hagstjórn hér á landi, að mati Árna Páls. Það sé ein af niðurstöðum skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Til að bregðast við því hafi ráðuneyti efnahags- og viðskiptamála verið stofnað; til að hægt væri að ná yfirsýn yfir alla þætti efnahagsþróunar. Þannig skapaðist tæki til að stilla saman strengi.

„Við höfum á vissan hátt lært ný vinnubrögð af samvinnunni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS). Hann setti upp plan til nokkurra ára með mælanlegum markmiðum til skamms tíma í senn. Reglulega komu út skýrslur frá starfsmönnum sjóðsins þar sem árangurinn var metinn og jafnhliða var gengið frá viljayfirlýsingu fyrir næsta áfanga og tilgreint hvað gera ætti í framhaldinu. Um íslenska stjórnsýslu má kannski nota þá lýsingu sem góður maður hafði eitt sinn um norska landsliðið í fótbolta; að það væri eins og leikmennirnir væru að spila hver í sínum firði. Ágallinn við kerfi íslenskrar stjórnskipunar hefur verið sá hve auðvelt hefur verið að standast þrýsting um samstilltar aðgerðir.

Að þessu leyti náðist mikill árangur í samstarfinu við AGS. Þó svo menn hefðu ólíkar skoðanir á samstarfinu sem slíku þá unnu öll ráðuneytin að þeim markmiðum sem við settum okkur í samvinnu við sjóðinn.“

Árni segir að samstarfið hafi tryggt flæði upplýsinga þvert á ráðuneyti og fólk hafi farið að skynja sig sem hluta af heild. „Nú þegar samstarfinu lýkur megum við ekki fara aftur í gamla kreppta hagstjórnarkerfið. Að breyta því er mikilvægt fyrir hagvöxt til næstu ára.

Við getum auðvitað gert þetta eins og svo oft hefur verið gert; að byggja velsæld á stórfelldri erlendri skuldsetningu með tilheyrandi afdrifaríkum afleiðingum fyrir efnahagslegan stöðugleika og gengisþróun. Það viljum við ekki gera, við viljum koma á stöðugleika og höfum einstakt tækifæri núna til að breyta stjórnsýslunni.“

### Skortur á gagnrýni

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu var falið að vinna efnahagsáætlun í samvinnu við önnur ráðuneyti. Hún verður endurskoðuð í febrúar og reglulega í kjölfarið. Árni Páll vonast til þess að heildarumgjörð hagstjórnarinnar batni í kjölfarið.

„Til þess þarf að styrkja innviðina hér í ráðuneytinu til að við ráðum við þetta verkefni. Hins vegar er líka mjög æskilegt að hafa hlutlausa stofnun sem endurmetur þessi verk okkar, eins og aðrar forsendur í þjóðlífinu. Hún væri í ætt við Þjóðhagsstofnun sálugu, en þarf hvorki að bera sama heiti né vera eins upp sett. Það vantar sjálfstæða stofnun sem getur gagnrýnt okkar verk og okkar árangur eins og allra annarra.“

Árni Páll segir mikilvægt að hvetja til opinnar gagnrýni á verk stjórnvalda. Engin leið sé að lofa því að þau verk sem tiltekin séu í áætluninni standist á réttum tíma. Unnið verði að því að það náist í samvinnu við fagráðuneytin, en ómögulegt sé að lofa niðurstöðunni. Mikilvægast sé þó að setja mælanleg markmið.

„Það að setja mælanleg markmið þýðir að við þurfum að svara fyrir það ef við náum þeim ekki. Það er mikilvæg nýbreytni fyrir stjórnvöld að setja mælanleg markmið um árangur og þurfa að svara fyrir; af hverju var þetta ekki gert, hver eru rökin fyrir því?

Ástæðan fyrir hagstjórnarmistökunum á árunum fram til 2008 var að stærstum hluta að menn forðuðust alla gagnrýna umræðu um eigin verk. Vandaðri gagnrýni á óábyrgar skattalækkanir, til dæmis á árunum upp úr 2003, var ýtt út af borðinu. Þá voru skattar lækkaðir langt umfram það sem samræmdist ríkisrekstri í meðalári og ekkert hlustað á gagnrýni.“

### Útflutningsdrifinn hagvöxtur

Tiltekin verkefni er að finna í efnahagsáætluninni og Árni Páll segir að þeim muni fjölga í næstu endurskoðun. Um viðvarandi verkefni sé að ræða.

„Uppleggið er að við ætlum að byggja velsæld næstu áratuga á öðru módeli en hingað til hefur verið gert. Í stað eftirspurnardrifins hagvaxtar, sem keyrður var áfram, annars vegar með skuldsetningu ríkissjóðs lengi framan af og hins vegar með stórkostlegum orkuframkvæmdum með milligöngu ríkisins, viljum við byggja efnahaginn á sjálfbærum, útflutningsdrifnum hagvexti. Við viljum reyna að örva aðrar útflutningsgreinar en við höfum nú þegar.“

Árni Páll segir það ekki vera vegna lítils trausts á þær greinar sem fyrir eru. Hins vegar þurfi að auka afkastagetuna í hagkerfinu. „Við sjáum það í kjölfar hrunsins að það er óþægilega lítil aukning í útflutningi miðað við þær góðu aðstæður sem eru í hagstæðu raungengi. Það segir okkur að þær greinar sem við byggjum á eru mjög náttúruháðar, bæði sjávarútvegur og orka. Við þurfum að byggja upp fleiri greinar sem geta vaxið ótakmarkað. Það eru þær greinar sem byggja á þekkingu og geta skapað virðisauka og betur launuð störf í ríkari mæli, auk fjölbreyttari starfa í ferðaþjónustu.“

### Samvinna ráðuneyta

Fjölmörg mál eru þannig vaxin að þau snerta mörg ráðuneyti. Árni Páll segir að með efnahagsáætluninni náist utanumhald um slík verkefni. Slíkt hafi lengi skort.

„Við höfum dæmi í aðdraganda hrunsins þegar ákvarðanir í húsnæðismálum voru teknar úr öllu efnahagslegu samhengi. Það var mjög dýr lexía íslenskri þjóð. Það skiptir miklu máli að ákvarðanir sem eru teknar í velferðarráðuneyti, svo dæmi séu tekin, sem hafa áhrif á efnahagslega velsæld okkar næstu árin séu í samhengi við efnahagsáætlunina.“

> Það að setja mælanleg markmið þýðir að við þurfum að svara fyrir það ef við náum þeim ekki.

Í þeim efnum nefnir Árni sem dæmi húsnæðismál. Fjölmargir þættir hafi áhrif á þann málaflokk. „Framboð á lóðum tengist beint heildarsýn um valkosti í húsnæðismálum og eins lánaframboð. Allt tengist þetta því að við þurfum fjármálamarkað sem gerir okkur kleift að byggja upp þann húsakost sem við þurfum. Það þarf að greiða úr óvissuþáttum og koma í veg fyrir að ákvarðanir sem hafa mjög mikla efnahagslega þýðingu, eins og til dæmis vextir Íbúðarlánasjóðs og hámark veðsetningarhlutfalla, séu teknar í samhengi við efnahagsstefnuna að öðru leyti.“

### Agi í ríkisfjármálum

Ráðherra segir það grundvallarforsendu efnahagslegrar velsældar á næstu árum að jöfnuður náist í ríkisfjármálum. Halda verði áfram á þeirri braut sem þegar hafi verið mörkuð um aga í ríkisfjármálum og hvergi megi hvika frá markmiðum um jöfnuð árið 2014.

„Það er ekki vegna þess að okkur langi til að skera niður. Það er vegna þess að ef ríkið er með ósjálfbæra skuldastöðu þá mun það til langframa þurfa að afla sér fjár á innlendum lánamörkuðum og ryðja burt fyrirtækjum og heimilum. Vaxtastig fyrirtækja og heimila verður þá allt of hátt. Ef ríkið er í samkeppni við fyrirtækin og heimilin um peninga, þá verður óbærilegt að búa á þessu landi.“

Árni Páll segir þau lönd sem best koma út úr núverandi erfiðleikum séu þau sem voru minnst skuldsett áður en til þeirra kom. Þau hafi getað nýtt ríkissjóð til sveiflujöfnunar.

„Þess vegna skiptir svo miklu máli að ná jöfnuði í ríkisfjármálum árið 2014 og halda síðan hratt áfram að greiða niður skuldir til þess að ríkið geti komið sér sem fyrst af hættusvæðinu og við stöflum ekki ósjálfbærri skuldastöðu upp langt fram í tímann.“

## Skattahækkanir voru nauðsynlegar

Árni Páll segir að það sem verði að leggja áherslu á í efnahagsáætluninni sé samtal á milli stjórnvalda, atvinnulífs, aðila vinnumarkaðarins og samfélagsins alls um það hvert eigi að stefna. Efla þurfi samkeppnishæfni atvinnulífsins, en menn verði að horfast í augu við stöðuna eins og hún var eftir hrun. Ríkisstjórnin sé boðin og búin til að setjast yfir skattkerfisbreytingar og svara efnislegri gagnrýni. Skoða megi hvort einhvers staðar hafi verið farið offari, hvort hægt sé að ná sama árangri með minni kostnaði og ýmsum breytingum.

„Það er ekki þar með sagt að menn geti sagt að hægt sé að afturkalla allar skattahækkanir sem allir vita að voru nauðsynlegar. Menn eru að forðast að ræða þá einföldu staðreynd að í þjóðhagsspá árið 2006 lá fyrir að það yrði halli á ríkissjóði árið 2008 þegar framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun linnti. Með öðrum orðum þá var búið að veikja tekjuöflunargrunn ríkisins, með innistæðulausum skattalækkunum, að menn þoldu ekki eitt einasta venjulegt ár.

Síðan höfum við upplifað mörg óvenjuleg ár. Ætla menn þá að segja að það sé hægt að fara aftur í skatthlutföllin eins og þau voru árið 2006? Það væri óðs manns æði og það vita allir. Mér finnst við skulda okkur sjálfum efnisríkari og sanngjarnari umræðu um grundvallarforsendur efnahagslífsins en svona bull.“



Ómissandi á jólunum
Verð frá 1.890 kr.
Hátíða kaffi
KREMBRAUÐ
BISCOTTI
GRÝLUKANILL
KENIA
Kaffitár
Verð frá 4.500 kr.
5.500 kr.
Verð frá 7.500 kr.
10.900 kr.
8.800 kr.
www.kaffitar.is
Jólagjöfin mín í ár ...
Kaffitár
www.baddydesign.com

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eftirliti með símahlerunum ábótavant:

## Hver er að hlusta?

Lögreglan hefur beitt símahlerunum í mjög vaxandi mæli við rannsókn sakamála á undanförnum árum. Undanfarin tvö ár hafa dómstólar þannig kveðið upp rúmlega 170 úrskurði á ári sem heimila lögreglu að hlera síma fólks. Framan af þessu ári virðist þróunin sú sama. Sjálfsagt munar hér talsvert um rannsóknir embættis sérstaks saksóknara, sem fékk 72 sinnum heimild til símhlerana í fyrra.

Símahleranir geta verið nauðsynlegt rannsóknarúrræði en mikilvægt er að beita því ekki of frjálslega, þar sem þær vega augljóslega að friðhelgi einkalífs.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ýmsir hafa þó áhyggjur af að á eftirlit með þeim skorti. Róbert Spanó, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, gagnrýndi skort á eftirliti með hlerununum í pistli sínum hér í blaðinu í byrjun mánaðarins. Hann benti á að ríkissaksóknari ætti að fylgjast með að lögreglustjórar sinntu þeirri skyldu sinni að tilkynna þeim sem væru hleraðir um það eins fljótt og verða mætti, en saksóknari hefði upplýst að því eftirliti væri lítið sinnt vegna fjárskorts.

Róbert lagði sömuleiðis til að skoðað yrði hvort ástæða væri til að skipa sérstakan talsmann þess sem væri hleraður, líkt og tíðkast í Danmörku og Noregi. Vegna þess að enginn gætir hagsmuna þess sem sætir rannsókn eru dómsúrskurðir um símhleranir aldrei kærðir til Hæstaréttar. Aukinheldur liggja engar upplýsingar fyrir um hversu mörgum hleranabeiðnum dómstólar hafna. Þá taldi Róbert vafa leika á hvort við brotum sem sérstakur saksóknari rannsakaði lægi í öllum tilvikum nægilega þung refsing til að réttlæta að þessu rannsóknarúrræði væri beitt.

Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, tók undir gagnrýnina í helgarblaði Fréttablaðsins. Það sama gerðu Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra í umræðum á Alþingi fyrr í vikunni. Ögmundur sagðist hafa vakið athygli ríkissaksóknara á málinu og daginn eftir gat Fréttablaðið sagt frá því að saksóknari hygðist nú efla eftirlitið og krefðist þess af dómstólum að fá afrit af öllum úrskurðum í hlerunarmálum, sama hvort hleranir væru samþykktar eða ekki.

Í gær sagði Fréttablaðið síðan frá því að starfsmaður símafyrirtækis lægi undir grun um að hafa hlerað símtal í heimildarleysi. Það er ósannað hvort svo er, en einnig kom fram að ekkert ytra eftirlit væri með framkvæmd símahlerana hjá símafyrirtækjunum. Ásgeir Karlsson, yfirmaður greiningardeildar ríkislögreglustjóra, telur að nauðsynlegt sé að lögreglan athugi bakgrunn starfsmanna sem taki þátt í framkvæmd símahlerana.

Almenningur verður að geta treyst því að lögregla beiti ekki símahlerunum nema rík ástæða sé til og grunur leiki á alvarlegum glæpum. Fólk verður sömuleiðis að geta treyst því að fjarskiptaleynd sé rækilega tryggð hjá símafyrirtækjunum. Það eru gagnkvæmir hagsmunir þeirra og viðskiptavinanna að meira eftirlit sé með þeim starfsmönnum sem taka þátt í að framkvæma hleranir. Síðast en ekki sízt hlýtur ríkissaksóknari að verða að gegna sínu lögbundna eftirliti með rannsóknum lögreglunnar. Þar geta menn ekki borið fyrir sig fjárskort. Ef lögreglan hefur mannskap til að hlera 170 manns á ári verður saksóknari að hafa mannskap til að hafa eftirlit með þeirri starfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Valið af handahófi?

Frumtök, Félag atvinnurekenda og Samtök verslunar og þjónustu hafa unnið heljarinnar greiningu á íslenskum lyfjamarkaði og falið hana velferðarráðuneytinu til úrvinnslu. Greiningin er allrar athygli verð, og ekki síður myndavalið í skýrslunni. Forsíðuna prýðir mynd af dreyminni ungri konu sem flatmagar á grasbala og er ekki sýnilega lyfjuð eða lasin. Inni eru tvær myndir, önnur af miðaldra fólki í gönguferð og hin af konu sem liggur innan um haustlauf og les í bók. Það þarf býsna skapandi hugsun til að tengja þetta íslenska lyfjamarkaðnum og að manni læðist sá grunur að höfundar hafi tekið rannsóknir sínar á honum skrefi of langt.



### Engin meiri háttar mistök

Jónas Fr. Jónsson hefur frá hruni haldið því sjónarmiði ötullega á lofti að hann hafi ekki gert nein alvarleg mistök við stjórnvölinn hjá Fjármálaeftirlitinu. Stofnunin hafi bara verið undirmönnuð og því ekki í stakk búin til að fylgja eftir örum vexti bankanna.



### Íslenski súrrealisminn

Þess vegna jaðrar það við súrrealisma að Jónas skuli núna verja hendur Ingólfs Guðmundssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Íslenska lífeyrissjóðsins, í dómsmáli gegn FME. FME telur að Ingólfur hafi sýnt lausatök við stjórn sjóðsins árið 2008, ekki brugðist rétt við aðstæðum og matað FME á röngum upplýsingum – og það í forstjóratíð Jónasar. Hlutverk Jónasar er að reyna að sannfæra dómara um að starfsfólk FME, þeirra á meðal Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri hans um árabil, sé úti að aka í málinu. Þessu rugli tryðu líklega fáir utan landsteinanna.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Langtímaáætlun um verndun og orkunýtingu

Orkumál



Hólmfríður Sigurðardóttir
umhverfisstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Nú hillir undir að Rammaáætlun fái formlega stöðu eftir afgreiðslu Alþingis. Fjöldi fólks hefur komið að undirbúningi áætlunarinnar, þar á meðal margt færasta vísindafólk þjóðarinnar. Orkuveita Reykjavíkur hefur átt þess kost að koma að undirbúningi og mótun þeirra aðferða sem beitt hefur verið til að ná víðtækri sátt um orkumál eftir áralangan ágreining. Fyrir það er þakkað.

Allt frá því snemma á síðustu öld hafa Reykvíkingar þurft að sækja sér orku til lýsingar og hitunar í önnur sveitarfélög. Höfuðborgin stendur á nesi og hefur neysluvatn, rafmagn og heitt vatn verið sótt sífellt austar, fyrst í Elliðaárnar og nú síðast upp undir Hengil. Hagsmunir borgarsamfélagsins hafa því lengi legið í því hvaða aðgang það hefur að orkugjöfum til langrar framtíðar.

OR sér þorra Íslendinga fyrir hitaveitu. Í umsögn sinni um Rammaáætlun leggur fyrirtækið áherslu á að orkuvinnsla til lengri framtíðar sé ekki útilokuð á þeim hluta Hengilssvæðisins sem talið er best fallið til slíkra umsvifa, þ.e. við Bitru. Það er mikilvægt að Orkuveitan hafi tiltæk nokkur vinnslusvæði í Henglinum sem sátt er um að nýta í áföngum. Þau þurfa að tryggja örugga orku á veitusvæðinu en einnig þurfa þau að standa undir sjálfbærum rekstri jarðhitasvæðanna.

Stjórn OR hefur nýlega ítrekað að engin áform séu að svo stöddu um byggingu Bitruvirkjunar. Litið til framtíðar leggur OR til að Bitru verði raðað í biðflokk. Með því að setja nýtingu þar í bið er skapað svigrúm til að fara heildstætt og vandlega yfir mið- og austurhluta Hengilsvæðisins og ganga lengra í greiningu, samráði og stefnumörkun en gert hefur verið til þessa. Þannig verður unnt að afla frekari upplýsinga og fá fram betri lausnir, byggða á reynslu, en hingað til um hvaða áhrif orkunýting þar muni hafa á náttúrufar og útivistargildi svæðisins. Það er sú leið sem OR vill fara. Þeim upplýsingum og sjónarmiðum sem að baki henni búa er lýst í umsögn OR sem birt er á www.rammaaaetlun.is.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hlegið að nöfnum fólks

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Úrskurðir mannanafnanefndar vekja jafnan athygli og kátínu almennings. Algengustu viðbrögð manna eru annaðhvort „Hvað er fólkið í þessari nefnd eiginlega að spá?“ eða „Hver gerir barni sínu þetta?“ Fyrri spurningin byggir á vanþekkingu, sú síðari er réttlæting eineltis.

En fyrst nokkur orð til varnar mannanafnanefnd. Stundum má heyra örla á þeirri tilfinningu fólks að nefndin rambi á úrskurði sína með því að setja umsóknir í svartan hatt og draga. Það er fjarri lagi. Nefndin fylgir lögum og hefðum (og raunar líka reglum um það hvað telst vera hefð), þegar hún kveður upp úrskurði sína. Nefndin ályktar ekki um hvort henni finnist nafnið „asnalegt“ ólíkt því sem sumir virðast halda að hlutverk hennar sé, eða eigi að vera.

Sé rýnt í úrskurði nefndarinnar má fljótt sjá að þeir eru almennt fyrirsjáanlegir. Ef nafnið er ritað á íslenskan máta og hægt er að neyða eignarfalli á það með einhverju móti þá er það samþykkt. Ef ekki þá er nafninu hafnað nema ef nógu margir skrifa það „vitlaust“ nú þegar. Þannig myndi kvenmannsnafnið „Fegurð“ verða samþykkt, því dóttir Fegurðar gæti án vandkvæða heitið Fegurðardóttir. Nöfn eins og Coco eða Wojciech myndu hins vegar ólíklega verða samþykkt, því þau eru ekki skrifuð í samræmi við íslenska málhefð. Nafn eins og Carla er ekki skrifað í samræmi við íslenskar reglur, en þar sem nógu margir heita því hvort sem er er undantekningin orðin hluti af reglunni og nafnið er löglegt.

### Orrustan um kommurnar

En þótt nefndin sé almennt samkvæm sjálfri sér og fari að lögum þá er ekki þar með sagt að hennar sé þörf. Það ætti ekki að þurfa aðra mannanafnanefnd en foreldra barns. Foreldrum er treyst fyrir flestum þáttum í uppeldi barna, það ætti að treysta þeim fyrir þessu einnig.

Ótti manna um að fólk sé í stórum stíl að fara gefa börnum einhver „ruglnöfn“ virðist ekki á rökum reistur. Séu erindi sem borist hafa til mannanafnanefndar seinustu ár skoðuð finnast seint nöfn sem sett eru fram af illum ásetningi. Oftast eru þetta einhverjar orrustur um kommustafi, fólk vill skrifa Manuela en ekki Manúela eða Annalísa í einu orði. Og hvern myndi það skaða? Auðvitað ekki nokkurn mann. Leyfum fólki nú bara að ráða þessu.

### Hinir fordómafullu hinir

En sumir eru hræddir við að allt fari úr böndunum. Á kaffistofum spyrja menn spurninga á borð við: „Hver vill gera börnunum sínum þetta? Verður krakkanum ekki strítt?“ Dæmin sem menn taka eru raunar stundum ekki einu sinni rétt heldur endurtaka menn brandara um fyndin tvínöfn sem þeir hafa heyrt einhvers staðar. En það kviknar sem sagt þessi þörf til að bjarga öðrum frá því að fara fram úr sjálfum sér. Hún er rökstudd með þekktasta móðursýkisfrasa allra tíma: „En hvað með börnin?“

Börnin eru auðvitað ekki vandamálið. Vandamálið er einmitt að í hvert skipti sem við ræsum umræður á borð við „Spáðu í því að heita Kaka, manni er örugglega strítt endalaust!“ erum við að gefa skotleyfi á allt fólk sem heitir því nafni. Börn sem hlýða á þannig samtöl læra að sumt fólk heitir „asnalegum“ nöfnum og að það sé í lagi að gera svolítið grín að því. Og þau endurtaka grínið næst þegar þau hitta einhvern sem heitir Kaka.

> Það ætti ekki að þurfa aðra mannanafnanefnd en foreldra barns. Foreldrum er treyst fyrir flestum þáttum í uppeldi barna, það ætti að treysta þeim fyrir þessu einnig.

Þetta minnir dálítið á umræðu um ættleiðingar samkynhneigðra: Temmilega fordómafullt fólk vildi ekki leyfa börnum að alast upp hjá samkynhneigðum foreldrum, til að verja börnin fyrir að ákasti virkilega fordómafulls fólks.

### Að lokum

Íslensk nafnalög eru ekki lengur ein þau ströngustu í heimi. Tiltölulega mikið frjálsræði er leyft en stærsti hluti þeirra erinda sem hafnað er af mannanafnanefnd snýr að óhefðbundinni stafsetningu nafna. Það mætti stíga enn lengra, gera eins og Danir sem samþykkja nöfn sem eru viðurkennd í öðrum ríkjum. En það væri líka hægt að leyfa fólki bara að ráða þessu. Þótt ótrúlegt megi virðast þá eru til milljóna manna ríki þar sem börn fæðast og eru skírð án þess að opinberar nefndir þurfi að leggja blessun sína yfir nöfn þeirra.

AF NETINU

### Kostaðar háskólastöður



Að sjálfsögðu er það óþolandi tilhugsun að akademískar stofnanir hér á landi skuli hugsanlega miðla öðru en akademískum niðurstöðum vegna beinna tengsla viðkomandi stöðuhafa við sérhagsmuni. Það eina sem þó getur skorið þar úr um eru rannsóknir á því efni sem miðlað hefur verið af þeim sem gegna eða hafa gegnt þessum stöðum. Hreinlegast er samt að útrýma þessu fyrirkomulagi með því að tryggja nægar fjárveitingar til háskólastigsins en þangað til það verður gert væri til mikils að vinna að stöðva þetta. Þar ber Háskóli Íslands að sjálfsögðu höfuðábyrgð en ekki síður menntamálaráðherra landsins.

http://blog.eyjan.is/thorsaari/

Þór Saari



# Vatnsmýrarbyggð verður djásn í höfuðborginni


Reykjavíkurflugvöllur



Gunnar H. Gunnarsson
verkfræðingur



Örn Sigurðsson
arkitekt


Ómari Ragnarssyni, þeim fjölhæfa og athafnasama snillingi, fatast illilega flugið í grein í Fréttablaðinu hinn 9. nóvember sl., sem hann ritar til varnar flugvellinum í hjarta Reykjavíkur. Þar telur Ómar sig ugglaust eiga persónulegra hagsmuna að gæta sem flugrekandi og flugvélareigandi. Í skrifum sínum lítur hann fram hjá öllu, sem máli skiptir í umræðu um víðtæka framtíðarhagsmuni borgarbúa og annarra landsmanna.

Stjórnlagaþingsmaðurinn Ómar sleppir því að nefna fyrstu almennu atkvæðagreiðslu á Íslandi, ef frá eru taldar kosningar um brennivín, hunda, fullveldi 1918 og stofnun lýðveldis 1944, þegar Reykvíkingar ákváðu 2001 að Reykjavíkurflugvöllur skyldi lagður niður eigi síðar en 2016 .

Ómar getur þess ekki að Reykvíkingar fengu full yfirráð yfir kjörlendi sínu í Vatnsmýri hinn 1. janúar 1932 til þess eins að þróa þar áfram ört stækkandi höfuðborg. Þetta var níu árum áður en Bretar byggðu herflugvöll í Vatnsmýri og 14 árum áður en ríkið gerði hann með valdi að borgaralegum flugvelli í stríðslok gegn brýnustu hagsmunum og vilja Reykvíkinga.

Ómar nefnir ekki einu orði að árið 2005 var samþykkt með 14 atkvæðum í borgarstjórn Reykjavíkur að efna til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um skipulag Vatnsmýrar. Árið 2007 bárust alls 136 glæsilegar tillögur frá mörgum færustu sérfræðingum heims á sviði borgarskipulags. Engin tillagnanna gerði ráð fyrir flugvelli þó samkeppnisgögn heimiluðu það.

Margsinnis hefur verið sýnt fram á þjóðhagslega arðsemi þess að byggja í Vatnsmýri, m.a. í skýrslu, sem ráðgjafarfyrirtækið ParX vann fyrir samgönguráðherra 2007. Þar kemur fram að á verðlagi 2005 verður þjóðarbúið af a.m.k. 3.500.000.000 kr. á hverju því ári, sem ekki er byggt í Vatnsmýri. Aðrir telja að tap þjóðarbúsins sé að minnsta kosti fjórfalt eða um 14 milljarðar kr. á ári.

Þétting byggðar er mannvæn, umhverfisvæn og þjóðhagslega arðsöm. Nú kostar akstur á höfuðborgarsvæðinu á 3ja hundrað milljarða kr. á ári, en með fullbyggðri þéttri og blandaðri byggð í Vatnsmýri sparast verulegur hluti þess fjár eða allt að 40%.

Talið er að frá og með árinu 2013 skapist þörf fyrir smáar og meðalstórar fjölbýlishúsaíbúðir miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem ungar fjölskyldur komast af með einn bíl eða engan.

Ef ekki er unnt að koma til móts við eftirspurnina í Vatnsmýri mun verulegur hluti þessa hóps neyðast til að setjast að í nýjum úthverfum utan við núverandi jaðar höfuðborgarsvæðisins, einkum í nágrannasveitarfélögunum. Það mun leiða til áframhaldandi stjórnlausrar útþenslu byggðar og aukins kostnaðar samfélagsins með tilheyrandi skerðingu lífskjara.

Reykvíkinginn Ómar Ragnarsson skortir tilfinningu fyrir brýnustu hagsmunum höfuðborgarbúa. Þeir hagsmunir eru að sjálfsögðu að losna sem allra fyrst við flugvöllinn úr Vatnsmýri. Flugvélareigandinn og flugrekandinn Ómar ætti að snúa sér að Ögmundi ráðherra samgöngumála, sem hangir á Vatnsmýrarflugvellinum eins og hundur á roði og benda honum á að það eru langtímahagsmunir flugrekenda að skapa stöðugleika og ró um miðstöð innanlandsflugsins.

Í því skyni gæti ríkið t.d. gert nýjan flugvöll uppi á Hólmsheiði fyrir u.þ.b. 15 milljarða króna og átt um 20.000.000.000 kr. í afgang eftir sölu á ríkislóðunum í Vatnsmýri.

Heldur þú ekki Ómar að ríkið gæti notað þetta fé í samgöngumannvirki á þessum síðustu og verstu tímum? Vantar ekki peninga t.d. í Dýrafjarðargöng, Norðfjarðargöng, Öskjuhlíðargöng og Kópavogsgöng?

Vatnsmýrin er eins konar ormagryfja lýðveldisins. Í umræðum um hana mætist flest það versta í íslenskum stjórnmálum og samræðuhefð. Þar rekast á sýndarhagsmunir dreifðra byggða og gamla bændasamfélagsins annars vegar og hins vegar meginhagsmunir hins unga borgarsamfélags.

Samgönguyfirvöld hafa áratugum saman staðið fyrir skipulegri áróðursherferð gegn helstu hagsmunum höfuðborgarbúa og kallað til mikinn liðsstyrk hollvina flugsins, þeirra sem með einum eða öðrum hætti gætu talist eiga persónulegra hagsmuna að gæta af áframhaldandi veru flugvallar í Vatnsmýri.

Í málflutningi sínum byggir þessi hópur á þröngum einkahagsmunum, tilfinningatengdum rökleysum, órökstuddum fullyrðingum, tilbúningi og útúrsnúningum en sniðgengur um leið grundvallaratriði samræðunnar, þ.e. rökstuðning, sanngirni og faglegg vinnubrögð. Skrif Ómars Ragnarssonar flugrekanda bera öll þessi einkenni.

# Viljum við skítugt kvöld í Kópavogi?


Samfélagsmál



Erla Karlsdóttir
formaður jafnréttis- og mannréttindaráðs Kópavogsbæjar



Héðinn Sveinbjörnsson
formaður frístunda- og forvarnanefndar Kópavogsbæjar


Eitt vinsælasta, umdeildasta og kynþokkafyllsta partý fyrr og síðar mun eiga sér stað á skemmtistað í Kópavogi næstkomandi laugardag.“ Lýsingarorðin eiga skipuleggjendur viðburðarins.

Hvað er það sem verið er að bjóða upp á? Hér er verið að tala um dans í búrum, undirfatasýningu og erótíska mynd á breiðtjaldi.

Nokkur umræða hefur skapast um þennan atburð síðustu daga. Hér er enn eitt tilboðið í skemmtanaflóru landans og aðspurður í viðtali við bleikt.is, hvort kvöldið væri á gráu svæði, svarar skipuleggjandinn: „Já, það er á gráu svæði þó við séum ekki að gera neitt sem er ólöglegt, a.m.k. ekki fólk á okkar vegum.“

Okkur þykir miður að skemmtistaður í Kópavogi hafi valið að hýsa skemmtun sem þessa. Á auglýsingamyndbandi fyrir atburðinn sést að karlmenn eru í miklum meirihluta og að konur eru eins og söluvara eða dýr í búri. Birtingarmyndin er því miður kunnugleg. Konur eru lítilsvirtar og þar af leiðir er leyfilegt að niðurlægja þær á þennan hátt.

Við þurfum að snúa þessari mynd við. Okkur er það til efs að nokkur faðir vilji sjá dóttur sína dansa, nánast nakta, fyrir framan ölvaða drengi sem eru svo látnir ræða í myndbandi hvort „viðkomandi hafi fengið standpínu“!

**Hin siðferðilega ábyrgð**

Það er varla tilviljun að á myndbandinu sést enginn strákur dansa á nærbrókinni í búrinu! Nú eða dansa eggjandi við annan strák! Skipuleggjandi passar sig samt á því að segjast bjóða svokölluð „bodyshots“ eða skot af karlmannskroppum! Réttlætir það allt hitt? Nei. Alls ekki. Þetta snýst um skilaboðin sem verið er að senda og hvernig samfélagi við viljum búa í.

Þetta kvöld er niðurlægjandi fyrir alla þá sem í hlut eiga: Konurnar, karlana, skemmtistaðinn og bæjarfélagið. Mest er þó ábyrgð og siðferðileg skylda skipuleggjandans. Um leið er sorglegt að sjá auglýst að viðburðurinn sé fyrir átján ára og eldri. Með því er verið að höfða til ungs fólks sem ekki hefur leyfi til þess að kaupa áfengi. Skemmtistaðurinn hefur þar með ákveðið að leyfa aðgang þessa aldurshóps.

Ábyrgð hans er að framfylgja lögum og ábyrgð lögreglu er að hafa virkt eftirlit með samkomum með þessu aldurstakmarki og tryggja öryggi gesta. Ábyrgð heimilanna er að uppfræða ungmenni sín um hvers kyns mismunun og fylgja lögum.

Að því sögðu hvetjum við þá sem standa að baki þessu til að hætta við uppákomuna. Við virðum ungmenni þessa lands og við ætlumst til þess að þeir sem gefi sig út fyrir að bjóða afþreyingu geri slíkt hið sama.

# Bil milli bíla og öryggi um borð í vögnum


Umferðarmál



Reynir Jónsson
framkvæmdastjóri Strætó bs.


Öryggisdagar Strætó bs. og VÍS eru nú hafnir og standa út nóvembermánuð. Á Öryggisdögum hvetjum við alla þátttakendur í umferðinni til að sýna aðgát, tillitssemi og ábyrga hegðun á götum úti og taka þannig þátt í því með okkur að auka öryggi allra í umferðinni. Að þessu sinni er sérstök áhersla lögð á að halda hæfilegu bili á milli bíla og fækka með því aftanákeyrslum, sem eru algengasta orsök umferðaróhappa á höfuðborgarsvæðinu. Ennfremur verður hugað að öryggi farþega þegar upp í vagninn er komið, hvatt til aukinnar aðgæslu og bent á leiðir til að fækka óhöppum um borð í strætó.

> Ef við getum náð jafngóðum árangri og raun ber vitni þá geta aðrir það einnig.

Veruleg fækkun hefur orðið á umferðaróhöppum hjá Strætó bs. á umliðnum árum. Sérstakt forvarnaverkefni Strætó í samstarfi við VÍS á sinn þátt í þeim árangri sem náðst hefur en það hefur verið í gangi frá því í ársbyrjun 2008. Markmið þess er að fækka slysum og stuðla að auknu öryggi vegfarenda. Þótt árangurinn fram til þessa sé uppörvandi fyrir Strætó ætlum við engu að síður að gera enn betur.

Tölur frá Umferðarstofu sýna að nú fer í hönd sá árstími sem alla jafna er hvað erfiðastur í umferðinni. Vissulega má aldrei slaka á þegar kemur að umferðaröryggi, en þegar veturinn gengur í garð þurfum við að vera sérstaklega á varðbergi, sýna fyllstu aðgát og tillitssemi, því það er mikið í húfi.

Reynsla okkar hjá Strætó sýnir að vel er hægt að fækka óhöppum í umferðinni ef ráðist er í verkefnið með skipulögðum hætti. Á árinu 2006 voru tjón Strætó í umferðinni 304 talsins og fækkaði í 297 árið eftir. Árið 2008 hófst forvarnarstarfið með VÍS og árangurinn lét ekki á sér standa, því slysum fækkaði í 268. Stóra stökkið kom svo 2009, því fjöldi tjóna hjá Strætó fór þá niður í 197 – og á síðasta ári fækkaði tjónum enn, eða í 157, sem gerir 48% fækkun á tímabilinu frá 2006 til 2010. Óhætt er að segja að það muni um minna, hvort sem litið er til slysa á fólki eða eignatjóns. Og við ætlum að gera enn betur. Það sem af er þessu ári gefur vonir um að það muni takast.

Við sem störfum hjá Strætó höfum sýnt gott fordæmi í umferðinni – og vagnstjórarnir okkar eiga heiður skilinn fyrir árangurinn síðustu ár. Ef við getum náð jafngóðum árangri og raun ber vitni þá geta aðrir það einnig. Til þess eru einmitt Öryggisdagarnir – að hvetja alla vegfarendur til að sýna aðgát, tillitssemi og ábyrga hegðun, ekki bara í nóvember, heldur alla daga ársins. Þannig næst árangur.

Við hjá Strætó ætlum að sýna gott fordæmi í umferðinni og vera vakandi akandi. Hvað með þig?




www.peugeot.is

# Góð ljón á góðu verði

## umhverfisvæn og áreiðanleg



## 107

Verð frá kr. **2.080.000**
Bílasamningur kr. **23.851** á mán.*

Eldsneytiseyðsla: **4,6L/100km****
$CO_2$ útblástur: **103g/km**



## 206+ *HDi-dísel*

Verð frá kr. **2.590.000**
Bílasamningur kr. **29.627** á mán.*

Eldsneytiseyðsla: **4,0L/100km****
$CO_2$ útblástur: **104g/km**

** Eldsneytiseyðsla og $CO_2$ útblástur eru miðuð við blandaðan akstur.

* Miðað við óverðtryggðan bílasamning til 84 mánaða í íslenskum krónum, 70% lánshlutfall og 8,95% vöxtum. Hlutfallstala kostnaðar er 9,75%. Aukabúnaður á 206+: Álfelgur.

Ertu í leit að hentugum bíl sem veldur þér ekki vonbrigðum þegar þú ert kominn á þjóðveginn? Ertu í leit að fágun, áreiðanleika og nútíma þægindum á verði sem þú hefur efni á. Þá eru Peugeot 107 og 206+ raunhæfir kostir sem koma þér á óvart hvað varðar öryggi, sparneytni og lágan rekstrarkostnað.
**Komdu og kynntu þér 107 og 206+, vel tamin ljón sem leika við hvern fingur.**

PEUGEOT
MOTION & EMOTION

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

# World Class alltaf nálægt þér
## Reiknaðu dæmið til enda




World Class Iceland
www.worldclass.is

Öllum kortum hjá World Class fylgir:
Aðgangur að sólarhringsopnun
Aðgangur að 9 heilsuræktarstöðvum
Aðgangur að 3 sundlaugum
Aðgangur að yfir 340 hóptímum á viku

Hjá World Class er frábær aðstaða fyrir börnin




**Kr. 5.970 í áskrift á mánuði**

**Engin binding kr. 7.590 á mánuði**

ATH ENGINN UPPHAFSKOSTNAÐUR

# REIKNAÐU DÆMIÐ TIL ENDA

# Upplýst umræða um erfðabreyttar lífverur?

Erfðabreytt matvæli

Jón Hallsteinn Hallsson
dósent í erfðafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands



Sandra B. Jónsdóttir ráðgjafi hefur nú með stuttu millibili birt tvær greinar í Fréttablaðinu þar sem hún gerir erfðabreyttar lífverur að umfjöllunarefni sínu. Svar mitt við fyrri grein Söndru birtist í Fréttablaðinu 20. október sl. en þar gerði ég alvarlegar athugasemdir við rangtúlkanir hennar á vísindalegum niðurstöðum. Í seinni grein sinni sem birtist hinn 25. október sl. vísar Sandra í nokkurn fjölda vísindagreina máli sínu til stuðnings og mætti í fyrstu halda að greinin væri vísir að upplýstri umræðu um málefnið. Svo er því miður ekki og sé ég mig því áfram knúinn til að leiðrétta nokkur atriði í máli Söndru.

Sandra vísar m.a. í niðurstöður Vázquez-Padrón o.fl. (1-3) og telur þær gefa vísbendingar um „að neysla erfðabreyttra matvæla sem innihalda Bt-eitur kunni að valda ofnæmis viðbrögðum og viðkvæmni gagnvart öðrum matvælum“. Niðurstöðurnar sem um ræðir eru í sjálfu sér áhugaverðar en hér eins og svo oft gengur Sandra of langt í ályktunum sínum. Vázquez-Padrón o.fl. könnuðu hvort próteinið Cry1Ac gæti valdið ónæmisviðbrögðum í músum og þó svo að músin sé um margt skyld manninum þá er ekki sjálfgefið að niðurstöðurnar megi yfirfæra á manninn eins og Sandra kýs að gera.

Hér er jafnframt mikilvægt að gera greinarmun á ónæmissvari og ofnæmi, en Vázquez-Padrón o.fl. minnast hvergi á ofnæmi í greinum sínum. Þá er einnig rétt að benda á að yfir eitt hundrað tegundir matvæla geta valdið ofnæmi í mönnum og eru þau viðbrögð í flestum tilfellum vegna próteina, en engin dæmi eru þekkt um ofnæmi gegn Cry-próteinum í mönnum þrátt fyrir áratugalanga notkun þeirra í landbúnaði.

Sandra vísar líka í rannsóknir sem sýna eiga fram á „áhrif á þróaðri spendýr“, þ.m.t. rannsókn Trabalza-Mainucci o.fl. (4) á sauðfé sem hún segir að hafi „[leitt] í ljós truflun á starfsemi meltingarkerfis í kindum sem fóðraðar voru á Bt-maís í þrjár kynslóðir og á starfsemi lifrar og briss í lömbum þeirra“.

Þessi niðurstaða Söndru er úr lausu lofti gripin. Í grein Trabalza-Mainucci o.fl. er tekið fram að erfðabreytta fóðrið hafði engin áhrif á heilbrigði dýranna og ekki sáust nein áhrif á aðra þætti sem skoðaðir voru. Það eina sem reyndist ólíkt milli hópa var að forathugun á frumum úr lifur og brisi leiddi í ljós mun, en sá munur virtist ekki hafa nein mælanleg áhrif á heilbrigði dýranna.

Aris og Leblanc (6) og það sem hún telur að séu vísbendingar um „flata genatilfærslu“. Hér verður Söndru enn á ný fótaskortur þar sem hún virðist ekki gera greinarmun á DNA og próteini, en þeir Aris og Leblanc mældu Cry1Ab próteinið en ekki DNA í blóðsýnum og minnast hvergi í grein sinni einu orði á „flata genatilfærslu“. Hvernig Sandra tengir þetta tvennt saman er mér óskiljanlegt.

Þrátt fyrir að Sandra vísi í ritrýndar vísindagreinar máli sínu til stuðnings og leitist þannig við að ljá umfjöllun sinni yfirbragð upplýstrar umræðu þá er niðurstaðan sú að umfjöllunin líður mjög fyrir takmarkaða þekkingu Söndru á viðfangsefninu. Það hvernig Sandra

> Að lokum get ég því ekki annað en hvatt Söndru til að kynna sér betur efni þeirra greina sem hún fjallar um á opinberum vettvangi og lesendur jafnframt til að lesa greinar Söndru um þessi málefni eftirleiðis með gagnrýnum huga.

Í tilvísun sinni í rannsóknir Duggan o.fl. (5) gerir Sandra þau klaufalegu mistök að slá saman tveimur óskyldum tilraunum þannig að úr verða niðurstöður sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Hér verður til í meðförum Söndru erfðabreytt örvera úr meltingarvegi sem þolin er fyrir sýklalyfjum og kallar Sandra bakteríu þessa „superbug“. Í reynd eru niðurstöðurnar óralangt frá þessu. Annars vegar var um að ræða athugun á niðurbroti DNA í meltingarvegi þar sem notast var við maís erfðabreyttan með Bt-geni og hins vegar rannsókn á því hvort nota mætti plasmíð (sem er lítil hringlaga DNA sameind) sem velkst hafði um í munnholi kindar til að ummynda bakteríur. Það er rétt athugað hjá Söndru að Duggan o.fl. fundu DNA úr maís í vömb en þeir taka jafnframt fram að uppruni þess sé að öllum líkindum úr ómeltum plöntuleifum og að óvarið DNA sé ólíklegt til að lifa lengi í vömbinni.

Að lokum er rétt að minnast á umfjöllun Söndru um rannsóknir slær saman ótengdum tilraunum í grein Duggan o.fl. (5) og það að hún gerir ekki greinarmun á DNA og próteinum er umhugsunarvert og hlýtur að vekja upp spurningar um skilning Söndru á því efni sem hún fjallar um.

Að lokum get ég því ekki annað en hvatt Söndru til að kynna sér betur efni þeirra greina sem hún fjallar um á opinberum vettvangi og lesendur jafnframt til að lesa greinar Söndru um þessi málefni eftirleiðis með gagnrýnum huga.

(1) Vázquez-Padrón o.fl. 2000. Brazilian Journal of Medical and Biological Research, 33[2], pp.147-155. (2) Vázquez-Padrón o.fl. 2000. Biochemical and Biophysical Research Communications, 271[1], pp.54-58. (3) Vázquez-Padrón o.fl. 1999. Life Sciences, 64[21], pp.1897-1912. (4) Trabalza-Marinucci o.fl. 2008. Livestock Science, 113, pp.178-190. (5) Duggan o.fl. 2003. The British Journal of Nutrition, 89[2], pp.159-166. (6) Aris og Leblanc. 2011. Reproductive Toxicology, 31[4], pp.528-533.

# Virkjanir útrýma göngufiski – þrátt fyrir mótvægisaðgerðir

Orkumál

Gísli Sigurðsson
íslenskufræðingur



Fimmtudaginn 3. nóvember sl. boðuðu verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands, Stofnun Sæmundar fróða og Verndarsjóður villtra laxastofna til kynningar og umræðufundar um fiskigengd í Þjórsá, áhrif virkjana á göngufiska í vatnakerfi Columbia- og Snake-ánna í Norðvestur-Bandaríkjunum og þær mótvægisaðgerðir sem í ráði er að grípa til vegna virkjanaframkvæmda Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár svo koma megi í veg fyrir hrun fiskistofna þar.

Aðalfyrirlesturinn var um reynslu Bandaríkjamanna af sams konar aðgerðum og Landsvirkjun hyggst grípa til. Hann var fluttur af dr. Margaret J. Filardo, forstöðumanni Fiskvegamiðstöðvarinnar (Fish Passage Center) í Oregon. Aðrir frummælendur voru Magnús Jóhannsson fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun og Helgi Jóhannesson verkfræðingur hjá Landsvirkjun.

Í máli dr. Filardo kom fram að laxastofnar í umræddu vatnakerfi hafa hrunið frá því að þar var byrjað að virkja. Stofnarnir eru nú komnir niður í um 10% af því sem þeir voru og genafjölbreytileiki hefur glatast endanlega. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að meira en 10 milljörðum Bandaríkjadala (ríflega þúsund milljörðum íslenskra króna) hafi verið veitt til mótvægis- og björgunaraðgerða af margvíslegum toga.

Einu aðgerðirnar sem hafa skilað sýnilegum bata fiskistofna hafa verið að fjarlæga stíflur. Þar sem það hefur verið gert hefur strax orðið viðsnúningur til hins betra fyrir fiskana og þá atvinnu- og menningarstarfsemi sem þeim tengist.

Að sjálfsögðu eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi vegna raforkuframleiðslunnar og því er enn leitað allra leiða til að betrumbæta göngumöguleika fiskanna. Hingað til hafa allar slíkar tilraunir í mesta lagi náð að hægja á hruninu.

Nú síðast eru vonir bundnar við tveggja ára gamla tækni til að fleyta seiðum framhjá virkjunum. Engin reynsla er þó komin á hvort hún muni reynast betur en allar hinar fyrri. Landsvirkjun til hróss má segja að það er einmitt þessi nýjasta tækni sem verkfræðingar hennar ætla að nota í Þjórsá. Vegna reynsluleysis er þó alltof snemmt að segja til um hvort hin nýja tækni muni duga.

Segja má að það sé of áhættusöm frumkvöðlastarfsemi að leggja það á Landsvirkjun að vera leiðandi á heimsvísu við að prófa tækni sem enginn veit hvort virkar – en vona bara það besta. Eins og kom fram í máli dr. Filardo hefur samstarfsfólk hennar vonað það besta áratugum saman í viðleitni sinni til að bjarga þeim fiskum sem bjargað verður. Sú von hefur því miður skilað litlu. Árangurinn af því starfi og hinni ríflega þúsund milljarða fjárfestingu ætti að verða okkur hvati til að stíga varlega til jarðar þegar kemur að því að taka ákvarðanir sem munu valda óafturkræfum spjöllum á lífríki Þjórsár – ef nokkuð er að marka reynslu annarra þjóða af virkjunum á gönguslóð fiska.

FRÁBÆRAR VÖRUR ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR!
ÚTSÖLUMARKAÐUR N1 Í HOLTAGÖRÐUM
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!
Á útsölumarkaðinum eru gæðavörur á góðu verði: ferðavörur, fatnaður, radíóvörur, leikföng, bílamottur, mótorhjólavörur, slökkvitæki, ofl.
Frábært tækifæri til að gera kjarakaup á þekktum vörumerkjum eins og Movera,Draper, Förch, Skil, Fristads omfl.
MIKIÐ ÚRVAL!


ÚTSÖLUMARKAÐUR N1 Í HOLTAGÖRÐUM – EFRI HÆÐ
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11-18 OG Á LAUGARDÖGUM FRÁ 12-18
WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
N1
Meira í leiðinni

# Svar til Heimis Eyvindarsonar

Fjármál

Oddný G. Harðardóttir
formaður þingflokks Samfylkingarinnar



Heimir Eyvindarson skrifaði grein fyrir skömmu sem bar yfirskriftina Til þingmanna Samfylkingarinnar. Í greininni veltir Heimir fyrir sér réttlæti í leiðréttingu skulda heimila og fyrirtækja. Það er mér bæði ljúft og skylt að svara grein hans með því að fara yfir stöðu mála.

Glíman við skuldavandann er eitt mikilvægasta en um leið flóknasta úrlausnarefnið sem hrunið leiddi af sér. Enda snýst það ekki einungis um skuldastöðu fólks heldur einnig um sanngirni og réttlæti. Afleiðingar hrunsins eru mjög óréttlátar en það er ómögulegt að koma í veg fyrir að almenningur finni fyrir þeim í formi minnkandi kaupmáttar, hækkandi skatta, skertri almannaþjónustu og hækkandi lána. Engin ríkisstjórn í Vestur-Evrópu hefur þó gripið til jafn víðtækra aðgerða til hjálpar skuldugum heimilum og ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur.

Vandinn sem við glímum við varð að stórum hluta til í stórkostlegri þenslu á lána- og íbúðamarkaði upp úr aldamótum fram að hruni. Árið 2003 voru lán fyrst veitt til húsnæðiskaupa í erlendri mynt, árið 2004 voru veitt 90% lán og síðan 100% lán. Greiður aðgangur var að lánsfé og húsnæðisverð hækkaði hratt. Viðvörunarbjöllur hringdu víða og hætta skapaðist á því að fólk lenti í skuldafjötrum. Bankarnir héldu samt áfram að lána. Verð á húsnæði hækkaði um 60% milli áranna 2000-2007 og heimilin urðu mörg of skuldsett miðað við ráðstöfunartekjur.

Lánveitendur og stjórnvöld sköpuðu aðstæður fyrir þessa miklu skuldsetningu en gerðu ekki ráðstafanir um úrræði ef illa færi. Ábyrgð þeirra er mikil þó lántakendur geti ekki talist ábyrgðarlausir með öllu.

Þau úrræði sem ríkið hefur gripið til í þeim tilgangi að leysa vandann hér og nú takmarkast af fjárhagslegri getu ríkisins og lánastofnana, s.s. Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða, en einnig af landslögum og einkaréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Aðgerðir ríkisins hafa miðað að því að knýja bankana sjálfa til aðstoðar við heimilin. Bankarnir hafa hag af því að gera heimilin greiðsluhæf, en það hefði hins vegar reynst ríkinu gríðarlega kostnaðarsamt að taka til sín allt verkefnið og „ríkisvæða“ skyldur bankanna og velta þeim yfir á almenning í landinu í gegnum aukinn niðurskurð eða skattahækkanir. Við mat á þeim víðtæku aðgerðum sem hefur verið gripið til er rétt að hafa í huga að þegar núverandi stjórnvöld tóku við vorið 2009 voru réttindi skuldara svo til engin.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra lána voru erlend lán færð yfir í íslenskar krónur. Boðið var upp á greiðslujöfnun, yfirveðsett húsnæðislán færð niður í 110% af verðmæti eignar með almennri aðgerð og gjaldþrotalögum breytt skuldurum í hag. Þá voru ýmsar réttarbætur gerðar er lúta að framkvæmd og eftirmálum nauðungarsölu. Vaxtabætur voru hækkaðar verulega auk þess sem komið var á sérstakri vaxtaniðurgreiðslu. Þriðjungur allra greiddra vaxta af húsnæðislánum er nú endurgreiddur af ríkinu.

Stofnun embættis umboðsmanns skuldara var afar mikilvæg en embættið sinnir margvíslegum verkefnum sem öll miða að því að aðstoða einstaklinga í skuldavanda. Stærsta verkefni embættisins er greiðsluaðlögun einstaklinga sem miðar að því að aðlaga greiðslubyrði að greiðslugetu. Þessa dagana eru fjármálafyrirtækin að vinna úr þúsundum mála og þeim sem fá úrlausn fjölgar jafnt og þétt.

Æskilegast væri að afskrifa meira af skuldum heimila sem hafa, a.m.k. tímabundið, tapað eigin fé í íbúðum sínum með hækkun höfuðstóls og lækkun fasteignaverðs. Gert er þó ráð fyrir að um og eftir áramót hafi um 200 milljarðar króna verið afskrifaðir hjá heimilum frá hruni. Afskriftir eiga sér stað hjá þeim heimilum sem ekki geta staðið undir greiðslubyrðinni og þurfa aðlögun skulda að greiðslugetu en einnig hjá öllum þeim öðrum sem skulda meira en 110% í heimili sínu.

Það er ekki nema eðlilegt að fólki finnist óréttlátt að afskrifaðar séu stórar upphæðir af fyrirtækjum í eigu þeirra sem fóru offari en ekkert afskrifað hjá þeim sem fóru varlega og geta enn staðið í skilum. Undir það tek ég heils hugar. Staðreyndin er hins vegar sú að umrædd fyrirtæki fóru á hausinn eða voru ógreiðslufær og afskriftir flestar á kostnað erlendra kröfuhafa en ekki á kostnað ríkissjóðs. Eigendurnir voru ekki í persónulegri ábyrgð, enda ábyrgð eigenda fyrirtækja almennt takmörkuð með lögum eftir félagaformi. Eftirlitsnefnd fylgist með því að bankarnir geri ekki upp á milli manna eða fyrirtækja við skuldaaðlögun.

Fátt var meira freistandi fyrir síðustu kosningar en að lofa almennri niðurfærslu á skuldum. Það hefði verið óábyrgt þar sem ekki hefði verið hægt að standa við það loforð að greiða hundruð milljarða úr ríkissjóði sem þegar var rekinn með miklum halla. Þess í stað var farin sú leið að mæta vandanum á einstaklingsbundnum grunni og huga sérstaklega að þeim sem verst eru staddir.

Ríkissjóður hefur því miður ekki burði til að standa undir skuldaafskriftum sem hvert einasta heimili teldi fullnægjandi. Það þýðir samt ekki að alls ekkert sé hægt að gera. Bæta þarf strax augljósa galla þeirra úrræða sem gripið hefur verið til og huga fyrst að einstæðum foreldrum, barnafjölskyldum og þeim heimilum sem ekki get nýtt sér 110% leiðina vegna íbúðalána tryggðum með lánsveði.

Ég þakka Heimi hvatninguna og fullyrði að við munum vinna hörðum höndum að því að færa úrlausn skuldavandans í réttlætisátt með því að bæta og efla úrræðin sem nú eru til staðar og bæta við nýjum eftir efnum og reynslu af þeim eldri.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
→ flugfelag.is

Lúxustilboð til Akureyrar
– flug og gisting á nýju hóteli

HVORT SEM ÞÚ VILT DÚNDRANDI HELGARSKEMMTUN EÐA ÞÆGILEGA TILBREYTINGU, ÚTIVIST EÐA HVÍLD, ÞÁ STENDUR ÞÉR TIL BOÐA AÐ TAKA FLUGIÐ NORÐUR TIL AKUREYRAR OG GISTA Á NÝJU, GLÆSILEGU HÓTELI, ICELANDAIR HÓTEL AKUREYRI.





VERÐ FRÁ 25.400 kr.
Flug og gisting í eina nótt með morgunverði á Icelandair Hótel Akureyri.
Tilboðið gildir frá 1. okt. til 31. des. 2011

ICELANDAIR HÓTEL AKUREYRI
- Á besta stað í miðbænum
- Hugguleg og vel búin herbergi
- Glæsilegur veitingastaður og bar
- Upphituð skíðageymsla með sérinngangi fyrir vetrargesti
- Fallegur vetrargarður með stórri verönd þar sem er notalegt að setjast niður og slaka á
- Aðeins 2 mín. gangur í Sundlaug Akureyrar

Bókaðu núna hjá hópadeild Flugfélags Íslands í síma **570 3075** eða á netfanginu **hopadeild@flugfelag.is**

→ Bókaðu flugið tímanlega á **flugfelag.is**
Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MATTHÍAS JOCHUMSSON** skáld og prestur (1835 - 1920) fæddist þennan dag.

*„Án mótlætis nær enginn maður og engin þjóð sinni ákvörðun, sönnum persónuleika, sönnu frjálsræði.“*

## Merkisatburðir

1918 Lokum heimsstyrjaldarinnar fyrri fagnað víða um lönd. Í Reykjavík er flaggað í hálfa stöng vegna spænsku veikinnar.

1920 Matthías Jochumsson gerður heiðursborgari Akureyrar og heiðursdoktor í guðfræði við Háskóla Íslands.

1928 Iðnskólinn í Hafnarfirði stofnaður.

1943 Pétur Hoffmann Salómonsson hefur betur í bardaga við bandaríska hermenn í Selsvör í Reykjavík, að eigin sögn.

1994 Guðmundur Árni Stefánsson segir af sér sem félagsmálaráðherra.

2007 Rússneskt olíuskip brotnar í tvennt í miklum stormi í Svartahafi og veldur miklu tjóni.

**ÞETTA GERÐIST:** 11. NÓVEMBER ÁRIÐ 1962

## *Hart í bak frumsýnt hjá LR*



Þennan dag fyrir fjörutíu og níu árum var leikritið Hart í bak eftir Jökul Jakobsson frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó. Sýningin naut mikilla vinsælda og gagnrýnendur lofuðu hana í bak og fyrir. Sýningin gekk samfellt í tvö leikár fyrir fullu húsi en alls urðu sýningarnar 205.

Leikritið fjallar um skipbrot og segir frá fjölskyldu skipstjórans sem fyrir mörgum árum sigldi Óskafleyi íslensku þjóðarinnar í strand. Árið 2008 var leikritið sett á svið í þriðja sinn og fór þá Gunnar Eyjólfsson með hlutverk hins aldna skipstjóra.

Jökull Jakobsson var blaðamaður og vinsæll útvarpsmaður. Hann helgaði sig leikritagerð í kjölfar vinsælda Hart í bak og varð leikhúsið hans aðalmiðill til dauðadags. Alls sendi hann frá sér tíu sviðsverk auk fjölda útvarpsleikrita.

*Heimild: wikipedia.org*

†



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdasonur og vinur,*

**Oleksandr Khyzhnyak**

lést á LSH Kópavogi sunnudaginn 6. nóvember. Útför fer fram í Úkraínu í heimabæ hans Cherkassy laugardaginn 12. nóvember kl. 10.00.

**Mykola Khyzhnyak**
**Hanna Khyzhnyak**
**Iryna Khyzhnyak**
**Valentyn Bukavin**
**Valentyn Fedorets**
**Galina Fedorets**
**Steindór Rúnar Ágústsson**
**Ruslan Shabatura**

†



**Ólafur Andrésson**

frá Laugabóli, Mosfellsdal,
Asparteigi 3, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 3. nóvember. Hann verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

**Hulda Katla Sæbergsdóttir**
**Vivian Ólafsdóttir** **Elvar Gunnarsson**
**Anni Ólafsdóttir** **Hilmir Berg Ragnarsson**
**Örn Ólafsson**
**Natan Máni Ólafsson**
**Valgerður Valgeirsdóttir**
**og barnabörn.**

†



*Okkar ástkæri frændi og mágur,*

**Birgir Þór Erlendsson**

Höfðabraut 3, Akranesi,

lést 8. nóvember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 14. nóvember kl. 14.00.

**Lilja Ellertsdóttir**
**Magnhildur Erla Halldórsdóttir**
**Margrét Árný Halldórsdóttir**
**Ágústína Halldórsdóttir**
**Hafdís Halldórsdóttir**
**Áslaug Valdimarsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**BÓKMENNTALÍF Í BORGINNI EFLT** Kristín Viðarsdóttir er ein verkefnastjóra fyrstu íslensku bókamessunnar sem fram fer nú um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FYRSTA ÍSLENSKA BÓKAMESSAN: HALDIN NÚ UM HELGINA

# Íslensku titlarnir kynntir

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Félag íslenskra bókaútgefenda blása til bókamessu um helgina. Þetta er í fyrsta sinn sem slík bókamessa er haldin hér á landi þar sem íslenskir útgefendur kynna nýja titla.

„Það er sérstaklega skemmtilegt að taka þátt í þessu samstarfsverkefni sem glæný bókmenntaborg,“ segir Kristín Viðarsdóttir, ein verkefnastjóra messunnar. „Dagskráin er þegar orðin þétt, spennandi og mjög fjölbreytt svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Bókamessan hefst á morgun og stendur fram á sunnudag. Dagskráin fer fram í Iðnó og Ráðhúsinu, en þar setja forlögin upp kynningarbása og gestum gefst kostur á að skoða útgáfuna og rabba við útgefendur. Eins verða einhverjir höfundar á staðnum og árita bækur.

„Dagskráin fyrir börn og fjölskyldufólk er fjölbreytt,“ segir Kristín. „Bókabíllinn Æringi verður á svæðinu þar sem lesið verður úr bókum fyrir yngri börnin. Þá verða föndursmiðjur og barnanudd en einnig efni fyrir eldri krakka. Dagskráin fer að mestu leyti fram í Iðnó og við reynum að hafa hlutina ekki með hefðbundnu sniði. Þar má meðal annars nefna dagskrárliðinn Græna sófann þar sem Egill Helgason, Jórunn Sigurðardóttir og fleiri umsjónarmenn fá til sín höfunda í spjall. Gestir fá sér sæti í salnum með kaffi og fylgjast með því spjalli,“ segir Kristín.

Allir flokkar bókmenntanna verða kynntir á messunni. Meðal annars fer Jón Proppé listheimspekingur yfir íslenska listasögu á 50 mínútum. Sigurlaug M. Jónasdóttir kynnir matgæðinga og matreiðslubækur og Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur ræðir við höfunda ævisagna sem byggja á ritúðum heimildum.

Bókamessan er eitt af fyrstu verkefnum Reykjavíkur sem bókmenntaborgar UNESCO og segir Kristín ýmislegt fleira í bígerð. Meginhlutverk bókmenntaborga sé að styðja við bókmenntalíf viðkomandi borgar og meðal annars standi yfir söfnun á sögum borgarbúa um Reykjavík. „Áherslur bókmenntaborganna eru breytilegar og við erum að móta framhaldið. Ætlunin er að bókamessan verði til dæmis að árlegum viðburði.“

Nánari upplýsingar um messuna má sjá á www.bokmenntaborgin.is.

**heida@frettabladid.is**

†



*Við sendum innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,*

**Óla Tynes Jónssonar**

fréttamanns.

**Fyrir hönd allra aðstandenda,**
**Vilborg Halldórsdóttir.**

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður og afa,*

**Magnúsar Jóhannssonar**

frá Patreksfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á líknardeildum LSH í Kópavogi og á Landakoti.

**Lilja Huld Sævars og fjölskylda.**



**Fatahönnuðurinn Sonja Bent** veitir innsýn í störf sín í Gerðarsafni í Kópavogi á morgun klukkan 14. Sonja heldur úti eigin merki, Sonja Bent og hefur tekið þátt í tískusýningum um allan heim. Spjallið er hluti af afmælissýningu Fatahönnunarfélags Íslands, Áratugur af tísku.


;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457







**Anna Rósa Róbertsdóttir grasalæknir á flensusúpuuppskrift sem öllu hennar fólki þykir góð:**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bragðgóð flensusúpa

Anna Rósa Róbertsdóttir grasalæknir segist hafa þá trú að í svokallaðri flensusúpu hennar leynist allmikil forvörn gegn pestum, í það minnsta er flensa sjaldgæf á hennar heimili. „Súpan er líka ofsalega góð, þótt ég segi sjálf frá. Ég hef eldað hana með ýmsum tilbrigðum í mörg ár og vinir, fjölskylda, börn og unglingar hafa alist upp við hana,“ segir Anna Rósa. „Í súpuna nota ég ætihvönn, blóðberg, engifer, hvítlauk og chili sem allt eru vel þekktar lækningajurtir, notaðar gegn kvefi og flensu ásamt því sem þær örva blóðrásina og því alveg tilvaldar þegar kólna fer í veðri.“

FRAMHALD | 3

## FLENSUSÚPA GRASALÆKNISINS

Ljúffeng hollusta **FYRIR 3-4**

½-1 púrrulaukur
6-7 hvítlauksrif
2 cm fersk engiferrót
½ ferskur rauður chili-pipar
½ sæt kartafla
1 haus brokkólí
1 msk. grænmetiskraftur (Rapunzel)
2-3 lambalærissneiðar
2 msk. þurrkuð hvannarblöð
1 msk. blóðberg
2,3 l vatn
smá ólífuolía
salt eftir smekk



*Púrrulaukur, hvítlaukur, sæt kartafla, engifer og chili eru skorin smátt og léttsteikt í ólífuolíu í stórum súpupotti. Vatni og grænmetiskrafti er bætt út í og látið sjóða. Lambalærissneiðar eru skornar í litla bita og beinin látin út í pottinn. Bitarnir eru léttsteiktir í ólífuolíu á pönnu með salti og pipar og síðan bætt við í pottinn. Þurrkuðum og muldum hvannarblöðum er bætt út í og soðið í minnst 40 mínútur en helst rúman klukkutíma. Þegar um 10 mínútur eru eftir af suðutíma er niðurskorið brokkólí sett út í.*






**Félag eldri borgara, FEB,** stendur fyrir dansleik í Stangarhyl 4, Reykjavík á sunnudagskvöld klukkan 20. Hljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi til klukkan 23. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en 1.300 krónur fyrir félagsmenn FEB.


ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




GÆÐAFISKUR
Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.


Föstudagur er sjötti dagur vikunnar. Dagurinn er á eftir fimmtudegi en á undan laugardegi. Nafnið er dregið af því að þennan dag skyldi fólk fasta á kjöt. Dagurinn er síðasti almenni vinnudagur vikunnar. Til forna var dagurinn kenndur við Freyju og hét Frjádagur. Það nafn sést enn þá í dönsku, sænsku, norsku, ensku og þýsku samanber orðin „Fredag", „Friday" og „Freitag".

wikipedia.org

# Ullarefni metin í fiskum

**Margvísleg skjöl sem tengjast viðskiptum fyrri alda verða til sýnis í Þjóðskjalasafninu á morgun því þá er norræni skjaladagurinn. Meðal annars verða þar prufur af vefnaðarvöru sem kaupmenn seldu á 18. öld.**

„Það sem er einna mest spennandi á sýningunni eru efnisprufur sem bæði voru fluttar inn til landsins og framleiddar í Innréttingunum í Aðalstræti," segir Benedikt Eyþórsson sagnfræðingur um sýningu sem opnuð verður í Þjóðskjalasafninu klukkan 12 á morgun, á norræna skjaladeginum.

Benedikt er einn þeirra sem tekur þátt í dagskrá sem stendur til klukkan 16 og gerir grein fyrir sýningunni. „Þema dagsins í ár er verslun og viðskipti og við höfum dregið fram skjöl úr okkar pússi sem tengjast því efni. Það elsta er skinnskjal frá 15. öld og svo ná þau fram á 20. öld en við einblínum samt svolítið á 18. og 19. öldina," segir hann og útskýrir síðan tilurð efnisbútanna. „Á tímum einokunarinnar kvörtuðu Íslendingar mikið undan verslunarlagi og lélegri vöru og upp úr miðri átjándu öld kom tilskipun um að sýslumenn ættu að taka út allar vörur sem kaupmenn væru að selja sem þeir gerðu samviskusamlega. Þeir skrifuðu skýrslur á dönsku og sendu til rentukamersins í Kaupmannahöfn þar sem gerðu grein fyrir magni og gæðum og þar fylgdu prufur meðal annars af innfluttum vefnaði sem kaupmenn voru að selja. Þetta eru efni og litasamsetningar sem ættu alveg við í dag, bæði ofin ullarefni, lín, flauel og fleira. Verðið miðaðist við eina alin sem er, að mig minnir, 57 sentimetrar og var metið í fiskum. Alinin kostaði allt frá tveimur til þremur fiskum upp í fimmtíu."

Þar sem Skúli fógeti hefði orðið 300 ára 12. desember í ár segir Benedikt safninu hafa þótt við hæfi að fjalla um hann í dagskránni og þá líka Innréttingarnar. „Skúli var ötull talsmaður bættra verslunarhátta og gerði tilraun til tauiðnaðar á vegum Innréttinganna," segir hann. „Við sýnum líka efnisprufur af þeirri framleiðslu sem var ofin og lituð niðri í Aðalstræti á 18. öld."

gun@frettabladid.is



Benedikt segir Dani hafa skilað þeim gögnum sem tilheyrðu Íslandi. Því séu þau til á Þjóðskjalasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


FERÐATÖSKUDAGAR



20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐATÖSKUM
í 3 daga
frá fimmtudegi
til laugardags

Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is



VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið
hefst 11. nóvember



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



ALLT LAGT Í SÖGURNAR

Sérblað um skáldsögur kemur út þann 15. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:
ÍVAR ÖRN HANSEN
S: 512 5429, GSM: 615 4349
ivarorn@365.is



BYLGJAN 989 25 ÁRA

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar





Sólveig Þorbergsdóttir kennari ásamt nemendum í Waldorfskóla við undirbúning jólabasarsins á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Pitsur, krem og kaffihús

**Krakkarnir í Waldorfleikskólanum Yl og Waldorfskólanum í Lækjarbotnum halda sinn árlega jólabasar á morgun. Á boðstólum verður fjölbreytt handverk eftir krakkana, eldbakaðra pitsur og kaffi.**

Heilmikið húllumhæ verður í Waldorfskólanum og -leikskólanum í Lækjarbotnum á morgun en þá halda krakkarnir jólabasar. Undirbúningur hefur staðið frá því í haust og verður meðal annars á boðstólum handverk, eldbakaðar pitsur og jurtakrem sem krakkarnir hafa búið til.

„Við tínum jurtir allt árið sem krakkarnir búa til græðandi krem úr, baðsölt og varasalva. Það verður fjölbreytt handverk á boðstólum og keramik eftir elstu krakkana, brúðuleikhús, tónlistaratriði og töfrabrögð,“ segir Sólveig Þorbergsdóttir kennari. Allir krakkarnir troða upp með skemmtiatriði, pitsur verða bakaðar í eldofni og hægt verður að hamra heitt járn í eldsmiðju í garðinum. „Við setjum líka upp kaffihús í mongólsku ullartjaldi og dvergar verða á ferð,“ segir Sólveig.

Foreldrar taka þátt í basarnum og troða jafnvel upp. Sólveig segir mikilvægt að foreldrar hafi góða innsýn í skólastarfið og taki þátt.

En er krökkunum ekki sárt um hlutina sem þau hafa búið til?

„Jú, jú, og stundum vilja þau fá að kaupa hlutina sína sjálf. Það felst hins vegar ákveðinn lærdómur í því að búa eithvað til og gefa það frá sér en einblína ekki bara á sjálfan sig,“ segir Sólveig.

Jólabasarinn byrjar klukkan 12 og stendur til 17. Allir eru velkomnir.

*heida@frettabladid.is*



Handverk er stór hluti af starfi skólans og vinna krakkarnir í ýmsan efnivið.

Framhald af forsíðu

Anna Rósa segist hrifnust af því að hafa eldamennskuna einfalda og að vinna úr góðu hráefni skiptir hana mestu máli. Þá hefur verið mikil vakning meðal fólks að nota íslenskar jurtir í mat. Anna Rósa hefur nýverið gefið út bók sem ber heitið Anna Rósa grasalæknir og íslenskar lækningajurtir, þar sem hún fjallar um sögu jurtanna og tekur þá fram hvort jurtin hafi verið notuð í mat, ef ekki hérlendis, þá hjá hverjum, eins og frumbyggjum Bandaríkjanna. Það þekktist til að mynda vel áður fyrr hérlendis að steikja fíflarætur upp úr smjöri og hvannarrætur voru borðaðar með harðfiski. Þá eru einfaldar uppskriftir gefnar í bókinni og aðferðir kenndar við vinnslu úr jurtum.

„Það kom svo upp sú hugmynd að halda námskeið þar sem bæði verður almennt fjallað um grasalækningar og íslenskar lækningajurtir og áhrifamátt þeirra sem auðvelt er fyrir leikmenn að finna og tína, má þar nefna aðalbláber, krækiber, fjallagrös, vallhumal, ætihvönn, maríustakk, blóðberg, birki og fleiri. Á námskeiðinu verður þá einnig farið yfir aðferðir við vinnslu úr jurtum og dæmi gefin um einfaldar uppskriftir.“ Námskeiðið verður haldið 23. nóvember klukkan 20 í Heilsuborg en skráning er á mottaka@heilsuborg.is. Um leið geta þátttakendur fengið bókina á tilboðsverði. „Þetta námskeið gefur fólki góðan grunn í að vera óhrætt við að prófa að nota jurtirnar, sem sumar er hægt að kaupa í búðum um þessar mundir og aðrar hægt að tína þegar vorar.

*juliam@frettabladid.is*


11.11.11 = 33% afsl.
aðeins í dag



Kápur og úlpur
~~áður kr. 24.990~~
nú 16.740



Kjólar og skokkar
~~áður kr. 16.990~~
nú 11.380

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur f

ÚTSALA 50%
AFSLÁTTUR AF SKÓM
VERÐ ÁÐUR 12.800 NÚ 6.400
OPIÐ ALLA DAGA



AUSTURSTRÆTI 8–10
SÍMI 534 0005

GYLLTI KÖTTURINN



**Kökukefli og piparkökuform** sem og annað dót til jólabaksturs er gott að vera búinn að finna til nokkrum dögum áður en sjálfur baksturinn hefst. Stundum eru þessir hlutir ekki á vísum stað og þarf að eyða drjúgum tíma í að finna þá. Eða þá kaupa einhver tól til bakstursins sem vantar upp á.

## ENSKA JÓLAKAKAN HENNAR DEBORUH

Krydduð, áfeng og gómsæt á aðventunni og yfir hátíðarnar.

340 g smjör (mjúkt)
2 bollar púðursykur
6 egg
2 og 2/3 bollar hveiti
klípa af salti
1 tsk. lyftiduft
1 tsk. allrahanda
1 tsk. negull
1 tsk. kanill
340 g ljósar rúsínur
340 g dökkar rúsínur
340 g kúrennur (ég hef notað þurrkaðar apríkósur, skornar í litla bita)
115 g súkkat
180 g kokkteilber (blandaðir litir)
½ bolli afhýddar möndlur, hakkaðar fínt
fínt rifinn börkur og safi úr sítrónu
¼ bolli romm/sérrí/brandí (eða appelsínusafi)



*Setjið bökunarpappír í kringlótt kökuform. Hrærið saman smjör og sykur þar til létt og ljóst. Bætið við eggjum, einu í einu, ásamt hluta hveitis. Sigtið nú hveiti í aðra skál og bætið við salti, lyftidufti og kryddi. Hrærið saman og blandið út í þurrkuðum ávöxtum, súkkati, kokkteilberjum og hökkuðum möndlum. Hrærið eggja- og smjörblöndu, sítrónuberki, sítrónusafa og helmingi áfengis saman við. Hellið deiginu í form og sléttið úr.*

*Bökunartími ræðst af lögun og stærð formsins. Mælt er með bökun í 3½ klukkustund, en best að athuga kökuna eftir 1½ klukkustund. Stingið þá prjóni í kökuna. Ef hann er þurr og kakan hæfilega stíf er hún tilbúin. Bakist við 140°C.*

*Vökva þarf kökuna einu sinni í viku með afgangi af víni eða appelsínusafa, um 2-3 matskeiðar hverju sinni. Best er að stinga á hana göt með prjóni svo vökvinn renni betur inn í hana. Kakan er tilbúin eftir mánuð en sumir geta ekki beðið svo lengi.*

# Ekki jól án jólakökunnar

**Ástralinn Deborah Leah Bergsson var á ferðalagi um heiminn þegar hún réði sig í fisk á Patreksfirði til að ná sér í meiri farareyri. Þá kom ástin og hér er Deborah enn. Hún segir engin jól án enskrar jólaköku.**

„Ensk jólakaka er sparikaka og engin jól í Ástralíu ef kökuna vantar á borðið,“ segir Deborah yfir bakstrinum sem hún hóf að þróa þegar hún flutti til Íslands fyrir 21 ári, því heima í Ástralíu er vaninn að kaupa jólakökuna úr búð.

„Það er lítið mál að baka enska jólaköku þótt í hana fari margvíslegt hráefni. Ég vil vökva hana í mánuð og geta byrjað að smakka um miðja aðventu, en kakan er svo mikið spari að maður fær sér nettar sneiðar og lætur hana duga til áramóta. Heimilisfólkið er sólgið í kökuna, en ég fel hana í lokuðu boxi þar sem enginn finnur hana,“ segir Deborah hlæjandi og sæl á íslenskum vetri, þegar sumartíð stendur sem hæst í Ástralíu.

„Jól í Ástralíu eru yfir grilli á ströndinni eða við sundlaug. Þar er útilokað að innbyrða þungan mat vegna hita og flestar jólagjafir snúa að sumrinu. Íslensk jól eru því miklum mun hátíðlegri og það þykir mér yndislegt, eins og ljós í glugga, bakstur á aðventu og allar hefðirnar. Mamma hefur átt ein jól hjá okkur og fannst þau hennar allra bestu á ævinni,“ segir Deborah, sem ávallt heldur tvenn pakkajól við fögnuð barna sinna.

„Ég vil opna pakkana frá minni fjölskyldu á jóladagsmorgun eins og tíðkast í Ástralíu en á aðfangadagskvöld höldum við íslensk jól. Ég fæ alltaf heimþrá af og til, þótt mér líði vel á Íslandi, en það á trúlega við alla sem búa fjarri ættjörð sinni og ekki síst um jól.“

*thordis@frettabladid.is*



Deborah er fædd á Nýja-Sjálandi en fluttist átta ára til Ástralíu. Hún útskrifaðist af skrifstofubraut MK í vor og leitar nú að vinnu. Hér bakar hún með syninum Andrew og setur líka jólakökudeig í múffuform til fallegra vinagjafa á aðventunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

11. nóvember 2011



# Bryndís Ólafsdóttir

## Sterkasta kona landsins

- FATAHÖNNUNARNEMAR TAKA HÖNDUM SAMAN
- AFMÆLI DAZED & CONFUSED
- YFIRHEYRSLAN


FRÁBÆRT TÖLVUTILBOÐ

COOLER MASTER

Intel tölva 4

- CoolerMaster Elite 430 leikjaturn
- Core i5 2400 Sandybridge 3,1GHz Quad
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 750GB WD Blue harðdiskur
- DVD og CD skrifari
- GeForce N560GTX 1GB skjákort
- 7.1 hljóðkort 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium

VERÐ Kr. 169.950 LEIKJA TURN

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

✻ Munið að brosa



**HREINAR HENDUR** Verbena Liquid Sápan frá L'Occitane er mild og því tilvalin fyrir þurra húð. Þvoið burt óhreinindi dagsins með þessari mildu handsápu sem inniheldur meðal annars shea butter og aloe vera til að vernda og næra húðina. Lyktin er engu síðri, hún er létt og sítruskennd.

## meðmælin

### Undiralda í Hörpu

Tónleikar númer tvö í tónleikaröðinni Undiraldan verða haldnir í Kaldalóni í Hörpuí dag. Undiraldan er samstarfsverkefni Hörpu og 12 Tóna og er ætlunin að kynna grasrótina í íslenskri tónlistarmenningu og um leið gefa ungu tónlistarfólki tækifæri til að koma tónlist sinni á framfæri. Í dag koma fram hljómsveitirnar Nolo og Mammút og hefjast tónleikarnir klukkan 17.30 og lýkur klukkan 19. Aðgangur er ókeypis og ættu tónlistarunnendur ekki að láta þennan viðburð fram hjá sér fara enda fullkomin leið til að hefja helgina.



### Sænskt, já takk

Sænska verslanakeðjan Lindex opnar verslun í Smáralindinni á morgun. Lindex er ein stærsta tískufatakeðja Svíþjóðar með verslanir víða um heim og er mörgum Íslendingum kunn. Verslunin býður upp á fatnað á börn og fullorðna á góðu verði og má því búast við því að margir leggi leið sína í Smáralindina á morgun.



Nemendur í fatahönnun sauma töskur og prenta á boli:

# SELJA EIGIN HÖNNUN FYRIR NÁMSFERÐ

Við vissum að það væri dýrt að fara út í starfsnám og ákváðum því að taka höndum saman og hanna töskur og boli til að selja og reyna þannig að fjármagna ferðina okkar út," segir Áslaug Sigurðardóttir, nemandi á fyrsta ári í fatahönnun í Listaháskóla Íslands. Áslaug og bekkjarsystur hennar munu selja vörurnar á opnum degi í skólanum á morgun.

Venja er að nemendur fari í starfsnám til Parísar og verði sér þar úti um dýrmæta reynslu. Þeir dvelja í borginni í alls sex vikur og vinna launalaust fyrir ýmsa nafntogaða hönnuði og kynnast í leiðinni ólíkum hliðum á tískuiðnaðinum. Þar sem ferðin út getur kostað sitt ákváðu stúlkurnar að vera duglegar að safna fyrir ferðinni og eru nú í óða önn að sauma tautöskur og prenta á boli. „Nýleg rannsókn á plastpokainnkaupum fólks sýndi að það eyddi rosalegum upphæðum í plastpoka. Okkur fannst þess vegna sniðugt að búa til taupoka til að selja því þeir eru bæði endurnotanlegir og umhverfisvænir. Við saumum töskurnar sjálfar og prentum svo myndir á þær," útskýrir Áslaug, sem segir myndina á töskunum vera túlkun nemendanna á hinu fræga kennileyti Parísarborgar, Eiffelturninum sjálfum. „Við fórum á netið í leit að innblæstri og fundum nokkrar skemmtilegar myndir af Eiffelturninum sem við ákváðum að vinna með áfram."

Alls eru átta stúlkur í bekknum og því mikil vinna sem liggur að baki því að sauma sextíu töskur og prenta myndir á þær og bolina. Áslaug segir þær þó duglegar að hjálpast að og deila á milli sín verkefnum.



**Vinnusamar** Stúlkurnar á fyrsta ári í fatahönnun í Listaháskólanum sauma töskur og prenta á boli og munu selja varninginn til að safna fyrir starfsnámi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stúlkurnar munu selja vörurnar á opnum degi Listaháskólans í húsnæði skólans við Laugarnesveg á milli 11 og 16. Í leiðinni er hægt að skoða skólann og kynnast starfsemi hans nánar. Allar deildir skólans verða viðstaddar á opnum degi og meðal þess sem hægt verður að skoða eru veggspjöld og leturhönnun frá nemendum í grafískri hönnun og verkefni nemenda í vöruhönnun og arkitektúr. Auk þess munu nemendur úr myndlistardeild vera með leiðsögn um húsið og vinnustofur sínar, nemendur í tónlistardeild skólans munu flytja lifandi tónlist og nemar á leikarabraut og samtímadansbraut verða með kynningardagskrá á klukkutíma fresti.

sara@frettabladid.is



## Risahárkollur og sælgæti

**Söngkonan skrautlega Lady Gaga mun breyta heilli hæð í versluninni Barneys í sérstaka vinnustofu. Risavaxið skrímsli mun prýða innganginn að versluninni frá 21. nóvember til 2. janúar.**

**Verkefnið er samstarf Lady Gaga, hönnuðarins Nicola Formichetti, sjónlistamannanna Eli Sudbrack og Christophe Hamaide Pierson og Barneys-verslunarinnar.**

**Formichetti sagði hugmyndina á bak við verkefnið vera þá að viðskiptavinurinn ætti að fá á tilfinninguna að hann væri hluti af æskuminningum Lady Gaga. Meðal þess sem hægt verður að sjá í Barneys frá 21. nóvember er könguló með andlit söngkonunnar, sælgætisskúlptúr og risastór hárkolla sem mun hýsa verslun með gervinöglum og snyrtivörum.** - sm


SOHO MARKET Grensásvegur 8



Dúnúlpa (S-XL)

Verð kr. 15.990









Sími 553 7300 • Opið mán–fös 12–18, laugard 12–17

SOHO/MARKET Á FACEBOOK

SOHO MARKET


Steed Lord leikstýrir auglýsingu:

# Í leikstjórastólinn

Meðlimir hljómsveitarinnar Steed Lord leikstýrðu auglýsingu fyrir tískumerkið WeSC og Standard-hótelin í Bandaríkjunum.

Svala Björgvinsdóttir, söngkona sveitarinnar, segir þau hafa leikstýrt auglýsingunni, tekið hana upp, samið tónlistina og séð um alla eftirvinnslu. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem liðsmenn Steed Lord koma að leikstjórn því hljómsveitin hefur búið til eigin tónlistarmyndbönd frá upphafi. Þau héldu til New York á miðvikudaginn til að kynna auglýsinguna og heyrnartólin góðu og komu líka fram. - sm



**Leikstýra** Svala Björgvins og bræðurnir Einar og Eddi Egilssynir leikstýrðu auglýsingu fyrir WeSC- og Standard-hótelin.


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*

**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



**Montana**

# 20% afsláttur

af öllum pöntunum og sýningar-
húsgögnum frá þessum aðilum
um helgina

**SÉRFRÆÐINGUR FRÁ MONTANA VERÐUR Í VERSLUN OKKAR, SKEIFUNNI 6 UM HELGINA**

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

eilersen





auping

Wonderland



# DREGUR EKKI BÍLA UPP ÚR SNJÓSKÖFLUM

**Bryndís Ólafsdóttir hlaut titilinn Sterkasta kona Íslands á laugardaginn var. Hún er margfaldur meistari og er þetta í fimmta sinn sem hún hampar titlinum.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Mynd:* Valgarður Gíslason

Bryndís er uppalin í Þorlákshöfn og hóf snemma að æfa sund hjá móður sinni sem var sundþjálfari. Hún náði góðum árangri sem sundkona og setti alls sjötíu Íslandsmet í sundi, keppti fyrir hönd Íslands á þremur Evrópumeistaramótum og einnig á Ólympíuleikunum árið 1988. Bryndís kemur úr mikilli sundfjölskyldu og á tímabili voru öll fjögur systkinin í landsliðinu á sama tíma. „Við höfum öll synt með landsliðinu og á einum tímapunkti vorum við öll í landsliðinu á sama tíma, sem þótti afar sérstakt.“

Tuttugu og fjögurra ára gömul ákvað Bryndís að tími væri kominn til að huga að framhaldslífi eftir sundið og hóf nám við Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni. Hún vildi þó ekki hætta alfarið allri íþróttaiðkun þó að sundgleraugun voru komin á hilluna og hóf að æfa kraftlyftingar og júdó. Árið 1995 útskrifaðist Bryndís frá Laugarvatni og sama ár vann hún titilinn Sterkasta kona Íslands í fyrsta sinn.

„Ég kynntist síðan þýskum manni og flutti út til Þýskalands og bjó þar í ein tíu ár og keppti á meðan bæði í sundi og í aflraunum. Ég bjó í litlum bæ rétt fyrir utan München í Suður-Þýskalandi og þar ríkti mikil sveitamenning sem átti ágætlega við mig.“

## DREGUR OG ÝTIR BÍLUM

Bryndís segist alltaf hafa verið sterk og að það sé ekki mikill munur á styrk hennar nú og árið 1995. „Það er helst munur á styrk í búknum sjálfum, ég hef lagt meiri áherslu á það undanfarið. En einhvern tímann náði ég að lyfta 200 kílóum í réttstöðulyftu með stöngina fyrir ofan hné. Ég tel að ég gæti náð því líka í dag ef ég reyndi. Ég tók 180 kíló á æfingu um daginn og ég held ég sé alveg jafn sterk núna og ég var þá.“

*Ég veit ekki hvaða álit karlmenn hafa á þessu, sumir hrífast en þeir sem eru neikvæðir halda því oftast bara fyrir sig.*

Innt eftir því hvort aflraunum fylgi mikil slysahætta segir Bryndís slysahættuna helst fólgna í því að vera illa undirbúin fyrir keppni. „Maður þarf að þjálfa með það í huga að það koma alltaf hreyfingar sem eru ekki væntanlegar. Maður þarf að vera í góðu formi og beita sér rétt.“

Bryndís segir kraftakeppni í raun ganga út á það að hreyfa hluti sem eru sýnilegir í okkar daglega lífi. „Við drögum og ýtum bílum, lyftum lóðum, berum sandpoka og lyftum trédrumbum. Við þurfum líka að halda á alls konar hlutum út frá líkamanum eins lengi og hægt er, þetta eru til dæmis ketilbjöllur eða sverð. Til að sigra í svona keppni þarf maður að vera ofarlega í öllum greinunum, það er vont að vera lélegur í einni grein því þá á maður á hættu að tapa niður stigum.“

Þegar Bryndís er spurð hvort hún sé ekki fyrsta manneskjan sem vinir og vandamenn leiti til ef bíllinn festist í skafli skellir hún upp úr. „Ég geri ekki svoleiðis og reyni sjálf að eiga góðan bíl sem festist ekki í sköflum. Það er þó vissulega praktískt að vera sterkur, ég finn til dæmis sjaldan til mikillar þreytu eftir vinnudaginn og get því komið heim og átt góðan eftirmiðdag með börnunum og góðan svefn. Þetta fæst allt með íþróttaiðkun og því að halda sér í góðu formi.“

## „FJÓRBURAR“ Á HEIMILINU

Bryndís er í sambúð með Benedikt Magnússyni, heimsmeistara í kraftlyftingum og þjálfara. Þau kynntust árið 2009 þegar Bryndís var dómari í keppninni um sterkustu konu landsins og var Benedikt aðstoðardómari hennar. „Það skemmtilega við þetta er að við eigum bæði tvíbura sem fæddust með fjögurra daga millibili. Ég á stelpu og strák og hann á tvær stelpur og öll eru þau þriggja og hálfs árs gömul. Heimilinu er stjórnað með harðri hendi og við reynum að halda uppi miklum aga. Við öðluðumst bæði mikinn sjálfsaga með öguðu uppeldi og viljum að börnin okkar öðlist þennan sjálfsaga líka. Það gerir eigið líf mikið auðveldara. Það er ofboðslega mikil vinna að ala upp „fjórbura“ og við skiljum hvort annað ógjarnan eftir eitt með öll fjögur heldur reynum að vera alltaf tvö,“ segir hún og hlær.

Benedikt stundar sjálfur kraftlyftingar og þjálfar einnig Bryndísi fyrir mót og því er ekki nema von að börnin séu farin að sýna íþróttinni einhvern áhuga. „Þau fylgjast með æfingum og lyfta öllu sem hægt er að lyfta og vilja endilega prófa að taka í lóð. Þau herma eftir því sem fyrir þeim er haft.“

## SKILUR FORVITNINA

Bryndís segist aldrei hafa upplifað annað en jákvæð viðbrögð frá fólki í kringum sig en segir Benedikt oftar fá spurningar frá forvitnu fólki en hún sjálf. „Ég held að fólk sé frekar að læða spurningum að Benedikt en að mér. Ég skil svo sem forvitnina því ég er 85 kíló að þyngd og er „humongous“ núna þar sem ég át á mig ein fimm kíló fyrir keppnina og vöðvarnir því allir fullir af næringu og vatni. Ég veit ekki hvaða álit karlmenn hafa á þessu, sumir hrífast en þeir sem eru neikvæðir halda því oftast bara fyrir sig,“ segir hún glettnislega. „Það eru margir sem pæla í kvenleika og lyftingum og ég hef áður sagt að maður eigi ekki að blanda þessu tvennu saman. Maður á að fá að vera íþróttakona í friði án þess að þurfa að vera í G-streng og með túttturnar út í loftið. Fólk á að virða íþróttamanninn, sama hvort það sé karl eða kona, og leyfa honum að stunda þá íþrótt sem hann vill án úreldra hugmynda um hvað sé karlaíþrótt eða konuíþrótt. Fitness finnst mér til dæmis út í hött því ef tveir kvenkyns keppendur eru jafnir að stigum og önnur er flöt en hin með sílíkon þá vinnur þessi með sílíkonið. Mér finnst það gera lítið úr konunni og ég færi sjálf aldrei í fitness bara út af þessu.“




# JÓLAKORT

**Kynningarblað**
Ljósmyndir
Dagatöl
Prentun
Vefsíður
Myndabækur
Jólagjafir

FÖSTUDAGUR **11. NÓVEMBER 2011**

# Afar notendavænn vefur

**Prentsmiðjan Oddi heldur úti myndavöruvef þar sem hægt er að hanna eigin jólakort, myndabækur, dagatöl, spil og veggspjöld. Vefurinn hefur nýlega verið endurbættur og er mjög notendavænn og þægilegur í notkun.**

Persónuleg jólakort eiga auknum vinsældum að fagna hjá fjölskyldum landsins ekki síst vegna bráðsniðugra vefsíðna á borð við þá sem Oddi býður upp á. Á www.oddi.is er hægt að skrá sig inn, hlaða niður eigin myndum og búa til jólakort, myndabækur, dagatöl og ýmislegt fleira sem hentar vel í jólapakkann. „Þetta hefur verið afar vinsælt hjá okkur,“ segir Arnar Árnason hjá Odda. Hann tekur fram að vefurinn hafi nýlega verið endurbættur. „Hann er því mjög notendavænn og þægilegur. Vefurinn er allur á íslensku og leiðir viðskiptavini vel áfram,“ útskýrir hann og bætir við að vefurinn hafi verið prófaðir bæði á vönum og óvönum leikmönnum og fengið góðar niðurstöður. „Til dæmis lætur forritið vita ef eitthvað er gert vitlaust, til dæmis ef mynd er í of lítilli upplausn eða ef texti er of langur,“ segir hann og tekur fram að með öllum jólakortum fylgi umslög.

Ef vandamál kemur upp er þó lítið mál að fá aðstoð. „Hér eru sérfræðingar innanhúss sem eru þjálfaðir í að aðstoða. Hægt er að senda spurningu á mynd@oddi.is sem er svarað um hæl eða hringja í 515 5000 og fá aðstoð gegnum síma,“ segir Arnar og tekur fram að fólki sé einnig frjálst að koma á staðinn að Höfðabakka 7 og fá persónulega aðstoð.

Arnar segir útlitsmöguleika jólakortanna marga, auk þess sem einnig sé boðið upp á ýmsar aðrar kortagerðir fyrir öll önnur tækifæri. „Þú getur verið með mynd á forsíðu kortsins af hverju því sem þú vilt en inni í kortinu getur þú raðað eins mörgum myndum og þig lystir,“ útskýrir hann og segir marga nýta sér þann möguleika til að sýna frá ýmsu því sem fjölskyldan hefur tekið sér fyrir hendur frá síðustu jólum.

Tími jólakortanna verður allsráðandi nú á næstunni en á vefsíðu Odda má einnig útbúa gjafir í jólapakkana. „Myndabækur, spil og dagatöl eru mjög vinsæl í slíkt,“ segir Arnar. Hann minnist einnig á jóladagatöl sem gaman sé að eiga á aðventunni. „Foreldrar hafa búið svoleiðis til fyrir börnin sín en börnin hafa einnig fengið að búa til sín eigin með skemmtilegum myndum.“

Frá því varan er pöntuð þar til hún er tilbúin tekur fimm virka daga. Einnig er hægt að panta hraðafgreiðslu sem tekur tvo daga en kostar þá 1.990 krónur aukalega.

Þeir sem vilja kynna sér þetta nánar og sjá sýnishorn geta komið við upp á Höfðabakka 7 en einnig verður Oddi með kynningarbás á Bókamessunni í Ráðhúsi Reykjavíkur núna um helgina á milli 11 og 18 laugardag og sunnudag.




Arnar Árnason segir myndavöruvef Odda afar þægilegan í notkun.
MYND/GVA




Jóladagatöl eru skemmtileg á aðventunni.




Persónuleg jólakort eru orðin mjög vinsæl.



## Myndir beint af Facebook

Ein af nýjungunum sem boðið er upp á myndavöruvef Odda er að nú er hægt að hlaða niður myndum beint af Facebook-síðu viðkomandi. Á síðunni er tenging bæði við Facebook en einnig aðra myndavefi á borð við Flickr og Photobucket. Önnur skemmtileg nýjung er að hægt er að deila því sem verið er að gera á myndavefnum með öðrum. Þannig er hægt að senda myndabók eða dagatal til vinar eða kunningja sem þá getur gert athugasemdir eða pantað sjálfur í gegnum notandareikning sinn á www.oddi.is.

## Í anda jólanna

Þeir sem búa til sín eigin jólakort á myndavöruvef Odda eiga val um að styrkja barnahjálparsamtökin UNICEF. Af hverju korti renna 30 krónur til hjálparsamtakanna, Oddi leggur til 10 krónur og viðskiptavinurinn 20 krónur. Boðið var upp á þetta fyrirkomulag í fyrra og svo verður einnig í ár. Þannig getur fólk slegið tvær flugur í einu höggi: sent persónulegt jólakort til sinna nánustu og látið um leið gott af sér leiða í anda jólanna.




**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.** Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Dýrmætasta gjöfin

**Því fylgir notaleg jólastemning að dunda við persónulega sköpun jólagjafa í formi myndabóka og myndadagatala að hætti Myndvals, að ógleymdum jólakortunum.**

Ljósmyndabækur og dagatöl með persónulegum ljósmyndum eru jólagjafir sem kæta hjörtu allra sem hljóta. Minningar úr sumarleyfinu, frá fermingardeginum eða öðrum einstökum viðburðum innan fjölskyldunnar eru oft dýrmætasta jólagjöfin og sú sem hittir beint í mark,“ segir Egill Ingi Jónsson, eigandi Myndvals, sem eftir 20 ár í Mjóddinni hefur flutt sig um set yfir á Smáratorg, nánar tiltekið í verslunarrými A4.

„Nú fyrir jólin bjóðum við í fyrsta sinn upp á myndabók með óþrjótandi möguleikum á útliti og útfærslum. Bókina er leikur einn að gera eftir að sótt er lítið forrit á heimasíðuna okkar. Í forritinu getur fólk dundað sér við að setja inn myndir að óskum í bókina, texta og minningar, og leikið sér að útliti hennar eftir smekk hvers og eins. Þegar bókin er tilbúin er hún ýmist send til okkar í gegnum netið, sett á disk eða minnislykil og við tökum við verkinu með framköllun á ljósmyndapappír sem við svo setjum saman í fallega og eigulega bók,“ útskýrir Egill, en á úrvals ljósmyndapappír verður bókin áferðarfallegri og varanlegri, rétt eins og dæmigert myndaalbúm.

Í forritinu sem sótt er á heimasíðu Myndvals opnast líka tækifæri til að útbúa dagatal með myndum að eigin vali fyrir hvern mánuð ársins.



Egill Ingi Jónsson eigandi Myndavals með myndabók í fanginu, umkringdur fallegum vörum til jólagjafa. MYND/STEFÁN

„Dagatalið er unnið á sama hátt og myndabókin og hægt að leika sér með afmælisdaga, raða inn frídögum og fleiru skemmtilegu sem gleður þann sem nýtur þess á ári komanda,“ segir Egill sem eftir útprentun setur dagatölin ýmist á fót til að hafa á borði eða í stærri útgáfu til upphengingar.

Fyrir jólin býður Myndval einnig upp á myndajólakort með umslagi. Þau fást einhliða í þremur stærðum, þar sem ljósmynd og jólakveðja er áprentuð, en einnig fást opnanleg jólakort þar sem unnt er að handskrifa jólakveðju.

„Eftir að dagatöl og myndabækur viðskiptavina er komið í okkar hendur tekur um þrjá daga að fullvinna verkið. Þá er alltaf hægt að koma til okkar í búðina og ganga frá málum á staðnum. Verslunin er þekkt fyrir mikið og gott úrval myndaramma og sjón sögu ríkari að skoða allt í með eigin augum,“ segir Egill brosmildur í jólaskapi á nýjum stað.

Heimasíða Myndvals er www.myndval.is. Nýja verslunin er á Smáratorgi 1, inni í verslunarrými A4.



## BÖRNIN GETA HJÁLPAÐ TIL

**Jólakortin þarf** ekki að kaupa úti í búð ef listfeng börn er að finna á heimilinu. Börnum þykir flestum skemmtilegt að föndra og um að gera að virkja sköpunarkraft þeirra í jólakortagerðina. Karton, litir og ýmsar föndurvörur fást í mörgum verslunum og geta umbreyst í fjölbreytt og falleg jólakort.



Það getur verið uppskrift að skemmtilegri samverustund fjölskyldunnar ef foreldrar setjast niður með börnum sínum og föndra jólakort. Um að gera að leyfa hugmyndaflugi barnanna að ráða. Notalegt getur verið að bjóða upp á heitt kakó, jólablöndu og piparkökur til að stundin verði sem hátíðlegust.

Fá jólakort eru jafn persónuleg og þau heimagerðu en þeir sem vilja geta síðan stungið fallegri fjölskyldumynd inn í jólakortið.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




# Persónulegar gjafir

**Prentlausnir sérhæfa sig í stafrænni prentun og frágangi á prentgripum. Fyrirtækið hefur yfir að ráða forriti sem auðveldar fólki að búa til falleg jólakort, dagatöl og albúm.**

Prentlausnir þjónusta einstaklinga og fyrirtæki, stór og smá með stafræna prentun og frágang á prentgripum. Að sögn Þórs Þorsteinssonar, annars eigenda Prentlausna, nýtur forrit á vefsíðu fyrirtækisins mikilla vinsælda um þessar mundir en það gerir notendum kleift að búa til eigin jólakort, dagatöl og myndaalbúm með tiltölulega litilli fyrirhöfn.

„Forritið er amerískt og kallast Digilaps. Fyrir utan að vera svo notendavænt að afi gamli og amma geta nýtt sér það leikandi létt, er búið að þýða forritið á íslensku og hægt að hlaða því beint á tölvu notenda sem veldur því að vinnslan er hröð, miklu hraðari en þegar fólki gefst kostur að nota svona forrit á netinu,“ bendir Þór á.

Þegar búið að er sækja forritið á heimasíðu Prentlausna á slóðina prentlausnir.is segir Þór þrjá fyrrnefnda valkosti bjóðast. „Sá fyrsti er að gera jólakort og hægt að skreyta það með eins mörgum myndum og mann langar til, bæði inn í og á bakinu,“ segir hann og getur þess að valið standi milli tveggja stærða, A5 og A6. „Kortið er svo hægt að fá með broti ef maður vill og umslag fylgir alltaf með.“

Annar valmöguleiki er að setja saman dagatal í forritinu. „Þar er líka hægt að hafa frjálsar hendur með fjölda mynda og jafnvel setja eina mynd í bakgrunn,“ segir hann. „Svo gefst sá kostur að setja


Örn Valdimarsson og Þór Þorsteinsson eigendur Prentlausna sem bjóða sniðugar lausnir í úrvinnslu jólakorta, dagatala og albúma. MYND/VALLI

inn á einum stað í forritinu nöfn einstaklinga, afmælisdaga og myndir af viðkomandi og þá birtist allt saman sjálfkrafa inni í dagatalinu.“

Loks nefnir Þór albúmin til sögunnar. „Sem geta verið eins myndskreytt og fólk vill, án eða með texta sem það fyllir sjálft inn og farið upp í allt að 200 blaðsíður í fjórum stærðum: A4 langsniði, A4 standandi, 28 x 28 eða 21 x 21 sentimetra,“ segir hann og getur þess að rétt eins og í fyrrnefndum tilvikum þurfi að vista endanlega útkomu og senda rafrænt til Prentlausna sem annist allan frágang þegar greitt hefur verið með greiðslukorti.

„Eftir það gengur allt mjög hratt fyrir sig, sérstaklega þegar um minni upplög er að ræða og svo gefum við fólki kost á að sækja pakkann eða fá hann sendan til sín.“

# Myndlist og minningar

**Fyrirtækið Hans Petersen hefur verið leiðandi í að meðhöndla ljósmyndir íslensku þjóðarinnar í áratugi, hvort sem það eru persónuleg jólakort, dagatöl og myndabækur eða stækkaðar ljósmyndir á hágæðapappír og striga. Það nýjasta er prentun mynda á plexigler. Fyrirtækið er til húsa í Ármúla 38 og þar er Ólafur Steinarsson framkvæmdastjóri.**

Íslendingar halda í þær hefðir að senda vinum og ættingjum sínum jólakort og við leggjum upp úr því að geta boðið viðskiptavinum okkar falleg kort með myndum sem þeir koma sjálfir með eða senda okkur inn rafrænt. Auk þess stækkum við myndir á hágæðapappír, plaköt, striga og álplötur og nú er komin ný tækni sem gerir okkur kleift að bakprenta ljósmyndir á plexigler. Útkoman er glæsileg," segir Ólafur Steinarsson, framkvæmdastjóri í Hans Petersen.

Ólafur segir úrval af forhönnuðum kortum í 15,2x15,2 og 10,2x20 og bendir á sýnishorn á vefnum www.kort.is „Fólk er líka farið að bjarga sér í auknum mæli heima með umbrotsforritum og sendir okkur þá jafnvel inn sín eigin kort í tölvupósti eða mætir með eigin hönnun í verslunina. Þá þarf bara að hafa í huga að kortin séu í þessum stærðum (15,2x15,2, 10,2x20 eða 10,2x15,2) og að upplausnin á myndunum sé 300 punktar. Okkar framleiðsla byggist sem sagt ekki einvörðungu á því að okkar kort séu valin heldur er fólki að sjálfsögðu frjálst að koma með sínar eigin hugmyndir. Það getur sent okkur fyrirspurnir á mynd@hanspetersen.is

Þótt nýtt útlit sé á kortunum frá Hans Petersen frá ári til árs hefur verðið ekkert breyst frá því í fyrra, að sögn Ólafs, og öll eru kortin seld með umslögum. „Svo ætlum við líka að bjóða frímerki í ár svo fólk geti klárað málið hjá okkur," segir hann.

Ljósmyndabækur og dagatöl gerir fólk að nokkru leyti sjálft heima hjá sér í tölvunni, að sögn Ólafs. „Það nær sér í forrit á síðunni okkar, býr til bókina eða dagatalið og sendir það inn," útskýrir hann. „Best er að huga að slíku sem fyrst því mikið álag er á framleiðslunni fyrir jólin."

Meðal þess sem unnið er í Hans Petersen eru listaverk úr fallegum myndum viðskiptavina. „Hér er mikið gert af því að prenta ljósmyndir á striga, enda er slíkt tilvalin jólagjöf og sömuleiðis myndir á álplötur, foam og plexigler," segir Ólafur.

Þótt stafræna tæknin hafi rutt sér til rúms segir Ólafur framköllun á filmum heldur í sókn aftur. „Fólk er talsvert að taka myndir á filmur og við framköllum bæði lit- og svarthvítar filmur. Eins er dálítið um að fólk komi með gamlar skuggamyndir (slides) og láti setja á rafrænt form og pappír. Í þeim liggja minningar sem fólk hefur ekki hugað að en er nú að vakna til vitundar um."

Ólafur telur vera 10 ára gat í myndrænni fjölskyldusögu Íslendinga því flestar myndir séu bara vistaðar í tölvum og fáum til gagns. „Fólk þarf að vera duglegt að koma myndunum á pappír," segir hann. „Til að varðveita þessar minningar á aðgengilegan hátt. Eftir sem áður er ljósmyndin fyrirbæri sem mótar hvernig við munum, skiljum, sjáum og finnum til. Hvernig við skynjum okkur sjálf og alla hina, heiminn, söguna og samtímann, hörmungar og hamfarir, sigra og sorgir og að sjálfsögðu feguröina. Þessi 170 ára tækni er heimsbylting hvernig sem á hana er litið."




Ólafur í einu horni fyrirtækisins Hans Petersen þar sem nokkrum myndavélum úr fortíðinni hefur verið stillt upp. MYND/VALLI



Ljósmyndin er fyrirbæri sem mótar hvernig við munum, skiljum, sjáum og finnum til," segir Ólafur.





## KORTIN NOTUÐ Í SKREYTINGAR

**Jólakortin sem** berast heim má vel nota í jólaskreytingar á heimilinu þegar þeim fer að fjölga. Þannig er ein hugmyndin að klemma þau hvert og eitt á lítil klemmuspjöld sem þessi og láta þau standa í þyrpinu á stofuborðinu, á hillu eða ofan á píanóinu fram að jólum. Klemmuspjöldin sjálf má svo skreyta með einhverju jólalegu, bjöllum og borðum, greni eða öðru.



## JÓLAKORTAPOKINN

**Gamli góði** jólapokinn, gjarnan einhver sem amma eða langamma útbjó og skreytti með eigin handbragði, er mörgum kær. Ekki gleyma honum milli ára og þegar jólin eru afstaðin er gott að setja hann á vísan stað og skrifa í dagbók heimilisins hvar hann er geymdur. Reyndar er mjög gott almennt með jólaskraut að skrifa í sérstaka minnisbók hvar seríur, jólatrésfótur, jólakúlur og annað er geymt nákvæmlega og merkja kassana að utan.



## KORTIN Í PÓST

**Póstkassa má** finna víða um bæinn og þægilegt og jólalegt er að geta rölt með jólakortin að póstkassa í hverfinu. Yfir 250 póstkassa er að finna á landinu og á heimasíðu Póstsins, postur.is má finna lista yfir þá kassa með nákvæmum staðsetningum, til að mynda við hvaða inngang viðkomandi póstkassi er á byggingum og hvort þeir eru fleiri en einn, sem er gott að vita fyrir þá sem eru með talsvert magn jólakorta. Sá vefur er líka einkar gagnlegur fyrir ýmislegt annað tengt jólakortavertíðinni, til dæmis lista með póstnúmerum landsins.

## HJÁLPIN ER NÆRRI



**Jólakortalistinn getur** verið yfirþyrmandi við upphaf verks. Það er ekkert sem segir að klára verði staflann á einu kvöldi, vel má dreifa álaginu á nokkur kvöld og byrja þá frekar fyrr í mánuðinum. Þá mætti einnig virkja annað heimilisfólk í verkið.

Einnig má létta sér vinnuna á ýmsan máta. Til dæmis mætti skrifa eitt bréf um það helsta sem drifið hefur á daga viðkomandi, fjölrita og stinga inn í fallegt jólakortið með persónulegri undirskrift.



## KORTIN Á STALL

**Jólakort eru** flest falleg á að líta. Því er leiðinlegt að stinga þeim ofan í skúffu eða þar til gerðan jólakortapoka þar sem þau sjá aldrei dagsljósið. Ein leiðin til að gera þau sýnileg gestum, gangandi og ekki síst heimilisfólki er að strengja band á góðan stað í stofu, eldhúsi eða forstofu og hengja jólakortin á það um leið og þau berast.


Undirbúningur jólanna hefst á pixel.is

jólakort.....veggdagatöl.....plaköt

ljósmyndabækur.....strigamyndir

Til 4. desember eru allar vörur úr pixel designer á 15% afslætti

Þú virkjar afsláttinn með því að slá inn kóðann JOL2011 þegar þú gengur frá greiðslu






Gerðu þitt eigið jólaævintýri á www.pixel.is

pixel designer er frír hugbúnaður sem þú halar niður og vistar á tölvunni þinni af www.pixel.is, þannig að þú getir unnið á þínum eigin hraða.

pixel prentþjónusta

pixel designer

Fylgdu okkur á facebook

Brautarholti 10-14 // Sími 575 2700 // pixel@pixel.is // www.pixel.is



**Sterk kona** Bryndís Ólafsdóttir hlaut titilinn Sterkasta kona Íslands um síðustu helgi. Áður æfði hún sund og setti ein sjötíu Íslandsmet í þeirri grein auk þess að hafa keppt fyrir hönd Íslands á Ólympíuleikunum árið 1988.

Bryndís er sannarlega vígaleg á að líta svona stuttu eftir keppni enda búin að þjálfa duglega undanfarið ár og enn meira dagana fyrir keppnina sjálfa. „Ég fékk ógeð á mat daginn fyrir keppnina og hef enn ekki áhuga á mat. Ég þurfti að borða svo mikið fyrir hana og er pakksödd ennþá. Það getur verið erfitt að finna á sig föt þegar maður er svona stór og fötin þurfa helst að vera víð. Ermarnar eru helsta vandamálið því þær eru oft of þröngar.“

## STERKASTI LANDSHLUTINN

Aðspurð segist Bryndís hafa fundið sitt framtíðaráhugamál og hyggst stunda kraftlyftingar eins lengi og líkaminn leyfir. „Ég hef fundið mína líkamsrækt. Þetta er skemmtilegt og gerir mér gott og ég hef til dæmis sjaldan fengið bakverk eða liðamótaverki út frá lyftingunum sjálfum. Það ættu allir að finna sér íþrótt við hæfi því það skiptir svo miklu máli að hreyfa sig. Sem sjúkraþjálfari finn ég mikinn mun á þeim sem stunda bara létta hreyfingu nokkrum sinnum í viku og þeim sem gera aldrei neitt. Ég er sjálf 42 ára og það er gaman að geta sýnt fram á það að konur eru ekkert orðnar gamlar á þessum aldri. Konur eiga ekki að vera sáttar við það að finnast þær vera gamlar á þessum aldri.“

Auk þess að sinna lyftingum rekur Bryndís fyrirtæki í samstarfi við Benedikt sem nefnist BB Þjálfun og ætla þau að fara að sinna því af meiri krafti í nánustu framtíð. „Við ætlum að leyfa Suðurlandsundirlendinu að njóta góðs af reynslu okkar og taka að okkur að þjálfa ungt íþróttafólk, almenning og lyftingamenn. Við vorum fimm konur frá Suðurlandinu sem tókum þátt í keppninni um sterkustu konuna og ég held að við verðum áfram sterkasti landshlutinn.“

## * myndaalbúmið



Mynd af mér með tvíburana fyrir skírn árið 2008.



Ég með öll fjögur börnin á 17. júní.



Mynd af mér eftir verðlaunaafhendingu um síðustu helgi. Myndina tók Ólöf Sigurðar.



Benedikt með ungana á gangi á Írskum dögum árið 2010.


CLINIQUE

Clinique dagar í Lyfjum & heilsu Kringlunni

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 kr. eða meira dagana 11.-16. nóvember.*




Kaupaukinn inniheldur:

- 7 Day Scrub kornamaski 30 ml
- DDML Gula Kremið 15 ml
- Superdefense rakakrem 15 ml
- All About Eyes augnkrem 5 ml
- Superbalm varagloss 7 ml

Nýtt




Turnaround Overnight radiance moisturizer

Þegar þú svífur inn í draumalandið skiptir húðin um gír og einbeitir sér að því að undirbúa sig fyrir bjartari framtíð.
Nýja Turnaround Overnight vinnur næturvinnu á meðan þú hvílist. Húðin verður sléttari og endurnærð. Allt á meðan þú sefur.

*meðan birgðir endast

Lyf & heilsa
Kringlunni

Dazed & Confused hélt upp á 20 ára afmæli:

# SMEKKLEGT AFMÆLISBOÐ

Tímaritið Dazed & Confused hélt upp á tuttugu ára afmæli sitt um síðustu helgi. Fjöldi fólks mætti til að fagna þessum áfanga ásamt stofnendum blaðsins.

Dazed & Confused byrjaði sem lítið blað í svarthvítu en er nú orðið leiðandi í umfjöllun um tísku, tónlist og list. Jefferson Hack, annar af tveimur stofnendum blaðsins, sagðist ánægður með árangurinn enda hefðu þeir félagar runnið blint í sjóinn þegar tímaritið var stofnað árið 1991. Á meðal gesta voru fyrrverandi forsíðustúlka blaðsins Kate Moss, hönnuðurinn Sarah Burton og tónlistarmaðurinn Michael Stipe. **- sm**



**Ritstjórinn og tónlistarmaðurinn** Jefferson Hack, ritstjóri og stofnandi blaðsins, var glaður að sjá er hann spjallaði við Michael Stipe, fyrrum söngvara REM.



**Góðir vinir** Fyrirsætan Kate Moss, fyrrverandi forsíðustúlka Dazed & Confused og barnsmóðir Hack, ásamt Marlon Richards, syni rokkarans Keith Richards.



**Góðar stundir** Breska fyrirsætan Erin O'Connor ásamt góðvinum sínum.



**Litrík** Breska leikkonan Jaime Winston var litrík er hún fagnaði áfanganum með mannskapnum.



**Dýrsleg** Pixie Geldof, dóttir Bob Geldof, lét sig ekki vanta í veisluna.



**Ánægður starfsmaður** Tískuskríbent Dazed & Confused, Katie Shillingford, mætti að sjálfsögðu og fagnaði með sínu fólki.



**Dúskar** Söngkonan Paloma Faith mætti í þessum skemmtilegu skóm í veisluna.



**Brosandi gestir** Jess Morris og hönnuðurinn og leikkonan Sadie Frost voru á meðal gesta í veislunni.



**Fyrirmyndarsystur** Systurnar og fyrirsæturnar Cara Delevingne og Poppy Delevingne voru ófeimnar fyrir framan myndavélina.


MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

WWW.MK.IS
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

## Hvert skal stefna í lífinu?

STÚDENTSNÁM
Félagsfræðabraut
Listnámsbraut
Mála- og ferðafræðibraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut

FRAMHALDSSKÓLABRAUT

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS

MATVÆLANÁM
Grunndeild matvælagreina
Bakaranám
Framreiðslunám
Kjötiðnaðarnám
Matreiðslunám
Almenn braut matvælagreina – fyrir þá sem stefna á nám í matvælagreinum.
Eingöngu er tekið við umsóknum á menntagátt til 22. nóv.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME

# FJÖLSKYLDUHELGI Í THE PIER

FJÖLSKYLDU-
**TILBOÐ**
DAYTON 3JA SÆTA
**79.900.-**
VERÐ ÁÐUR: 99.900.-

2950
930
1800
2010
950
HÆGT AÐ HAFA SKEMIL HÆGRA EÐA VINSTRA MEGIN
DAYTON HORNSÓFI
**169.900.-**

GLERSKÁPUR
**111.920.-**
VERÐ ÁÐUR: 139.900

FJÖLSKYLDU-
**TILBOÐ**
PROVENCE HÚSGÖGN
**20%**

GEGNHEIL EIKARVÖRULÍNA

SKENKUR
**127.920.-**
VERÐ ÁÐUR: 159.900

HLIÐARBORÐ **63.920.-**
VERÐ ÁÐUR: 79.900

**3 F 2**
AF PÚÐUM

FJÖLSKYLDU-
**TILBOÐ**
RAMMAR
**20%**

FJÖLSKYLDU**TILBOÐ**
**20%** AF KERTUM OG KERTASTJÖKUM

PIPARKÖKUR, TE OG DRYKKIR FYRIR BÖRNIN

## JÓLIN ERU KOMIN Í THE PIER

HNETUBRJÓTAR
2990.-

SNJÓKARL FYRIR SPRITTKERTI
990.-

JÓLASKRAUT Á TRÉ
FRÁ 290.-

LITLAR JÓLALUKTIR
FRÁ 890.-

the PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



## YFIRHEYRSLAN

**Þormar Melsted, grafískur hönnuður.**

**Ertu A- eða B-manneskja?** Ég er B-manneskja.

**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?** Ekki neina sérstaka en mig langar að lesa Gamlingjann.

**Ef ég byggi ekki í Reykjavík, byggi ég í:** Kaliforníu í USA.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Platan Nú stendur mikið til með Sigurði Guðmundssyni og Memfismafíunni á vínyl.





**Hvað dreymir þig um að eignast?** Bíl af gerðinni Dodge Charger 1968.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Lögin 96 Tears með ? & The Mysterians og Move on Up með Primal Scream.

**Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig:** Hef setið ráðstefnu í fundarsal NATO í Brussel.



**Uppáhaldsdrykkurinn:** Frosin margaríta.





Fáðu þér tyggjó eftir hverja máltíð

WRIGLEY'S Extra®

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með

# Vinsælt góðgæti þegar gestir kíkja í heimsókn

**Á veturna þegar kuldi og myrkur færast yfir er fátt sem lætur manni líða jafn vel og ljúffeng og ilmandi eplakaka beint úr ofninum. Með þeyttum rjóma, ískúlum og örlitlum kanil verður úr fullkomin blanda.**

## UNAÐSLEGUR EFTIRRÉTTUR

Eplakaka með möndlum

130 g smjörlíki
130 g sykur
1 egg
½ teskeið lyftiduft
125 g hveiti
2 epli
10-15 möndlur
1 msk. kanill

*Hrærið saman sykri og smjöri. Setjið eggið út í og þeytið þar til deig er orðið létt. Hrærið lyftidufti og hveiti saman við. Fletjið um það bil helming af deigi út. Setjið í springform í bökunarpappír. Bakið í ofni 200 gráður í tíu mínútur.*

*Skrælið epli og skerið í þunna báta eða skífur. Brytjið möndlur niður. Leggið epli og möndlur í botninn ofan á bakaða deigið.*

*Stráið kanil og þremur auka matskeiðum af sykri yfir. Fletjið afganginn af deiginu út og leggið ofan á. Stingið göt hér og hvar í deigið og bakið í ofni þar til kakan er gyllt.*

*Berið fram til dæmis með þeyttum rjóma eða ís. Heimagerður ís klikkar aldrei. Gott að strá kanil yfir.*





Sykraður börkur af skrápsítrónu (citron) er einkum notaður í ávaxtakökur. Súkkat er yfirleitt selt brytjað í teninga en stundum má fá heilar sneiðar af berki. Best er að það sé fremur mjúkt en það harðnar og þornar við langa geymslu.



**Heimild: Matarást**




www.lifandimarkadur.is
Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg



KitchenAid®
JÓLATILBOÐ



Vélin fæst í mörgum litum - Verð frá kr. 79.990



Öllum KitchenAid® hrærivélum fylgir 4,8 lítra glerskál ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.



NÝTT – KitchenAid® HRÆRARI MEÐ SLEIKJUARMI

KitchenAid® hefur sett á markað nýjan hrærara, sem passar á flestar KitchenAid® hrærivélar. Hrærarinn er með mjúkum sleikjuarmi, sem blandar hráefni betur. Það þarf ekki að skafa innan úr skálinni þar sem hrærarinn skefur innan úr henni um leið og hrært er. Þetta gefur auðveldari, betri og hraðari árangur.



KYNNINGARVERÐ 3.990
ALMENNT VERÐ 5.990

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir



Til sölu Houndai Santafe beinsk bensín árg 2001 ek. 142þús þarfnast viðgerðar kúpling léleg. Verð aðeins 370þús gsm 8927852



Til sölu wv póló árg 98 5/dyra sjálfskiftur ekinn 158 þúsund negld vetrardekk nýskoðaður topp bíll. Verð 375þús gsm 8682352 ATH. Kortalán

## 500-999 þús.



**Frábært verð !!!**
Hyundai Santa Fe 2.4, árg 12.2001, 4x4, ekinn aðeins 119þús, bsk, ný skoðaður, ný tímareim, vetrardekk, hiti í sætum, álfelgur, virkilega skemtilegur og eyðslugrannur bíll, ásett verð 950þús, Tilboðsverð aðeins 650þús, s:659-9696

## Bílar óskast

**Óska eftir bíl 25-250þús á borðið !**
Óska eftir bíl fyrir allt að 250þús. staðgreitt, fólksbíl eða smábíl. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. s. 691 9374.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




**Allt frá umslagi upp í stórflutninga!**

## Kerrur



Farangurkerrurnar komnar aftur. Mikið úrval af kerrum á staðnum. www.topplausnir.is Smiðjuvegi 40, gul gata s: 517 7718

## Vélsleðar

Til sölu Ski-doo Mach-1, 700 vélsleði árg '97 Lítið notaður, verð 300.000, með kerru Upplýsingar í Síma 693-4263

## Lyftarar



JCB skotbómulyftari, árg. 1999. Notkun 9.150 vinnustundir. Ný dekk. Verð. 2.500.000 + VSK Vel með farinn. Nánari upplýsingar gefur Jón Hilmar, S: 868-8022

## Bátar




Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Bílaþjónusta






INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum að byrja rífa H1 (starex), Dodge Neon '07, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Yaris '04. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Veislusalir

**Salur til leigu undir samkvæmi**
Til leigu góður salur fyrir samkvæmi, veislur, árshátíðir og starfsmannahópa. Uppl. s. 770 2210

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja










## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

**Topp Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

## Spádómar

**Spákonan Sirrý**
Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Trésmíði

Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 856 5555.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Ódýr heimilisraftæki**
Sími 896 8568.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



Þjóðlagagítarpakki kr:22.900,- Gítar,poki,ól,auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is






# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Snyrting

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Tilkynningar

# UPPBOÐ

**www.naudungarsolur.is.**

## Sýslumaðurinn á Húsavík

### Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7066, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:50.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7067, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:45.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7068, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:40.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7069, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:35.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7070, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:30.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7071, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:25.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7072, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:20.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7073, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:15.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7074, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:10.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7075, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:05.

Aðalbraut 67-69, fnr. 216-7076, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Fjörður ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sparisjóður Þórshafnar og nágr. og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 11:00.

*Sýslumaðurinn á Húsavík*
*10. nóvember 2011.*



**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

# HEIMILIÐ

## Húsgagnaviðgerðir

**Húsgagnalökkun**
**Sprautulökkum: innhurðir, eldhús og baðinnréttingar, stóla og borð, skápa og skenka.**
**Smiðjuborg ehf**
**Smiðjuvegi 11**
**S:8941867**

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**

JÓLALEIKUR HÚSAVÍKUR
JÓL Í NEW YORK!
HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
www.husavik.net



**Aðeins 2 hvolpar eftir**
Hreinr. Golden Retriever hvolpar t. sölu. Afh. 19 nóv. Örm. Spraut. Ættbók. hilmargolden.123.is S. 698 0110 eða 899 2988.

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu, tví og þrílitir. S. 896 9478 Gunnar.

Til sölu tvær 8 vikna french mastiff hvolpar. Uppl í s. 895 5010 á milli 13-18 á laugardag.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

2herbergja íbúð í 105 til leigu í nóv og des. Laus strax. 6150802 Haraldur

Til leigu 12fm herb á pst 108, með aðgangi að eldhúsi,klósett, þvottavél. uppl. s.7759950

95 fm til leigu á 4 hæð í Safamýri. Einnig til leigu 75 fm í Dalseli. Báðar íbúði leigjast frá 1. des. S. 775 1231, Jiam Wang.

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi, þvottahúsi, Stöð 2 og Sport. Uppl. í s. 893 2385.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

## Fasteignir

### Vatnsnesvegur 29, Reykjanesbæ.

Til sölu 3ja herb. íbúð á 3. hæð að Vatnsnesvegi 29, Reykjanesbæ, ásamt geymslu og 14 m² tómstundaherbergi í kjallara. Íbúðinni fylgir stæði í lokaðri bílageymslu.

**Nánari upplýsingar veita:**
Ólafía í símum: 421-2210 og 863-0101.
Helga í símum: 421-3618 og 898-3618 og
Sigurður í símum: 421-3032 og 863-3460.

## Fundir / Mannfagnaður

***Aðalfundur Íbúasamtaka miðborgar***

*verður haldinn þriðjudaginn 15. nóvember á efri hæð IÐNÓ*

***Dagskrá:***
*Fundurinn hefst kl. 20:00*
*á hefðbundnum aðalfundarstörfum.*
*Gestur fundarins er Borghildur, rannsóknarhópur sem einbeitir sér að því að rannsaka og skrásetja í máli og myndum mannlíf á götum, torgum og görðum í miðbæ Reykjavíkur.*

*Mætum öll og tökum þátt í umræðum um hverfið okkar!*

*www.midbaerinn.is*

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

**Íbúð- Arnarnesi**

**Garðabæ**
**Falleg 3 herb. íbúð ca. 100fm við sjávarsíðuna. Sérinngangur og bílastæði. Leigist rólegum, reyklausum og reglusömum einstaklingi eða pari. Gæludýr bönnuð. Verð 145þ. á mán. Rafmagn og hiti innifalin. Húsgögn geta fylgt.**
**S. 867 4822 & 554 5545.**

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2herb íbúð, höfuðb svæði. frá 1.des, langtíma. uppl. 7753 922 Adrian

## Atvinnuhúsnæði



500 fm. iðnaðarhúsnæði á Kársnesbraut til leigu, hentugt fyrir matvælaframleiðslu. Kælar, frystir, búningsaðstaða, skrifstofur. Uppl. s. 6605600

150 fm. iðnaðarhúsnæði á Kársnesbraut til leigu. Góð aðkoma, skrifstofuaðstaða, stór innkeyrsluhurð, gott útipláss malbikað. Uppl. 6605600

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Tökum í geymslu tjaldv- felli- hjól- Pallhýsi- húsbíla- mótorhjól- fjórhjól- kerrur. S 8671282

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

## Bílskúr

Til leigu 32 m2 bílskúr, 105 Reykjavík. Hiti, vatn, rafm. og fjarst.hurð. Sími 8209310

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Allra ráðgjöf ehf. óskar eftir að ráða úthringjara í fast starf. Vinnutími er samkomulag, en góð laun í boði fyrir réttan aðila. Áhugasamir hafi samband á atvinna@allra.is

**Þjónn óskast!**
**Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á ccb@visir.is**

**Viltu vinna þér inn auka tekjur ?**

**Avon snyrtivörur leita eftir sölukonum um land allt. Góðir tekjumöguleikar í boði fyrir rétta fólkið. Vandaðar vörur á viðráðanlegu verði.**

**Áhugasamir hafið samband í síma 577-2150 eða sendið póst á netfangið anna@avon.is www.avon.is**
**Act ehf**
**Dalvegur 16 b**

Vantar harðduglegt fólk til vinnu við litla brauðgerð fram að jólum, við pökkun og fl. Stundvísi skilyrði. Uppl. í s. 867 1715

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 893 1193 & 773 3933.

Óska eftir starfsmanni til afgreiðslu í verslun á næturnar Starfsmaður þarf að vera 20 ára stundvís og snyrtilegur. Umsóknir sendist á ncs@ncs.is

## Atvinna óskast

Ég er 22 ára nemi í bílamálun í Borgarholtsskóla og óska eftir vinnu með námi. Allt kemur til greina. Upp. í síma 6610769.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Frá Lífspekifélaginu**

**Í kvöld, föstudaginn 11. nóvember kl. 20:30** heldur **Salvör Nordal** erindi sem hún nefnir **Siðfræði stjórnlaga** í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 12. nóvember 15:00 er opið hús og 15:30** heldur **Jóhannes Ágústsson** erindi sem hann nefnir **Siðferðið á Íslandi** í dag, áhugi/áhugaleysi gagnvart því.
**Á fimmtudögum** kl. 16.30-18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.lifspekifelagid.is**

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

# GAMLA BÍÓ
## LEIKHÚS

## Fyrirtæki og hópar

Gamla Bíó leikhús bíður upp á öðruvísi samverustund fyrir fyrirtæki og hópa í einu glæsilegasta leikhúsi landsins. Þar er hægt að blanda saman leikhúsupplifun, jólaglögg og léttum veitingum fyrir eða eftir sýningar í hinni sögufrægu „Petersen svítu“ á 3. hæð hússins með 300fm svölum með útsýni yfir miðborgina.













S: 563 4000 - www.gamlabio.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** umstang, **6.** fíngerð líkamshár, **8.** for, **9.** heyskaparamboð, **11.** þurrka út, **12.** skrípaleikrit, **14.** starfsaðferð, **16.** bókstafur, **17.** skörp brún, **18.** tunna, **20.** þófi, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skaut, **3.** skóli, **4.** vesalingur, **5.** knæpa, **7.** eilífð, **10.** útsæði, **13.** gerast, **15.** liðormur, **16.** krot, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** ló, **8.** aur, **9.** orf, **11.** má, **12.** farsi, **14.** tækni, **16.** pí, **17.** egg, **18.** áma, **20.** íl, **21.** rifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** klof, **3.** ma, **4.** aumingi, **5.** krá, **7.** óratími, **10.** fræ, **13.** ske, **15.** igla, **16.** pár, **19.** af.





**Bæti mig sífellt**

Kristján Magnús Karlsson þroskahamlaður íþróttamaður og starfsmaður Vífilfells æfir íþróttir alla daga vikunnar.



**Meðal annars efnis:**

**Nýtt líf fyrir munaðarlausa risa**
Fílar í Kenía eiga sérstöku munaðarleysingjahæli líf sitt að launa.

**Varð að skrifa þessa bók**
Steinunn Sigurðardóttir fetar nýjar slóðir í Jójó.



Allt sem þú þarft


# Annir hjá Vælubílnum

**BAKÞANKAR**
Sifjar Sigmarsdóttur



Þegar David Lowe, breskur leikari búsettur í Frakklandi, setti á sig kúluhattinn og hélt til vinnu einn bjartan dag í júní síðastliðnum benti fátt til þess að dagurinn yrði frábrugðinn öðrum. David hafði að atvinnu að leika kómíska útgáfu af hinum „steríótýpíska“ Breta – blöndu af Karli Bretaprins, Mr. Bean og Churchill – Frökkum til kátínu. Þennan tiltekna júnídag var Frökkum hins vegar ekki hlátur í hug.

**DAVID** hafði verið ráðinn til að látast vera breskur kokkur á matarmarkaði í þorpinu Castelnaudary. Hann skyldi kynna breska útgáfu af hinni frægu frönsku „cassoulet“ kássu, m.a. með marmelaðibragði. Uppátækið var grín kássuframleiðanda á staðnum, sem hugðist taka hlátrasköll markaðsgesta upp á falda myndavél og nota í auglýsingu. Myndefnið varð þó annað. Er David sagði brandara um að breska kássan væri þeirri frönsku æðri því hún ylli ekki jafnmiklum vindgangi var engum skemmt. En þegar hann ýjaði að því að hún væri upphaflega bresk en ekki frönsk ætlaði allt um koll að keyra. Karlmenn veittust að leikaranum. Konur, börn og ellilífeyrisþegar hreyttu í hann fúkyrðum. David átti fótum sínum fjör að launa.

**UM SÍÐUSTU** helgi skrifaði Atli Fannar Bjarkason bakþanka í Fréttablaðið þar sem hann segist ekki ætla að kaupa Neyðarkall björgunarsveitanna í ár, m.a. vegna þess að hann getur keypt lyklakippu sem rúmar „helmingi fleiri lykla á helmingi lægra verði í næstu lágvöruverðsverslun“. Pistillinn er augljóst grín. Kaldhæðni 101. Margir tóku skrifin hins vegar óstinnt upp.

**ÞAÐ** er engin tilviljun að hugtakið „Vælubíllinn“ fór sem eldur um sinu í sömu andrá og góðærið fuðraði upp. Ísland eftirhrunsáranna einkennist af krónískri sjálfsvorkunn í bland við nístandi skinhelgi sem endurspeglast í algjörum skorti á kímnigáfu. Þjóðin hefur verið fórnarlambsvædd. Enginn er maður með mönnum nema hann hafi yfir einhverju að „væla“: Karlmenn eru ofsóttir af nokkrum ungmeyjum sem kenna sig við femínisma; skattgreiðendur eru píndir til þess eins að Steingrímur Joð geti ferjað peningana í hjólbörum í skjóli nætur heim til auðjöfra sem grafa þá í jörð í óhóflega stórum bakgörðum sínum; sértækar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru ekki í sömu skóstærð og ég. Vogi sér einhver að fara gegn nýjustu múgæsingunni ausa vælarar úr skálum reiði sinnar svo að úr verður syndaflóð eins og það sem fyrrnefndur Atli Fannar fékk að baða sig í á dögunum.

**SKORTUR** íbúa Castelnaudary á skopskyni er helsta aðhlátursefni á Youtube um þessar mundir. Það er okkur Íslendingum til happs að ekki er hægt að mynda þjóðarsálina.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BT
allt að verða klárt fyrir jólin
DVD
5.999
Simpsons sería 14
2.699
Transformers 3
2.699
Cars 2
leikir
11.999
Battlefield 3
11.999
Modern Warfare 3
11.999
Uncharted 3
tónlist
2.599
Hjálmar
2.999
Ingimar Eydal
2.599
Ingó
SAMSUNG
10.000 kr. afsláttur
89.999
áður 99.999
Samsung LCD D455
1366x768 - HD Ready
32"
SAMSUNG
20.000 kr. afsláttur
109.999
áður 129.999
Samsung LCD D555
1920x1080 - Full HD
32"
SAMSUNG símar
Galaxy Mini
27.999
Galaxy Gio
37.999
Galaxy SII
109.999
mp3 spilarar
Coby 620 4gb
10.999
Coby 827 4gb
13.999
Snertiskjár
Coby 828 8gb
Snertiskjár
18.999
ION Tape Express
gömlu kassetturnar yfir í tölvu
Nýtt
7.999
ION Trommusett
59.999
29.999
ION
Discover DJ Pro
ION AnyRoom þráðlaus hátalari fyrir Ipod
29.999
Nýtt
17.999
ION
Key49 hljómborð
komdu og kynntu þér fartölvurnar frá
SAMSUNG
SAMSUNG
19.999
ES70 stafræn myndavél
12.2 megapixlar
SAMSUNG
22.999
PL120 stafræn myndavél
14.4 megapixlar
SAMSUNG
79.899
EX1 stafræn myndavél
10 MP - 3" hreyfanlegur skjár
þú getur verslað allan sólarhringinn á www.bt.is
BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 // www.bt.is - alltaf opið

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN TÍU




**1998** KR. PK.

**ARIEL ÞVOTTAEFNI 50 SKAMMTAR**




**259** KR. STK.

**ÞVOTTAMÝKIR 750 ML**




**259** KR. 650ML

**UPPÞVOTTALÖGUR**




**98** KR. 180 G

**GRÆNT PESTÓ**

BEST FYRIR JAN 2012




**GOUDAOSTUR 26%**

300 KR. LÆGRA VERÐ

**998 KR.KG.**

*VERÐ ÁÐUR: 1298 KR.KG*



**129** KR. STK.

BÓNUS **NÝBAKAÐ BAGUTTE**




**298** KR. 500 G

**DOLMIO SPAGHETTISÓSUR**



**SPAGHETTI BOLOGNESI**

Ósvikna Ítalska uppskrift finnur þú á heimasíðunni bonus.is/uppskriftir: Spaghetti Bolognese




**249** KR. 1 KG.

1 KG. **BARILLA SPAGHETTI**

NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla




**1198** KR. KG

**FERSKT 100% NAUTAHAKK**




**1598** KR. KG

**FERSKT NAUTAGÚLLAS**




**598** KR. PK

**FJÓRIR NAUTABORGARAR 80G MEÐ BRAUÐI**




**1898** KR. KG

**FERSK NAUTAPIPARSTEIK**




**1598** KR. KG

**FERSKT NAUTASNITSEL**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN TÍU




**ROBIN CLEMENTÍNUR 2.3 KG. KASSI 798 KR.**



398 KR. KG.

BEINT FRÁ NÝJA SJÁLANDI **LÍFRÆN EPLI**



398 KR. PK.

700 GRÖMM PÖKKUÐ **HONEY EPLI**




398 KR. PK

1.3 KG. AMERÍSK **MACHINTOSH EPLI**



195 KR. KG.

**PAKKAÐAR APPELSÍNUR**






598 KR. 1 KG

1 KG. FRÁ DANMÖRKU **FROSNIR MANGÓBITAR**




498 KR. 1.2 KG

1.2 KG. FRÁ DANMÖRKU **JARÐARBER FROSIN**




359 KR. 500 G

FRÁ AKURSELI 500 GRÖMM
**LÍFRÆNT RÆKTAÐAR GULRÆTUR**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**! LISTAMANNASPJALL INGÓLFS OG HELGA ÞORGILS** Myndlistarmennirnir Helgi Þorgils Friðjónsson og Ingólfur Arnarson taka þátt í leiðsögn um sýninguna Hraðari og hægari línur í Hafnarhúsinu á sunnudag klukkan 15. Á sýningunni er rýnt í teikninguna í gegnum valin tví- og þrívíð verk yfir sextíu íslenskra og erlendra myndlistarmanna. Verkin eru aðeins hluti af safneign listsafnaranna Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur.

Bækur ★★★

**Játningar mjólkurfernuskálds**
Arndís Þórarinsdóttir

**Mál og menning**

## Af ofurgáfuðu burðardýri

Í upphafi sögunnar stendur Halla, 13 ára, frammi fyrir miklum breytingum í lífi sínu. Hún hefur verið rekin úr Hagaskóla vegna þess að þar var hún gripin glóðvolg með töluvert magn fíkniefna í íþróttatösku sinni. Í kjölfar þess missir annar feðra hennar (já, hún á tvo) vinnuna. Fjölskyldan neyðist til þess að flytja úr Vesturbænum í úthverfi og Halla þarf að byrja í nýjum skóla.




Halla er fyrirmyndarbarn og hefur aldrei svo mikið sem þefað af áfengi eða eiturlyfjum. Hvernig stendur á því að hún var nöppuð með fulla tösku af dópi er því öllum í kringum hana (og lesendum) ráðgáta, sem ekki leysist fyrr en nokkuð er liðið á söguna.

Í öllu þessu veseni missir Halla bestu vinkonu sína og verður að leita sér vina í nýja skólanum, en það reynist hægara sagt en gert, þar sem nemendur og kennarar hafa veður af því að hún hafi höndlað með eiturlyf og telja að hún sé bæði óalandi og óferjandi. Hún ákveður því að snúa vörn í sókn, skipta um ham og gerast sá vandræðagepill sem allir telja hana vera. Að minnsta kosti á yfirborðinu.

Tvíhyggja er gegnumgangandi í sögunni. Halla er vön að vera fyrirmyndarnemandi, klæðast bleikum fötum og – eins og linnulítið er hamrað á – þá hefur hún ort ljóð sem birtist á mjólkurfernum. Hún stillir sjálfri sér (og öðrum sem líkjast henni) í sífellu upp andspænis „hinum", sem klæðast svörtu, gengur illa í skóla og eru almennt til leiðinda: „Vandræðaunglingar virðast ekki brosa alveg jafnmikið og þau okkar sem yrkja ljóð á mjólkurfernur" (41).

Auðvitað kemst Halla að því smám saman að lífið er ekki aðeins málað í svörtu og hvítu. Þau sem hún telur í fyrstu að séu „réttu megin við strikið" reynast ekki vera það, en hin sem jafnvel eru talin til svæsnustu vandræðaunglinga, leyna á sér og eru í raun gáfaðar, heilsteyptar og góðar manneskjur.

Halla er ákaflega klár og meðvituð ung stúlka. Raunar svo mjög að það er fremur ótrúverðugt á köflum. Ég hef í það minnsta aldrei þekkt þrettán ára krakka sem sækir sér doðranta um miðaldasögu og hitaþolnar örverur á bókasafnið eða pælir í stofnfrumurannsóknum og kynjakvótum. En kannski er ég bara ekki í réttu kreðsunum.

Það er líka tilfinning mín að unglingar (og Játningar mjólkurfernuskálds er sannarlega unglingabók, ekki barnabók) vilji fremur lesa um jafnaldra sína eða eldri krakka, heldur en að lesa um þá sem eru yngri en þeir. Halla hefði að mínu mati mátt vera eilítið eldri, en það hefði líka gert það trúverðugra hvað hún er vel lesin, greind og ofurmeðvituð.

Þrátt fyrir smávægilegt nöldrið hér að ofan, þá þótti mér Játningar mjólkurfernuskálds bæði skemmtileg og spennandi bók. Hún er líka launfyndin, persónusköpunin frumleg og boðskapurinn fallegur.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

**Niðurstaða:** Þrælskemmtileg og spennandi unglingasaga.



**HREINN UMFRAM ALLT** Þorsteinn Bachmann leikstýrir uppfærslu Stúdentaleikhússins á verki Oscars Wilde, Hreinn umfram allt.

MYND/RUT RÚNARSDÓTTIR

# METNAÐUR UMFRAM ALLT

**Hreinn umfram allt, klassískt leikrit Oscars Wilde, gengur í endurnýjun lífdaga í meðförum Stúdentaleikhússins. Verkið kallast vel á við andrúmsloft góðærisins sem hér ríkti, að mati aðstandenda verksins.**

Stúdentaleikhúsið frumsýnir í kvöld leikritið Hreinn umfram allt eftir Oscar Wilde.

„Okkur langaði til þess að setja léttara verk á fjalirnar en í fyrra og komumst að þeirri niðurstöðu að takast á við þennan klassíska gamanleik, sem jafnvel mætti kalla farsa þó að við viljum nú helst halda þeim stimpli frá okkur," segir Guðmundur Felixson, sem er í stjórn leikhússins auk þess að fara með hlutverk í leikritinu.

Þrátt fyrir að leikritið sé frá 19. öld segir Guðmundur ganga ágætlega fyrir ungt fólk að tengja við það. „Það fjallar um fólk sem er svo ríkt að það þarf ekki að gera neitt og finnst erfiðast í heimi að hafa ekkert að gera á daginn. Okkur finnst þetta spegla að einhverju leyti góðærið á Íslandi," segir Guðmundur. Vísað er til ritunartíma verksins í búningum. „En við tökum það ekki alla leið, förum leið fátæku leikhúsanna og leggjum ekki höfuðáherslu á tímabilið og segjum bara að þetta gerist í hálfgerðri tímaleysu."

Leikstjóri verksins er Þorstein Bachman og segir Guðmundur mikla áherslu hafa verið á að fá reyndan leikstjóra til liðs við leikhúsið. „Við erum mörg sem ætlum að leggja leiklist fyrir okkur, það er mjög mikill metnaður í hópnum og reyndar mikil leikreynsla miðað við aldur. Fólk kemur þrautreynt með reynslu úr leikhúsum menntaskólanna og víðar. Það eru níu hlutverk í leikritinu og auðvelt hefði verið að setja upp miklu fjölmennara verk miðað við áhugann."

Stúdentaleikhúsið hefur lengi verið meðal virkustu áhugaleikfélaga. Þrátt fyrir nafnið er ekki formleg tengsl við Háskóla Íslands. „En mjög margir eru í háskólanum."

Leikritið verður sýnt í Norðurpólnum. sigridur@frettabladid.is




# Fjölskrúðugt rit um fugla

Bækur ★★★★

**Íslenskir fuglar**
Benedikt Gröndal. Eftirmáli: Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Skýringar: Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ævar Petersen.

**Crymogea**

Bókaútgáfan Crymogea heldur áfram að afsanna þá goðsögn að ekki sé hægt að gefa út listaverkabækur hérlendis, nú með endurútgáfu á teikningum Benedikts Gröndal (1826-1907) af íslenskum fuglum.

Benedikt Gröndal var sonur Sveinbjörns Egilssonar skálds með meiru. Sveinbjörn var um tíma kennari við Bessastaðaskóla og ólst Benedikt upp á Álftanesi. Hann var um margt sérstakur maður, skáld, en líka fræðimaður af margvíslegum toga. Ævisaga hans, Dægradvöl, er lesin enn í dag og þykir mikil skemmtilesning.

Náttúrufræði var mikið áhugamál Benedikts, sem á ævi sinni sinnti ýmsum störfum við skriftir, þýðingar og kennslu, en ritaði einnig og myndskreytti bækur um náttúrufræðina. Á nítjándu öld færðust ferðalög í aukana með nýrri tækni, samhliða jókst útgáfa ferðabóka og rita um fjarlæga staðhætti og náttúru. Jónas Hallgrímsson hafði lagt stund á náttúrufræði og Benedikt fetaði að einhverju leyti í fótspor hans í jafnhliða áhuga á skáldskap og náttúrufræði.

Útgáfa Crymogeu er vegleg, á gæðapappír og í stóru broti.



Myndirnar, eitt hundrað talsins, eru í sannfærandi litum þótt ekki hafi ég frumrit til samanburðar. Mynstur innan á kápu og ójafnar brúnir á blaðsíðum sem minna á gamla tíma þegar þurfti að skera upp úr bókum eru vel hugsuð atriði og falleg. Uppsetning textans er síðan með seinni tíma sniði, texti Benedikts var að sjálfsögðu handskrifaður. Rithönd hans var falleg eins og sést á einni eftirprentun en þreytandi væri að lesa allan textann þannig. Hér er valið að nota texta með letri sem minnir á ritvélarletur, það á ágætlega við en fagurfræði þess er óneitanlega af öðrum toga. Það sker sig þó ekki óþarflega frá andblæ myndanna og stelur ekki athyglinni. Þó er eftirmáli svolítið óaðgengilegur í uppsetningu.

Textar Benedikts eru upplýsandi um hinar ýmsu fuglategundir, stíllinn oft lifandi og blæbrigðaríkur. Fjallað er jafnt um stærð og eiginleika fuglanna, búsetuhætti þeirra, nöfn, þjóðtrú sem tengist þeim og sögur af því hvar þeir hafa sést og hvenær. Í textunum lifnar enn fremur tíðarandinn og birtist hér vel hvernig viðhorf til náttúrunnar og dýralífs hafa breyst síðan. Benedikt vitnar í aðra fræðimenn í riti sínu, m.a. Danann Frederik Faber, sem nefndur hefur verið faðir íslenskrar fuglafræði eins og fram kemur í eftirmála. Einnig vitnar Benedikt í breska og þýska vísindamenn sem hér tóku saman skrár um fugla. Hann studdist líka við íslensk rit sem til voru, m.a. eftir Eggert Ólafsson.

Það eru þó teikningarnar sem bera bókina uppi, svo fallegar og innilegar, nosturslegar og unnar af gríðarlegri ástríðu. Þær taka mið af staðháttum og hegðun fuglanna, þrestir eru sýndir á grein en krían birtist í umhverfi sínu við sjóinn og Benedikt sýnir gjörvileika hennar á fluginu. Myndir Benedikts hafa án efa haft áhrif á einhverja íslenska myndlistarmenn, til dæmis þóttist ég sjá nokkurn skyldleika við málverk Helga Þorgils listmálara.

Eins og búast mátti við er ritið því allt hið fallegasta og afar eigulegur gripur. Ekki síður er bókin skemmtileg lesning, auk þess að vera mikil uppspretta fróðleiks um fjölskrúðugt fuglalíf landsins.

Ragna Sigurðardóttir

**Niðurstaða:** Stórskemmtileg bók með heillandi lýsingum á lifnaðarháttum íslenskra fugla. Hér birtist tíðarandi á einstaklega lifandi hátt. Myndir Benedikts Gröndal eru í sérflokki, innilegar, nákvæmar og unnar af mikilli ástríðu.



OPIÐ ALLA DAGA
FRÁ KL. 13.00-23.00
7D BÍÓ
LASERTAG
SLEGGJAN
KLESSUBÍLAR
EFRI HÆÐ
MATUR
LEIKJA GOLF
LITLU APAKETTIRNIR
KLIFUR KETTIR
Fallturninn
KOMDU AÐ LEIKA!
Við opnum á morgun kl. 13
TAKTU ÞÁTT Í ÆVINTÝRINU
Skemmtigarðurinn Smáralind býður upp á frábæra skemmtun fyrir alla aldurshópa á tveimur hæðum á alls 2.000 fermetrum.
Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í 100 leiktækjum af ýmsum stærðum og gerðum.
100 SKEMMTILEG LEIKTÆKI
Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND
www.skemmtigardur.is
pepsi





## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 11. nóvember 2011**

### Leiklist

**20.00** Leiksýningin Alvöru menn er sýnd í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.500.

**20.00** Bændur í Hörgárdal fækka fötum í leikritinu Með fullri reisn. Tvær sýningar fara fram í kvöld í Iðnó. Fyrri hefst kl. 20 og hin síðari kl. 23. Miðaverð er kr. 2.900.



**21.00** Hinn drepfyndni einleikur Dagbók **Önnu Knúts** - Helförin verður sýndur í Gaflaraleikhúsinu. Miðaverð er kr. 2.500.



**22.30** Leikritið **Steini**, Pési og Gaur á Trommu er sýnt í Gamla bíói. Miðaverð er kr. 3.500.

### Tónleikar

**12.15** Hrífandi hádegistónleikar fara fram á Kjarvalsstöðum með Tríói Reykjavíkur. Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari flytja dúett eftir Hoffmeister og nokkur einleiksverk. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Þórarinn Hjartarson segir og syngur lífsdagbók ástarskáldsins Páls Ólafssonar í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Miðaverð er kr. 2.500.

**20.30** Jón Ólafsson tekur á móti **Páli Óskari** á aukatónleikum í Salnum í Kópavogi. Spjalltónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Af fingrum fram. Miðaverð er kr. 3.300.

**21.00** Lára Sóley Jóhannsdóttir og Hjalti Jónsson flytja sín uppáhalds kántrýlög í glæsilegu tónleikahlöðunni í Litla-Garði við Drottningarbraut á Akureyri. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



**21.00** Trúbadorarnir síkátu þeir Trausti Laufdal, Hjalti Þorkelsson, gímaldin og **Skúli mennski** halda tónleika á Ránni í Keflavík. Aðgangseyrir er kr. 500.

**21.00** Eldhressa hljómsveitin Sykur heldur tónleika ásamt Nolo á Gauki á Stöng. Miðaverð er kr. 1.000.

**21.00** Hljómsveitin Árstíðir fagnar útgáfu plötu sinnar Svefns og vöku skil með tónleikum í Hofi á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

**22.00** Gréta Salóme fiðluleikari heldur stórtónleika á Café Rosenberg. Ásamt henni kemur fram einvalalið tónlistarmanna sem bæði spilar og syngur með Gretu. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Kiriyama Family heldur bráðskemmtilega tónleika á Faktorý. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og mun einn heppinn gestur hirða allan aðgangseyrinn. Á neðri hæð staðarins verður stanslaust og ókeypis stuð með Dj Pabba.

**22.00** Hljómsveitin Homo & the Sapiens heldur tónleika á Obladí Oblada, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.





**23.00** Rokkið lifir á Græna hattinum á bæði rafmögnuðum og órafmögnuðum Nirvanaheiðurstónleikum. Einar Vilberg, **Franz Gunnarsson**, Þórhallur Stefánsson og Jón Svanur Sveinsson skipa hljómsveitina. Miðaverð er kr. 2.000.

### Opnanir

**20.30** Listafólk Sláturhússins á Egilsstöðum býður til opnunnar á sýningu um myndlist, tónlist, fatahönnun, kvikmyndalist og ljósmyndun. Lifandi tónlist verður leikin af Slowsteps. Aðgangur ókeypis.

### Fundir

**12.00** Dr. Kirby, prófessor í alþjóðastjórnmálum og opinberri stjórnsýslu og forstöðumaður Institute for the Study of Knowledge in Society við Limerick-háskóla á Írlandi, heldur erindi um hvaða áhrif efnahagshrunið á Írlandi hefur haft á stjórnmálin. Fundurinn fer fram í Odda 201 í Háskóla Íslands.

### Sýningar

**12.30** Hádegisleiðsögn fer fram í Safnahúsi Borgarfjarðar. Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður Safnahúss, leiðir gesti um örsýninguna um Gunnu á Húsafelli og Kristleif Þorsteinsson á Stórakroppi. Sýningin stendur til 16. nóvember. Allir velkomnir.

### Hátíðir



**20.00** Viðburðurinn Unglistar Sveim í svart/hvítu fer fram í Tjarnarbíói. Hann var fyrst haldinn árið 1995 á aldarafmæli kvikmyndasýninga. Þá voru fengnar framsæknar rafhljómsveitir til að spila undir þöglar kvikmyndir. Nú verður atburðurinn endurvakinn og munu hljómsveitirnar **Múm** og Samaris spila yfir The Cabinet of Dr. Caligari. Hin stórskemmtilega Dj. Flugvél og geimskip spilar undir myndinni Un Chien Andalou. Loks skipta Úlfur og Pyrodulia með sér kvikmyndinni Faust. Aðgangur er ókeypis.

### Heimildarmyndir



**20.00** Heimildarmyndin **Budrus** er sýnd á kvikmyndadögum í Bíói Paradís. Myndin fylgir palestínumanninum Ayed Morrar sem leiðir saman félaga í Fatah-samtökunum, Hamas-hreyfingunni og ísraelska borgara í friðsamlegri baráttu gegn ísraelska aðskilnaðarmúrnum. Miðaverð er kr. 750.

### Kvikmyndir

**21.30** Ein dýrasta og flottasta snjóbrettamynd allra tíma, The Art of Flight, mun verða sýnd í eitt skipti í Bíói Paradís. Veitingar í boði Red Bull, Nikita kynnir vörur sínar og Atli Kanilsnúður þeytir skífum. Miðaverð er kr. 1.200. Hægt að tryggja sér miða í forsölu á kindin.is.



**GYLLTI DREKINN** Fimm leikarar fara alls með 25 hlutverk í þessari „tilfinningaþrungnu tragikómedíu“.

# Gyllti drekinn í kvöld

Borgarleikhúsið frumsýnir í kvöld Gyllta drekann eftir þýska leikskáldið Roland Schimmelpfennig á Nýja sviðinu í kvöld.

Gyllta drekanum er lýst sem „tilfinningaþrunginni tragikomedíu um grimmd okkar alþjóðavædda tíma“. Verkið gerist á og í næsta nágrenni austurlensks skyndibitastaðar, Gyllta drekans, einhvers staðar í Evrópu. Þar segir frá skrítnu fólki af ólíkum uppruna, sem veit ekki að líf þess tengist með margslungnum hætti. Fimm Asíuættaðir starfsmenn í þröngu eldhúsi, einn er án landvistarleyfis og þjáist af heiftarlegri tannpínu. Fyrir ofan veitingastaðinn býr gamall maður með heita ósk sem enginn getur uppfyllt. Eigandi matvöruverslunar í sama húsi uppgötvar af tilviljun ábatasama en hryllilega hliðarstarfsemi. Ungir elskendur í þakíbúðinni verða fyrir afrifaríkum skakkaföllum og í nágrenninu reynir húðlöt engispretta að þóknast maur svo hún frjósi ekki í hel.

Fimm leikarar koma fram í sýningunni, Jörundur Ragnarsson, Dóra Jóhannsdóttir, Hanna María Karlsdóttir, Halldór Gylfason og Sigurður Skúlason leika samtals 25 hlutverk.

Schimmelpfennig er fæddur 1967 og er eitt vinsælasta leikskáld Þjóðverja um þessar mundir. Gyllti drekinn var valinn besta leikritið þar í landi árið 2010.

Hafliði Arngrímsson þýðir verkið og Kristín Eysteinsdóttir leikstýrir en leikmynd og búningar eru í höndum Snorra Freys Hilmarssonar.




## Bókmenntir

**17.00** Endurútgáfu bókarinnar Morgunn lífsins eftir Kristmann Guðmundsson verður fagnað á Bókasafni Seltjarnarness. Jafnframt verður höfundurinn kynntur sem skáld mánaðarins á bókasafninu í samstarfi við Lestu.is og Hlusta.is. Ármann Jakobsson og Bjarni Harðarson verða með stutt erindi um skáldið.

## Dansleikir

**22.00** Hljómsveitin Spútnik spilar ásamt Telmu Ágústsdóttur á dansleik sem fram fer á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi.

## Uppistand

**20.00** Sprenghlægilegt uppistand fer fram í Norræna húsinu þar sem Zinat Pirzadeh, fyndnasti kvengrínisti Svía 2010, Ruben Søltoft, Danmerkurmeistari í uppistandi 2010, og Anna Svava Knútsdóttir, leikkona, handritshöfundur og uppistandari, sameinast í gríninu. Aðgangur er ókeypis.



**20.00 Kevin Smith** heldur sitt heimsfræga uppistand/spurt og svarað í Eldborgarsal Hörpu. Hann er maðurinn á bak við Clerks, Chasing Amy, Jersey Girl og fleiri myndir. Miðaverð er frá kr. 4.990 til kr. 9.990.

## Tónlist

**22.00** Danni Deluxe þeytir skífum á skemmtistaðnum Austur.

**22.00** Dj KGB tryllir lýðinn á Bakkusi.

**22.00** Atli Kanilsnúður heldur uppi stuðinu á Kaffibarnum.

**22.00** Dj Marti stjórnar tónlistinni á Bar 11.

**23.00** Dj Veloci býður til dansveislu á Barböru.

**23.00** Dj Who's that girl þeytir skífum á Trúnó.

## Fyrirlestrar

**13.20** Helga Kristín Kolbeins flytur erindið Stjórnkerfið í Kína í Lögbergi 102 í Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröð Konfúsíusarstofnunarinnar norðurljós og Kínversk-íslenska menningarfélagsins. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**SIGRÍÐUR THORLACIUS** Syngur franskar dægurlagaperlur.

# Syngur perlur Frakka

**Söngkonan Sigríður Thorlacius kemur fram á tónleikum í Kaldalóni í Hörpu á fimmtudagskvöld í næstu viku, hinn 17. nóvember, klukkan 20. Tónleikarnir marka enda á 100. afmælisári Alliance Française.**

**Sigríður mun syngja nokkrar fallegustu og þekktustu dægurlagaperlur Frakka frá árunum 1920-2011. Miðasala á tónleikana fer fram í Hörpu og á Miði.is.**

# Quarashi fagnar útgáfu

„Þetta er einhvern veginn góður endapunktur í kjölfarið á kommbakkinu í sumar og að Quarashi á fimmtán ára afmæli," segir Egill Ólafur Thorarensen „Tiny" um útgáfu rappsveitarinnar á veglegum safnpakka sem kallast Anthology.

Þrjár plötur eru í pakkanum sem inniheldur efni sem spannar glæstan feril sveitarinnar og nokkur áður óútgefin lög. „Það er náttúrulega gaman bæði fyrir aðdáendurna og okkur að sjá allt þetta efni komið saman á einum stað og fá heildarsýn yfir þetta."

Quarashi-liðar blása til glæsilegs útgáfuteitis á Prikinu í kvöld kl. 21 til að fagna útgáfunni. Egill vill ekkert gefa upp um hvort sveitin hyggist rifja upp gamla takta um kvöldið. „Það verða hljóðnemi og trommusett þarna en meira get ég ekki sagt. Maður veit aldrei hvað gerist, þetta verður eitthvað fjör." Ekki er hægt að kaupa miða á kvöldið en hægt er að fylgjast með Facebook-síðu Quarashi þar sem heppnir aðdáendur gætu náð sér í miða. -bb



**SAMEINAÐIR** Á safnplötunni má finna bestu lög Quarashi, öll myndbönd sveitarinnar, brot frá tónleikum og áður óútgefin lög.




# JÓLABÆKURNAR

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG SKEIFUNNI,
MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM



30% afsláttur
3.350KR.
~~4.790KR.~~



30% afsláttur
4.120KR.
~~5.899KR.~~



30% afsláttur
3.980KR.
~~5.699KR.~~



30% afsláttur
4.190KR.
~~5.990KR.~~



30% afsláttur
4.180KR.
~~5.980KR.~~



30% afsláttur
3.830KR.
~~5.480KR.~~



30% afsláttur
2.080KR.
~~2.980KR.~~



35% afsláttur
3.690KR.
~~5.680KR.~~



30% afsláttur
3.970KR.
~~5.680KR.~~



30% afsláttur
4.540KR.
~~4.989KR.~~



30% afsláttur
2.790KR.
~~3.990KR.~~



35% afsláttur
2.260KR.
~~3.490KR.~~



30% afsláttur
2.580KR.
~~3.699KR.~~



30% afsláttur
2.650KR.
~~3.799KR.~~

Gildir 11.-13. nóvember.

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

# Á BETRA VERÐI
## Í HAGKAUP




30% afsláttur
3.490KR.
~~4.990KR.~~




35% afsláttur
3.880KR.
~~5.980KR.~~




30% afsláttur
2.660KR.
~~3.800KR.~~




30% afsláttur
3.490KR.
~~4.990KR.~~




30% afsláttur
3.970KR.
~~5.680KR.~~




30% afsláttur
3.980KR.
~~5.690KR.~~




30% afsláttur
4.199KR.
~~5.999KR.~~




30% afsláttur
2.790KR.
~~3.990KR.~~




30% afsláttur
4.190KR.
~~5.999KR.~~




30% afsláttur
2.790KR.
~~3.990KR.~~




30% afsláttur
2.930KR.
~~4.199KR.~~




30% afsláttur
2.440KR.
~~3.490KR.~~




35% afsláttur
2.430KR.
~~3.480KR.~~

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Fólk

folk@frettabladid.is



**1 DOLLARI Á MÁNUÐI** er upphæðin sem fyrirsætan Rosie Huntington-Whiteley mælir með að allar konur leggi til hliðar vikulega þar til þær hafa safnað fyrir pari af Christian Louboutin hælaskóm. Skóparið kostar um 700 dollara og því mun það taka rúm fjórtán ár að safna fyrir þeim ætli fólk að fara að ráðum fyrirsætunnar.

## Pattinson snæðir með aðdáanda

Robert Pattinson hefur viðurkennt að hafa eitt sinn boðið aðdáanda sínum út að borða, því honum leiddist svo mikið. Pattinson var þá staddur á Spáni í kvikmyndatökum og tók eftir stúlku sem hafði beðið fyrir utan íbúð hans á hverjum degi í þrjár vikur.

Margar stúlkur hefðu eflaust viljað vera í hennar sporum þegar hann bauð stúlkunni að eyða kvöldinu með sér. Pattinson segist hafa notað tækifærið til að kvarta undan öllu í lífi sínu yfir kvöldverðinum, en var síðan mjög hissa þegar hann sá stúlkunni aldrei bregða fyrir aftur.



**UMSETINN** Robert Pattinson reynir oftar að fela sig fyrir aðdáendum en að bjóða þeim út.

## Óheppin Osbourne

**Kelly Osbourne varð fyrir því óhappi að fá glóðarauga eftir að hafa verið áhorfandi í leikhúsi. Osbourne var á sýningunni Sleep No More í New York, en þar eiga áhorfendur að taka virkan þátt í sýningunni og byrja á að hlaupa um salinn með grímu fyrir andlitinu. Einhver hrinti Osbourne svo hún þurfti að fá aðhlynningu hjá starfsfólki leikhússins og gekk síðan út blá og marin í framan.**

**Osbourne hefur verið einkar óheppin síðustu daga, en fyrir stuttu fór hún á sjúkrahús með höfuðmeiðsl eftir óhapp á dansgólfi skemmtistaðar.**



**GLÓÐARAUGA Í LEIKHÚSI** Kelly Osbourne var blá og marin eftir leiksýningu í New York. NORDICPHOTOS/GETTY

# STEVE-O HRESS Í HÁSKÓLABÍÓI

**Stóri salur Háskólabíós var fullur af eftirvæntingarfullum aðdáendum sprelligosans Steve-O, sem er hvað þekktastur fyrir uppátæki sín í sjónvarpsþáttunum Jackass. Uppistandi grínistans var vel tekið af áhorfendum, sem höfðu sérstaklega gaman af því þegar kappinn fór um salinn og lét grínið flæða meðal áhorfenda.**



**GAMAN** Vaka og Hrafnhildur stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.



**FÓR MEÐ GAMANMÁL** Sprelligosinn Steve-O er hvað þekktastur fyrir þátttöku sína í sjónvarpsþáttunum og kvikmyndinni Jackass, en honum var vel tekið af íslenskum aðdáendum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SPENNTIR** Haraldur og Rafn mættu í Háskólabíó til að láta skemmta sér.



**SKELLIHLÆJANDI** Áhorfendur veltust um af hlátri yfir bröndurum Steve-O.



**ÓFEIMINN** Steve-O stökk út í sal og lét áhorfendur aðstoða sig í gríninu við mikinn fögnuð.



**GÓÐIR** Lúlli og Ingi Þór skemmtu sér.



**SKEMMTU SÉR** Vigdís og Ingibjörg höfðu gaman af uppistandinu.



**BROSANDI** Brynja Sif, Lea og Ingunn létu sig ekki vanta.



# Við gerum betur!

## 2011 árgerðir af bílum til kaups eða leigu á einstökum kjörum

## Sparaðu allt að 2 milljónum með kaupum á AVIS bíl

**Fólksbílar, skutbílar, jepplingar og jeppar.**




**VW Polo**
1,2 TDI | Diesel

| | |
|---|---|
| Nýr bíll: | 2.580.000 kr. |
| ***AVIS bíll:** | **2.060.000 kr.** |
| Kaupauki: | 150.000 kr. |
| **Þú sparar:** | **670.000 kr.** |

**Nissan Qashqai**
sjálfskiptur

| | |
|---|---|
| Nýr bíll: | 5.440.000 kr. |
| ***AVIS bíll:** | **4.340.000 kr.** |
| Kaupauki: | 200.000 kr. |
| **Þú sparar:** | **1.300.000 kr.** |

**Kia Cee'd Wagon**
5 dr LX 1,6 | Diesel, sjálfskiptur

| | |
|---|---|
| Nýr bíll: | 3.797.000 kr. |
| ***AVIS bíll:** | **3.097.000 kr.** |
| Kaupauki: | 150.000 kr. |
| **Þú sparar:** | **850.000 kr.** |

ENNEMM / SÍA • NM48876

**Komdu og skoðaðu úrvalið í Knarrarvogi 2**
**S. 591 4000 · avisbilar.is**

AVIS
Við gerum betur.

* AVIS bílar eru nýskráðir vorið 2011 og eknir rúmlega 20.000 km.
Kaupauki er í formi gjafakorts frá Íslandsbanka.
Verð nýrra bíla skv. verðupplýsingum frá bílaumboðum 10. nóv.



**STRÖNG** Madonna er ströng móðir og sér til þess að börn sín sinni náminu vel. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ströng móðir

**Madonna er strangt foreldri og segist sjá til þess að Lourdes, elsta dóttir söngkonunnar, vinni ávallt heimavinnu sína áður en hún fer og sinnir áhugamálum sínum.**

**Madonna og Lourdes hanna saman fatalínu sem heitir Material Girl eftir einum smelli söngkonunnar. „Heimavinnan er alltaf í fyrsta sæti hjá Lourdes. Við leggjum mikla áherslu á menntun á mínu heimili. Lourdes elskar tísku og er dugleg að aðstoða við línuna okkar, ég stend meira í skugganum og fylgist með. Hún heldur líka úti bloggi tengdu línunni og ég les það alltaf yfir og sé til þess að hún geri það almennilega,“ sagði Madonna.**

# Hefur aldrei hitt Íslending

**Plötusnúðurinn Neil Armstrong kemur fram á Vegamótum í kvöld. Hann spilaði á tónleikaferðalagi Jay-Z um allan heim og hefur unnið með listamönnum á borð við Puff Daddy, Timbaland og Coldplay.**



**DJ NEIL ARMSTRONG** Þekkir ekkert til Íslands né íslenskrar tónlistar en ætlar að skemmta Íslendingum á Vegamótum í kvöld.

Dj Neil Armstrong lendir á Íslandi í dag og treður upp á Vegamótum í kvöld ásamt Jay-O og Benna B-Ruff. Veislan byrjar klukkan 23 og það er ókeypis inn. Fréttablaðið heyrði stuttlega í Armstrong, sem er spenntur fyrir kvöldinu í kvöld.

*Jæja, Neil. Ertu eitthvað skyldur geimfaranum?*

„Nei, en ég var skírður eftir honum.“

*Þú hefur ferðast um allan heim og troðið upp á mörgum flottum stöðum. Er þessi ferð til Íslands bara eins og hver annar dagur í vinnunni?*

„Ég hef fengið tækifæri til að koma fram sem plötusnúður í öllum heimsálfum nema á Suðurskautslandinu þannig að ferðalög eru næstum því daglegt brauð. En þetta er í fyrsta skipti sem ég kem til Íslands svo ég er mjög spenntur að sjá hvernig það er.“

*Hverju mega gestir á Vegamótum búast við frá þér í kvöld?*

„Ég er klárlega hipphopp/urban-plötusnúður út í gegn enda hef ég unnið með Jay-Z og túrað fyrir Adidas en það eru ýmsir stílar í gangi innan þeirrar stefnu. Þar má nefna „Old School“-sándið, sálarhlutann og nýlega dótið sem jaðrar við dans og teknó. Sem plötusnúður er maður að tala við áhorfendaskarann – fólkið ákveður í raun hvað er spilað en plötusnúðurinn þarf að reiða það fram með eigin persónulegu bragði. Fólkið getur klárlega búist við flottri tónlist og góðri skemmtun frá mér í kvöld.“

*Þekkirðu eitthvað til íslenskrar tónlistar?*

„Þó að ég hafi ferðast víða hef ég aldrei hitt nokkurn mann frá Íslandi! Tónlist er þó alþjóðlegt tungumál og ég er spenntur að heyra hvað íslenska menningin býður upp á,“ segir Armstrong, sem kveðst ætla að skoða sig um sem ferðamaður í Reykjavík. Hann vonast jafnframt til þess að geta slappað af í heitri laug.

*Eitthvað að lokum?*

„Mér skilst að Íslendingar elski að skemmta sér þannig að ég vil hvetja þá til að koma í kvöld og fá að kynnast alvöru New York-menningu.“

**hdm@frettabladid.is**

# Faðir í níunda sinn

**Mel Gibson er sagður hafa barnað bandaríska raunveruleikastjörnu sem hann átti í stuttu sambandi við. Fyrir á Gibson átta börn, sjö með fyrrverandi eiginkonu sinni, Robyn Denise Moore, og eitt með fyrrverandi sambýliskonu sinni, Oksönu Grigorievu.**

**Raunveruleikastjarnan Laura Bellizzi átti í stuttu sambandi með leikaranum, sem stóð yfir allt síðastliðið sumar. „Laura er mjög leyndardómsfull og vill lítið segja um faðerni barnsins öðrum en sínum nánustu. Það er farið að sjást á henni og í kjölfarið vakna spurningar um faðernið,“ hafði Star Magazine eftir heimildarmanni.**



**Á VON Á BARNI** Mel Gibson er sagður hafa barnað bandaríska raunveruleikastjörnu. Hann á átta börn fyrir. NORDICPHOTOS/GETTY


WAREHOUSE

KJÓLADAGAR
Í WAREHOUSE

FULLT AF
FLOTTUM KJÓLUM
Á
30%
AFSLÆTTI

Warehouse Kringlunni
s. 517 3290

Warehouse Debenhams
s. 522 8000

Finndu okkur á facebook




# Leita að íbúð saman

Samband Blake Lively og Ryans Reynolds blómstrar og nú hefur sá orðrómur farið á kreik að parið sé að leita sér að íbúð saman.

Parið á að hafa skoðað þakíbúð nærri Madison Square Park í New York nýlega og litist vel á. Lively býr sjálf í Chelseahverfinu í New York á meðan Reynolds er nú staddur í Boston þar sem hann er við tökur á nýrri kvikmynd. Parið hefur verið að hittast undanfarinn mánuð, en áður var Lively í sambandi með Leonardo DiCaprio. „Þegar þau yfirgáfu bygginguna fór Blake fyrst út og beint inn í leigubíl, stuttu síðar kom Ryan út og stökk inn í sama bíl,“ sagði sjónarvottur.



**LEITA AÐ ÍBÚÐ** Blake Lively og Ryan Reynolds eru sögð vera að leita sér að íbúð saman. NORDICPHOTOS/GETTY


krakkasíðan
krakkar@frettabladid.is





Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

# Eins og sniðin fyrir þig ...



**25% afsláttur af öllum fylgihlutum fyrir saumavélar**



## Velkomin á bútasaumsdaga föstudag og laugardag

### Kynning á útsaumsvélum

Á laugardaginn kl. 11–16 kynnir **sérfræðingur frá Husqvarna í Svíþjóð útsaumsvélar og saumaforrit.** Úrval af bútasaumsdiskum til að quilta.



**Pfaff Ambition 1.0**

Ný saumavél frá Pfaff með innbyggðum yfirflytjara og 27 bútasaumssporum.
Verð 119.900 kr.
**Kynningarverð 99.900 kr.**
**Takmarkað magn!**



**Husqvarna Sapphire 835**

Flott bútasaumsvél frá Husqvarna með 25 cm fríarmi og 20 bútasaumssporum.
Verð 144.900 kr.



**Singer Heavy duty 4423**

Sterk og góð saumavél frá Singer
Verð 59.900 kr.
**Tilboð 49.900 kr.**
**Takmarkað magn!**



**Husqvarna 5D Extra Útsaumsforrit**

Verð 79.900 kr.
**Tilboð 59.900 kr.**

**Síðustu eintök!**



**Singer Curvy 8763**

Verð 59.900 kr.
**Tilboð 44.900 kr.**

**Síðustu eintök!**



**Singer Tradition 2273**

Verð 39.900 kr.
**Tilboð 29.900 kr.**

**Síðustu eintök!**



**Husqvarna Emerald 183**

Verð 99.800 kr.
**Tilboð 79.900 kr.**



**Singer Fatapressa ESP2**

Verð 39.900 kr.
**Tilboð 29.900 kr.**

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is • facebook.com/pfaff.is

# GÓÐ DÝNUTILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA 11.11 - 13.11

DREAMZONE™

FULLT VERÐ: 59.950

**39.950**

120 X 200 SM.



YFIRDÝNA INNIFALIN

SPARIÐ 20.000

PLUS
ÞÆGINDI & GÆÐI

**PLUS B10 boxdýna**
Tvöfalt gormalag. Fallegt og vatterað, jaquardofið áklæði. Í efra lagi eru 206 LFK gormar pr. $m^2$ og í neðra lagi dýnunnar eru 150 BONELL gormar pr. $m^2$. Miðlungsstíf dýna. Innifalið í verði er 5 sm. þykk og góð yfirdýna. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri og gegnheilli furu. Verð án fóta.
Fætur verð frá: **4.995**

LFK gormar · Smáir BONELL gormar · Svampur · Yfirdýna · Miðlungs · 10 ár dýna Ábyrgð · 2 ár áklæði Ábyrgð · Dönsk gæða-framleiðsla

FULLT VERÐ: 9.995

**5.995**



40% AFSLÁTTUR

**TRINE gestarúm**
Góð lausn er gest ber að garði. 5 sm. þykk svampdýna. Stærð: B80 x L193 sm.

FULLT VERÐ: 9.995

**5.995**



40% AFSLÁTTUR

**HANDY dýna**
Flott dýna sem hægt er að leggja saman. Tekur lítið pláss!

Sweet Dreams

SPARIÐ 20.000



ÁFÖST YFIRDÝNA

FULLT VERÐ: 69.950

**49.950**

90 X 200 SM.

**SWEET DREAMS amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 BONNELL gormar pr. $m^2$. Fætur fylgja með.

Miðlungs · 10 ár dýna Ábyrgð · 2 ár áklæði Ábyrgð · BONELL gormar · Svampur · Yfirdýna

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is


1 RÚLLA VERÐ FRÁ:
159
Jólapappír
Mikið úrval af fallegum jólapappír!
FULLT VERÐ: 2.995
1.995
SPARIÐ 1.000
20% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 2.495
1.995
ALLT SETTIÐ
279
Límbönd + statíf
Límbandsstatíf ásamt 5 límbandsrúllum saman í pakka.
4 STK. JÓLANISSAR
995
LÖBER
995
MARY löber
Stærð: 20 x 160 sm.
Engill
Sætur engill með ljósi. Hæð: 23 sm.
MEÐ LJÓSI
1.495
1 STK. ÁÐUR: 695
499
28% AFSLÁTTUR
Jólahandklæði
Sæt jólahandklæði
Stærð: 40 x 71 sm.
Tvær gerðir.
FULLT VERÐ: 1.295
995
23% AFSLÁTTUR
Jólahús með ljósum
Lítið jólahús með ljósum.
Gengur fyrir rafhlöðum.
ALLT FYRIR JÓLIN!
TILBOÐIN GILDA 11.11 - 13.11
VAXDÚKAR VERÐ PR. MTR. FRÁ:
595
ORGANZA-EFNI 1 RÚLLA 30 X 500 SM.
995
SANTA jólasveinakerti
Dagatalskerti hæð: 33 sm. 1.695
Jólasveinakerti hæð: 9 sm. 795
MINNA KERTIÐ
795
6 STK. Í PAKKA
99
Merkimiðar
Nokkrar gerðir. 6 stk. í pakka.
6 STK.
Lukt
Fæst í 4 litum.
Hæð: 24 sm.
Gengur fyrir rafhlöðum.
LUKT
1.495
KAPPI PR. MTR. FRÁ:
895
KAREE jólakappar
Efni: 100 polyester. Kappi breidd 40 sm. verð pr. mtr. 895 Kappi breidd 55 sm. verð pr. mtr. 995
MEÐ 100 LJÓSUM
2.995
1 STK.
299
Dagatalskerti
Nokkrar tegundir.
JÓLATRÉ MEÐ LJÓSI
1.495
Jólatré með ljósi
Með flottu LED ljósi sem breytir um lit.
Hæð: 18 sm.
3 RÚLLUR Í PAKKA
199
Pakkabönd
3 rúllur í pakka. Magn: 10 mtr. á rúllu.
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
Jólasveinahúfa með fléttum
Þú kemst í jólaskap með þessa húfu!
MEÐ FLÉTTUM
299

# Hugleikur tekur aftur fyrir erlenda stórsmelli

**Hugleikur Dagsson hefur sent frá sér aðra Popular Hits-rassvasabók. Emilíana Torrini skrifar formála bókarinnar, en hún er einlægur aðdáandi Hugleiks.**




**SVONA ERU JÓLIN**
**Hugleikur** leggur eigin skilning í um 60 lög í bókinni Popular Hits II. **Emilíana Torrini** skrifar formála bókarinnar.

„Það er gott að gera myndasögur á ensku, vegna þess að fólk mun alltaf kaupa þær. Það eru alþjóðlegir lesendur,“ segir skopmyndateiknarinn og uppistandarinn Hugleikur Dagsson.

Popular Hits II kemur út í dag, en hún fylgir eftir sams konar bók sem kom út í fyrra. Í bókunum teiknar Hugleikur myndir við þekkt erlend lög og leggur eigin skilning í merkingu þeirra. Hugleikur hefur einnig sent frá sér tvær sams konar bækur á íslensku sem nefnast Íslensk dægurlög.

„Mér skilst að Popular Hits eitt hafi selst stöðugt og seljist alltaf vel,“ segir Hugleikur spurður um sölutölur. „Hún hefur verið stanslaust á topp tíu listum í Eymundsson … eða Máli og menningu. Myndasögubækur eru miklu algengara lesefni erlendis heldur en hér.“

Emilíana Torrini skrifar formála Popular Hits II. Hugleikir segir að það hafi legið beinast við að fá hana, enda syngur hún á ensku og bókin tekur einmitt fyrir enska lagatitla. En hafði hún eitthvað fallegt að segja um þig?

„Hún hafði gífurlega fallega hluti að segja.“

Kom það þér á óvart?

„Öhm. Nei.“

Þekkirðu hana?

„Nei, þekki hana ekki að ráði. Hún hefur keypt myndir af mér. Þannig að ég notaði tækifærið og bað hana um að gera eitt stykki formála. Hún hikaði ekki. Hún var meira en til í það, enda einlægur aðdáandi.“

Mynd sem Hugleikur teiknaði eftir laginu Anarchy in the UK fór á mikið flug í kjölfar útgáfu fyrri bókarinnar og dreifðist hratt um netheima. Óprúttnir aðilar reyndu að selja hana á bolum og á vefsíðunni 9gag.com birtast reglulega skopstælingar af myndinni. Spurður hvort hann búist við að mynd í nýju bókinni taki viðlíka flug segir hann erfitt að sjá það fyrir. „Þetta er svo ófyrirsjáanlegt. Þessi UK-mynd var alltaf ein af mínum uppáhalds, en ég bjóst aldrei við að henni yrði dreift svona svakalega á myndavefjum,“ segir hann. Hann spáir því að myndin hér til hliðar, sem er teiknuð eftir frægu jólalagi, verði næsta mynd sem fer á flakk.

Hugleikur og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, söngkona FM Belfast, kynna rassvasabækur sinar í bókabúð Máls og Menningar á morgun. Hún sendir frá sér bókina Generalizations about Nations, sem er ensk útgáfa bókarinnar Alhæft um þjóðir.

atlifannar@frettabladid.is

# Gervais býður tvo fyrir einn

Ricky Gervais hefur boðið framleiðendum Golden Globe og Óskarsins svokallað tvo fyrir einn-tilboð, það sé nefnilega lítið mál fyrir hann að vera kynnir á báðum verðlaunahátíðunum. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum er Eddie Murphy hættur við að vera kynnir á Óskarnum eftir að leikstjórinn Brett Ratner hætti við að leikstýra hátíðinni. Ratner hafði þá orðið uppvís að meiðandi ummælum um samkynhneigða.

